GUÐJÓN Þ. PÁLMARSSON

*Villimanna-sushi ætti að snæða ber að ofan*

matur

allt Í MIÐJU BLAÐSINS



ÁSTA DÓRA EGILSDÓTTIR

*Kom, sá og sigraði*

Hlaut tvenn verðlaun í óvenjulegri fegurðarsamkeppni

FÓLK 44




Blómalist

Bæjarhrauni 2

s. 565 0300

Opnunartilboð alla helgina



# FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

20. apríl 2007 — 106. tölublað — 7. árgangur

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI

Sími: 550 5000


## FÖSTUDAGUR

### Horft inn um skráargatið



Elva Ósk Ólafsdóttir leikkona ræðir um hálan ís.

MENNING 34

### Sinfónía fyrir börn



Þorvaldur Bjarni Þorvaldsson breytir Ávaxtakörfunni í sinfóníu.

FÓLK 54

### Kraftaverkamaður

Undir stjórn Guðmundar Ágústs Ingvarssonar hefur stjórn HSÍ grynnkað skuldir sambandsins um hátt í 200 milljónir króna á tíu árum.

ÍÞRÓTTIR 48

### sirkus

Ágústa Eva er meira en bara Silvía Nótt.

FYLGIR FRÉTTABLAÐINU Í DAG



### VEÐRIÐ Í DAG




**RIGNING EÐA SLYDDA** í dag verður austan strekkingur eða allhvasst allra syðst annars hægari. Rigning eða slydda víða um land þegar kemur fram á daginn, síst þó norðaustan til. Hiti 2-7 stig, mildast síðdegis.

VEÐUR 4








**ÓSKIPT ATHYGLI** Vegfarendur við Lækjartorg gleymdu í gær amstri hversdagsins og fylgdust af áhuga með fimum tilburðum fjöllistamanns í háloftunum í blíðskaparveðri þennan fyrsta sumardag. Í baksýn eru brunarústirnar sem augu allra beindust að í fyrradag.

FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL

# Íbúar í Lækjargötu flúðu stórbrunann

**Margir rýmdu heimili sín vegna brunans í miðbænum. Um 100 einstaklingar missa vinnuna. Eldsupptök eru ókunn og ekkert er útilokað í rannsókninni.**

**ELDSVOÐI** „Við þurftum að yfirgefa íbúðina okkar strax vegna reykjarlyktar. Ég er ófrísk og vil ekki taka neina áhættu. Vonandi verður þetta allt í lagi," segir Karin Kristina Sandberg hjúkrunarfræðingur sem ásamt unnusta sínum þurfti að flýja heimili sitt í Lækjargötu. Verið er að meta hversu mikið tjón hefur orðið á innbúi þeirra. „Við þurfum svo að þrífa öll föt, húsgögn og gluggatjöld. Þetta gat orðið miklu verra, við vitum það," segir Karin.

Lítið er um íbúðarhúsnæði í nálægð við húsin sem brunnu en tólf íbúðir eru í Lækjargötu 4 þar sem búa um 20 manns. Íbúar þriggja íbúða að minnsta kosti treysta sér ekki til að flytja aftur heim fyrr en búið er að þrífa og meta skemmdir.

Um 100 einstaklingar missa vinnuna vegna brunans og veitingahús eru lokuð vegna reykskemmda. Hreinsunarstarf í verslunum stóð yfir í allan gærdag. Starfsfólk fyrirtækja í nágrenninu óttaðist að eldur myndi læsa sig í fleiri hús. „Við óttuðumst að þetta færi lengra því lögreglan sagði að eldurinn breiddist svo hratt út," segir María Cecilía Holgersen, vaktstjóri á Korninu.

Vafi leikur á því hvað olli bruninum og lögregla útilokar ekkert í rannsókn sinni. Rannsókn á vettvangi lauk í gær. Stefán Eiríksson, lögreglustjóri höfuðborgarsvæðisins, segir að niðurstöður verði ekki birtar að sinni. Tæknideild lögreglunnar segir upplýsingar um eldsupptökin viðkvæmar og spurður hvort grunur léki á íkveikju segir Stefán að það sé alltaf viðkvæmt mál þegar kviknar í. „Það er ekki tímabært að segja neitt að svo stöddu og við erum að reyna að komast í botn á því hvað þarna gerðist. Við erum ekki búnir að útiloka eitt né neitt, það er allt undir í þessu."

-shá / sjá síður 10 og 11

### Örnólfur Thorsson forsetaritari segir það brot á reglum að selja fálkaorður:

# Fálkaorða til sölu á 700 þúsund

**UPPBOÐ** „Það eru ekki til það margar íslenskar orður, þetta er lítið land. En heimurinn er stór og það er alltaf hægt að finna einhvern áhugasaman," segir Najafgholi Chalabiani, kaupmaður í Kanada, sem býður tólf íslenskar fálkaorður til sölu á heimasíðu sinni. Dýrasta fálkaorðan sem Chalabiani býður til sölu er verðlögð á um 700 þúsund íslenskar krónur.

Örnólfur Thorsson forsetaritari kannast við að íslenskar orður hafi verið boðnar til sölu á vefsíðum á borð við eBay. Hann segir að samkvæmt reglum sé óheimilt að selja orðurnar. „Það eru ákveðnar reglur um fálkaorðuna, og þær fela í sér að eftir að sá sem ber fálkaorðu er fallinn frá beri erfingjum að skila henni til embættisins," segir Örnólfur.

Ómögulegt er að segja til um hvort umræddar orður eru ósviknar. Örnólfur segir að ekki sé til skrá yfir alla þá sem fengið hafa fálkaorðuna á lýðveldistíma en það standi þó til bóta. Þar að auki eru fálkaorður ekki númeraðar eða merktar sérstaklega, sem gerir erfiðara um vik að þekkja falsanir frá ósviknum orðum.

-sun / sjá síðu 54


KVÓTAKERFIÐ ER JAFN FJANDSAMLEGT FISKINUM Í SJÓNUM OG FÓLKINU Í LANDINU!

www.xf.is

Frjálslyndi flokkurinn


### Vetur og sumar frusu saman:

# Stefnir í veðursælt sumar

**VEÐUR** Það þykir boða gott sumar ef vetur og sumar frjósa saman. Frost var um allt land aðfaranótt sumardagsins fyrsta og því má reikna með að sumarið verði gott um allt land. Að minnsta kosti ef eitthvað er að marka þjóðtrúna.

„Mér finnst að svona trú eigi að fá að njóta vafans. Við verðum að treysta því að forfeður og formæður okkar hafi haft eitthvað fyrir sér í þessu," segir Þór Jakobsson veðurfræðingur. „Ég held sjálfur að sumarið verði í mildara lagi og kannski aðeins rakara en vejulega," segir Þór sem var nýlega gerður að heiðursfélaga í veðurklúbbi dvalarheimilisins Lundar á Hellu. Þar styðjast menn við óhefðbundnar og hefðbundnar veðurspár.

Í gær var blíða um mest allt land og landsmenn nutu sólargeislanna. Mest fór hitinn í 7,2 stig á Eyrarbakka.

- þo

### Sumrinu fagnað í Höfn:

# Þúsund Íslendingar stigu trylltan dans

**TÓNLEIKAR** Þeir rúmlega þúsund Íslendingar sem mættu á tónleika Stuðmanna og Sálarinnar í Kaupmannahöfn á miðvikudagskvöldið til að fagna vetrarlokum, urðu ekki fyrir vonbrigðum. Stemningin var frábær og voru báðar hljómsveitir í essinu sínu.



EYJÓLFUR KRISTJÁNSSON

Sigurður K. Kolbeinsson, skipuleggjandi tónleikanna, sagði þó Eyjólf Kristjánsson hafa stolið senunni. Hann söng Nínu og Danska lagið og trylliti tónleikagesti á slíkan hátt að jafnvel fínustu frúr dönsuðu uppi á borðum og sungu hástöfum með. Stefnt er að því að halda svipaða tónleika á næsta ári.

-óhþ / sjá Sirkus




## SPURNING DAGSINS



*Randver, látið þið ekki undan Pressu?*

„Nei, það gerum við alls ekki.“

Sagt var frá því í Fréttablaðinu í gær að nokkuð margir ungir leikarar hefðu hafnað hlutverkum í nýju sjónvarpsþáttaröðinni Pressu vegna ósættis um launamál. Randver Þorláksson er formaður Félags íslenskra leikara.

Skíðakrakkar af öllu landinu eru saman komnir á Andrésar andar-leikunum:

# Tilbúinn snjór til bjargar skíðamóti

**ÍÞRÓTTIR** Þrítugustu og fyrstu Andrésar andar-leikarnir voru settir í íþróttahöllinni á Akureyri á miðvikudagskvöld. Um 800 börn á aldrinum 6 til 14 ára eru í bænum vegna leikanna sem hafa farið afar vel fram.

„Þetta gengur bara snilldarvel. Við fengum brakandi blíðu á fimmtudag þannig að hér í fjallinu voru 800 brosandi börn og álíka margir brosandi foreldrar,“ segir Ingólfur Gíslason, formaður Andrésar andar-nefndarinnar.

Skíðabörnin og aðstandendur þeirra troðfylltu íþróttahöllina á miðvikudagskvöld og segir Ingólfur að stemningin hafi verið eins og á Ólympíuleikunum.

„Það er gaman að sjá að nú eru fleiri keppendur en í fyrra svo snjóleysið virðist ekki hafa áhrif á skíðaáhugann,“ segir Ingólfur og bætir því við að snjóframleiðslan í Hlíðarfjalli hafi svo sannarlega sannað gildi sitt. „Það er lítill náttúrulegur snjór í fjallinu og alveg ljóst að þessir leikar væru ekki í gangi núna ef ekki væri fyrir snjóbyssurnar,“ segir Ingólfur. - þo



**UNGIR SKÍÐAGARPAR** Þessir knáu skíðakrakkar voru meðal keppenda í Hlíðarfjalli í gær. Andrés önd var að sjálfsögðu á sínum stað. FRÉTTABLAÐIÐ/N4

Fíkniefnaneysla í Garðabæ:

## 16 handteknir í heimahúsi

**LÖGREGLUMÁL Lögreglan á höfuðborgarsvæðinu handtók 16 manns í húsi í Garðabæ í gærmorgun. Fólkið var undir áhrifum fíkniefna.**

**Að sögn lögreglu barst tilkynning frá borgara, um klukkan 10 um morguninn, að mikil fíkniefnaneysla ætti sér stað í samkvæmi. Á vettvangi fannst talsvert magn fíkniefna af ýmsum gerðum og greinileg merki um neyslu.**

**Fólkið brást illa við lögreglunni sem handtók stóran hluta gestanna, eða 16 manns, sem fyllti fangageymslur lögreglunnar á Hverfisgötu og í Hafnarfirði. Allt tiltækt lið lögreglunnar sinnti útkallinu.** - þo



**KNÚTUR** Nú fylgjast vökul augu lífvarða með ísbirninum Knúti.

15 lífverðir gæta ísbjarnar:

## Knútur í gæslu eftir morðhótun

**ÞÝSKALAND** Ísbjarnarhúnninn Knútur nýtur nú gæslu fimmtán öryggisvarða í dýragarðinum í Berlín eftir að honum bárust líflátshótanir.

Þýska dagblaðið Bild greinir frá því að dýragarðinum hafi borist handskrifað bréf þar sem bjarnarhúninum er hótað lífláti. Þýska lögreglan vill ekkert frekar segja um efni bréfsins. Hún tekur það þó mjög alvarlega og sendi lögreglu á vettvang um leið og bréfið barst og tóku fjórir lögreglumenn sér þegar í stað stöðu við búr hans. - sh

# Skelfileg aðkoma á lager tölvuverslunar

**Gríðarlegt tjón varð í tölvuverslun á Vitastíg þegar heitavatnslögn gaf sig í miðborg Reykjavíkur á miðvikudagskvöld. Sjóðandi heitt vatn flæddi niður Vitastíg og Laugaveg. Átta vegfarendur leituðu á slysadeild vegna brunasára.**

**LEKI** „Aðkoman var skelfileg og mér sýnist allur lagerinn ónýtur,“ segir Finnbjörn Þorvaldsson, starfsmaður í tölvuversluninni Hugver á Vitastíg 12. Á miðvikudagskvöld rofnaði heitavatnsæð undir gangstéttinni fyrir framan húsið með þeim afleiðingum að 80 gráðu heitt vatn flæddi niður götuna og inn í kjallara hússins. Samkvæmt upplýsingum frá Slökkviliði höfuðborgarsvæðisins var um 100 tonnum af heitu vatni dælt upp úr kjallaranum.

„Við geymum tölvur, skjái og annan dýran búnað þarna á lagernum og þegar verst lét var þar um 30 cm djúpt vatn. Gufan var líka mikil svo það sem blotnaði ekki varð hálf gufusoðið,“ segir Finnbjörn.

Þá lak einnig inn í verslunina sjálfa sem er á jarðhæð og þar urðu talsverðar skemmdir. „Þetta er mjög sorglegt sérstaklega með tilliti til þess að við lentum í vatnstjóni í desember. Þá eyðilagðist stór hluti lagersins og verslunin var lokuð í rúman mánuð meðan verið var að koma öllu í samt horf,“ segir Finnbjörn.

Að sögn Helga Péturssonar, almannatengslafulltrúa hjá Orkuveitu Reykjavíkur, er óvenjulegt að heitavatnsrör rofni með þessum hætti. Svo virðist sem tæring hafi verið komin í rörið og það því gefið sig. Um 40 mínútur liðu frá því tilkynnt var um lekann og þar til búið var að stöðva hann. Þá hafði lögreglan lokað Vitastígnum og hluta Laugavegs fyrir umferð vegna vatnsflaumsins. „Það má segja að það hafi verið lán í óláni að þetta gerðist á þessum tíma sólarhringsins en ekki þegar fleira fólk var á ferli,“ segir Helgi.

Vegfarendur sem áttu leið um svæðið áttu fótum fjör að launa. Sjö manns leituðu á slysadeild vegna brunasára á miðvikudagskvöld og einn í gær. Flestir brenndust á fótum og í flestum tilfellum var ekki um alvarlegan bruna að ræða. Þrír voru þó lagðir inn vegna sára sinna.

Starfsmenn Orkuveitunnar unnu við viðgerð leiðslunnar alla nóttina og var viðgerð lokið um klukkan 11 í gærmorgun.

thorgunnur@frettabladid.is



**VEGSUMMERKI** Viðgerð á heitavatnslögninni lauk í gærmorgun en ummerkin eftir slysið eru mjög mikil. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL



**SJÓÐANDI VATNSFLÓÐ** Vatnið sem flæddi niður Vitastíg og Laugaveg var sjóðandi heitt. Nokkrir vegfarendur brenndust. FRÉTTABLAÐIÐ/HÖRÐUR



**MIKLAR SKEMMDIR** Tölvur og ýmis dýr búnaður verslunarinnar Hugvers skemmdist í vatnslekanum í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL

Baráttunni í Frakklandi lokið:

## Helmingur er enn óákveðinn

**FRAKKLAND** Kosningabaráttunni fyrir forsetakosningarnar sem fram fara í Frakklandi á sunnudag lauk í gærkvöldi. Afar mjótt er á munum milli Nicolas Sarkozy, frambjóðanda hægrimanna, og Segolene Royal, frambjóðanda sósíalista, samkvæmt skoðanakönnunum.



**SEGOLENE ROYAL**

Sarkozy hefur ögn betur samkvæmt nýjustu könnun Le Figaro, en þar mælist hann með 28,5 prósenta fylgi, en Royal með 25 prósent. Francois Bayrou er þar spáð 19 prósenta fylgi og þjóðernissinnanum Jean-Marie Le Pen 14 prósentum. Helmingur kjósenda á eftir að gera upp hug sinn. - sh

Ný könnun Capacent:

## Samfylkingin hækkar mest

**KÖNNUN Samfylkingin bætir mest við sig allra flokka í nýrri könnun sem Capacent gerði fyrir Ríkisútvarpið og Morgunblaðið, fær 24 prósent atkvæða og bætir við sig sex prósentustigum úr síðustu könnun.**

**Vinstri græn tapa hins vegar sex prósentustigum og mælast með 19 prósent. Ríkisstjórnin heldur velli samkvæmt könnuninni, með 33 þingmenn. Sjálfstæðisflokkur mælist með 41 prósent atkvæða og Framsóknarflokkur tapar tveimur prósentustigum og mælist með átta prósent. Frjálslyndir mælast með 4,3 prósent, Íslandshreyfingin með 3,3 og Baráttusamtökin með 0,5.** - sh


BÍLL DAGSINS

VOLKSWAGEN BORA

Nýskr. 05.99 - Beinskiptur - Ekinn 111 þús. km. - Allt að 100% lán.




Ingvar Helgason | NOTAÐIR BÍLAR

Opið: Alla virka daga kl. 9:00-18:00 og laugardaga kl. 12:00-16:00. Sími: 525 8020.


Varamaður í hreppsnefnd vill íbúakosningu vegna virkjanaáforma í Þjórsá:

# Kosning um virkjanir ekki útilokuð

**VIRKJANIR** „Ég lít svo á að íbúakosning um þessi mál séu farsælasta leiðin til þess að skapa sátt,“ segir Jóhanna Lilja Arnardóttir, íbúi í Brautarholti og varamaður í hreppsnefnd Skeiða- og Gnúpverjahrepps.

Forsvarsmenn hreppsins hafa það á sínu valdi hvort virkjanaframkvæmdir í neðri hluta Þjórsár ganga eftir eða ekki, í þeirri mynd sem Landsvirkjun áætlar. Íbúar í hreppnum eru rúmlega 500.

Fjallað var um athugasemdir við umhverfismat vegna virkjanaáformanna á fundi hreppsnefndar í vikunni en samtals bárust um 90 athugasemdir.

Sigurður Jónsson, oddviti í Skeiða- og Gnúpverjahreppi, útilokar ekki að það komi til íbúakosningar vegna málsins. „Það hafa ekki borist formlegar óskir um að það fari fram íbúakosning um þessi mál en það er ekki útilokað að svo fari en þá munum við skoða þau mál í sveitarstjórninni. Við förum yfir athugasemdir vegna fyrirhugaðra framkvæmda í vikunni og það liggur fyrir að við þurfum að meta þær og svara þeim hverri fyrir sig.“

> Það hafa ekki borist formlegar óskir um að það fari fram íbúakosning um þessi mál.
>
> **SIGURÐUR JÓNSSON**
> ODDVITI SKEIÐA- OG GNÚPVERJAHREPPS

Landsvirkjun hyggst byggja þrjár virkjanir í neðri hluta Þjórsár fyrir neðan Búrfellsstöðvar. Efsta virkjunin hefur verið nefnd Hvammsvirkjun, næsta Holtavirkjun og neðsta virkjunin Urriðafossvirkjun. Gert er ráð fyrir því að samanlögð stærð lónanna vegna þessara virkjana verði um 21 ferkílómetri en heildarframleiðsla þeirra verður um 255 megavött, sem nemur um 2000 gígavattstundum á ári.

Þorsteinn Hilmarsson, upplýsingafulltrúi Landsvirkjunar, segir undirbúning vegna virkjananna vera langt á veg kominn. „Undirbúningur vegna útboðs fyrir framkvæmdirnar er langt kominn en hann hefur gengið vel. Vitanlega hefur íbúakosningin í Hafnarfirði [vegna fyrirhugaðrar stækkunar álversins í Straumsvík] áhrif á tímapressuna sem var uppi en við ráðgerðum að geta hafið framkvæmdir í haust til þess að geta afhent rafmagn til stækkaðs álvers á tilsettum tíma. Það sem við erum að gera núna er að undirbúa okkur undir að geta hafið framkvæmdir með skömmum fyrirvara.“ - mh



DELL Inspiron 1501

Tilboðsverð 109.900,-

# FERMINGARTILBOÐ

## Á GRENSÁSVEGI ER OPIÐ 10-16 Á LAUGARDÖGUM



Kodak myndavél
Easyshare V610

Tilboðsverð 25.900,-



vMax spilari
Mp3, videó, FM útvarp og 2 GB minni

Tilboðsverð 14.900,-



Hantarex LCD sjónvarp
20" með innbyggðum DVD spilara

Tilboðsverð 69.900,-



Office 2007
Home and student edition

Tilboðsverð 14.900,-



Unicorn - mv5000
Sjónvarpsflakkari m/320 GB hd.

Tilboðsverð 29.900,-



Tempo
Armband fyrir iPod Nano

Tilboðsverð 3.900,-

Það er til lausn á öllu

www.ejs.is // Grensásvegi 10, Reykjavík / 563 3000 // Tryggvabraut 10, Akureyri / 463 3000

EJS

## GENGIÐ 18.04.2007

| GJALDMIÐLAR | KAUP | SALA |
|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | 64,81 | 65,11 |
| Sterlingspund | 130,31 | 130,95 |
| Evra | 88,11 | 88,61 |
| Dönsk króna | 11,82 | 11,89 |
| Norsk króna | 10,885 | 10,949 |
| Sænsk króna | 9,567 | 9,623 |
| Japanskt jen | 0,5457 | 0,5489 |
| SDR | 98,86 | 99,44 |

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR
119,5582

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Mál Jónasar Garðarssonar verður tekið fyrir í Hæstarétti í dag:

# Fékk þyngsta dóm sögunnar

**DÓMSMÁL** Málflutningur í Hæstarétti í máli ákæruvaldsins gegn Jónasi Garðarssyni, fyrrverandi formanni Sjómannafélags Reykjavíkur, fer fram í dag. Jónas var dæmdur í þriggja ára óskilorðsbundið fangelsi fyrir manndráp af gáleysi en Matthildur Harðardóttir og Friðrik Ásgeir Hermannsson létust er skemmtibátur Jónasar steytti á Skarfaskeri í september 2005. Dómur Jónasar er þyngsti dómur sem einstaklingur hefur fengið hér á landi fyrir manndráp af gáleysi.

Jónas hélt því fram fyrir dómi að Matthildur hefði stýrt bátnum er slysið varð en á það féllst dómurinn, sem var fjölskipaður, ekki. Í dómsorði er Jónas sagður hafa gerst sekur um „það óskaplega tiltæki“ að bera það upp á látna konu að hafa stýrt bátnum er augljóst hefði verið, út frá því er fram kom fyrir dómi, að hann hefði verið undir áhrifum áfengis við stýrið er báturinn steytti á skerinu.

Jónas var auk þess dæmdur til þess að greiða aðstandendum Matthildar og Friðriks Ásgeirs níu milljónir króna í miskabætur auk fjögurra milljóna í sakarkostnað.

Jónas áfrýjaði dómi héraðsdóms en rúmir tíu mánuðir eru síðan dómur var kveðinn upp í héraðsdómi. - mh



**ÚR DÓMNUM** Jónas sést hér mæta í Héraðsdóm Reykjavíkur er mál hans var tekið fyrir á vormánuðum á síðasta ári. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Íraskir lögreglumenn myrtir:

# 20 teknir af lífi á myndbandi

**KAÍRÓ, AP Íraskir uppreisnarmenn undir stjórn al-Kaída hryðjuverkasamtakanna sendu frá sér myndband í gær þar sem tuttugu íraskir lögreglumenn sjást teknir af lífi. Mennirnir sem eru bundnir og keflaðir voru skotnir í höfuðið hver á fætur öðrum.**

**Herskáir súnnímúslímar fullyrtu á laugardag að þeir hefðu mennina tuttugu í haldi og hótuðu að myrða þá ef íraska ríkisstjórnin leysti ekki úr haldi nokkra kvenkyns fanga og afhentu þeim einnig lögreglumenn sem sakaðir höfðu verið um nauðgun. Ekki hefur fengist staðfest hvort myndbandið er ósvikið. - sh**

Héraðsdómur Reykjaness:

# Piltur dæmdur fyrir þjófnaði

**DÓMSMÁL Nítján ára piltur var dæmdur í fjögurra mánaða skilorðsbundið fangelsi fyrir þjófnaði og tilraun til þjófnaðar sem hann framdi fyrir tæpum tveimur árum. Hann var auk þess dæmdur til 30 þúsund króna sektargreiðslu.**

**Jafnaldri hans var við sama tilefni dæmdur til að greiða 100 þúsund krónur í sekt vegna líkamsárásar og fyrir vörslu fíkniefna.**

**Alls voru þrír menn ákærðir í alls sjö liðum í málinu. - þsj**

Íslandshreyfingin í Norðvestri:

# Pálína Vagnsdóttir í forystu

**STJÓRNMÁL** Pálína Vagnsdóttir, athafnakona úr Bolungarvík, leiðir lista Íslandshreyfingarinnar – lifandi lands – í Norðvesturkjördæmi. Næstu fjögur sæti á listanum skipa Sigurður Valur Sigurðsson, ferðamálafræðingur frá Akranesi, sem er í öðru sæti, Sólborg Alda Pétursdóttir, kennari úr Skagafirði, sem skipar þriðja sætið, Guttormur Hrafn Stefánsson, bóndi í Skagafirði, er í fjórða sæti og Kristján S. Pétursson, nemi frá Ísafirði, situr í fimmta sæti. - sbt

## LEIÐRÉTTINGAR

Ranglega var sagt í Fréttablaðinu í fyrradag að Menningarsjóður hefði styrkt tiltekna menn til bókaskrifa. Hið rétta er að sjóðurinn veitir styrki til útgáfu.

Sagt var í myndatexta á forsíðu Fréttablaðsins í fyrradag að Árni Kópsson kafari væri á myndinni. Það er ekki rétt. Á myndinni voru nokkrir menn en Árni var ekki einn þeirra.

# Líkir dauða sínum við píslargöngu Krists

**Sjónvarpsstöðin NBC sýndi í gær myndbönd og ljósmyndir sem fjöldamorðinginn úr Tækniháskólanum í Virginíu gerði og sendi NBC á milli árásanna tveggja. Sýningin hefur vakið óhug og hörð viðbrögð aðstandenda og lögreglu.**

**VIRGINÍA, AP** Cho Seung-hui sem skaut 32 til bana og fyrirfór sér í Virginia Tech-háskólanum í Bandaríkjunum á mánudag sendi sjónvarpsstöðinni NBC pakka með myndböndum, ljósmyndum og texta á milli árásanna tveggja. NBC sýndi myndböndin í gær við litla hrifningu lögreglu og aðstandenda fórnarlambanna og hafa þau vakið mikinn óhug í landinu.

Cho gerði myndböndin og tók ljósmyndir af sjálfum sér á milli árásanna, en þær voru gerðar með um tveggja klukkustunda millibili. Á myndböndunum sést hann tala nokkuð ruglingslega um ákvörðun sína, líkir væntanlegum dauða sínum við píslargöngu Jesú Krists og skellir skuldinni á viðmælandann. Ekki er ljóst að hverjum hann beinir orðum sínum, en líklegt þykir að hann tali til samfélagsins í heild. Þá talar hann um „píslarvotta eins og Eric og Dylan“ og vísar þar til Erics Harris og Dylans Klebold, sem myrtu tólf nemendur í Columbine-háskólanum árið 1999.

Í pakkanum sem hann sendi NBC voru 28 myndskeið, 43 myndir og 23 blaðsíðna yfirlýsing. Á ellefu myndanna sést hann beina skotvopni að sjálfum sér. Þá eru myndir þar sem hann ber hníf upp að hálsinum á sér, auk þess sem hann heldur vígalega á hamri á einni myndinni. Vangaveltur hafa verið uppi um hvort Cho gæti mögulega hafa verið undir áhrifum frá suður-kóresku kvikmyndinni Oldboy, en hamar var einkennisvopn aðalsöguhetju myndarinnar, og þykir stelling Chos á myndinni líkjast mjög atriði úr kvikmyndinni. Aðrir hafa kallað þá kenningu fáránlega.

Lögregla gagnrýndi í gær þá ákvörðun NBC að sýna myndböndin. Þau hefðu lítið upplýsingagildi en væru afar særandi fyrir aðstandendur fórnarlambanna. Nokkrir aðstandendur hættu við að koma fram í viðtali hjá NBC vegna sýningarinnar.

Eins og fram hefur komið var kvartað undan áreiti af hálfu Chos, árið 2005, og í kjölfarið var honum gert að gangast undir geðrannsókn. Læknir taldi hann geta verið hættulegan sjálfum sér og öðrum.

stigur@frettabladid.is




### UMMÆLI CHO Í MYNDBANDINU

„Þá er komið að því. Hérna lýkur þessu öllu. Leiðarendi. Hvílíkt líf sem þetta hefur verið.“

„Þið höfðuð hundruð milljarða tækifæra og leiðir til að koma í veg fyrir daginn í dag. Þið þröngvuðuð mér hins vegar út í horn, gáfuð mér engan valkost. Þess vegna er þessi ákvörðun ykkar og þið hafið blóð á höndum ykkar sem þið getið aldrei þvegið af.“

„Þið hafið skemmt hjarta mitt, nauðgað sál minni og kvalið samvisku mína. Þið hélduð að þið væruð aðeins að eyðileggja aumkunarverðan dreng. Þökk sé ykkur að ég dey hins vegar líkt og Jesús Kristur, til þess að veita kynslóðum veikra og varnarlausra innblástur.“

Viðbrögð við gíslatöku prófuð:

# Platútkall þingmanna fordæmt

**TAPEI, AP** Tveir þingmenn framsækinna demókrata í Taívan eiga yfir höfði sér árs fangelsisvist eftir að hafa tilkynnt um að þrjátíu nemendur og starfsmenn háskóla í landinu hefðu verið teknir í gíslingu á miðvikudag. Þetta gerðu þeir til þess að prófa hversu vel undirbúin þarlend lögregluyfirvöld væru í kjölfar fjöldamorðanna í Tækniháskólanum í Virginíuríki í Bandaríkjunum á mánudag.

Tugir lögreglumanna vopnaðir vélbyssum réðust inn á lóð Háskólans í Taípei eftir tilkynninguna. Talsmaður ríkisstjórnar Taívan fordæmdi athæfi mannanna. Engin dæmi eru um árásir af þessu tagi í landinu. - sh

Ný ríkisstjórn Finna:

# Meirihluti ráðherra er konur

**FINNLAND, AP Konur eru í meirihluta í nýju ríkisstjórninni í Finnlandi. Tólf af tuttugu ráðherrum „hægri-grænnar“ stjórnar Matti Vanhanens forsætisráðherra eru konur. Þetta kemur ekki á óvart þar sem Vanhanen hafði lýst yfir að hann vildi jafnan hlut kynjanna í stjórninni.**



MATTI VANHANEN

**Fimm af átta ráðherrum Miðflokksins eru konur, fjórir af átta ráðherrum Hægriflokksins, báðir ráðherrar grænna og annar tveggja ráðherra Sænska þjóðarflokksins. Þetta er í fyrsta sinn sem fleiri konur en karlar skipa ríkisstjórn Finnlands. - ghs**




## VEÐURSPÁ



Sigurður Þ. Ragnarsson, veðurfræðingur

**VINDASAMIR DAGAR**

**Næstu dagar eru nokkuð vindasamir þegar yfir heildina er litið. Sérstaklega eru það Vestfirðirnir sem eru undir smásjánni. Eru horfur á að á morgun verði hvassviðri eða stormur af norðaustri með snjókomu eða éljum og það er ekki góður kokkteill. Ég hvet því ferðalanga sem leið eiga um Vestfirði að fylgjast með þróun veðursins í dag og auðvitað á morgun.**

**VEÐURHORFUR Í BORGINNI Í DAG**

**Austan 5-10 í dag og rigning. Hiti 3-6 stig.**

*um hádegi »*



*» á morgun*



15-20 m/s á norðvesturfjórðungi landsins annars hægari.

*» sunnudagur*



13-18 m/s á Vestfjörðum annars 5-10 m/s

*um hádegi »*

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| Kaupmannahöfn | 8°C léttskýjað | London | 15°C léttskýjað | Alicante | 20°C léttskýjað |
| Billund | 8°C alskýjað | París | 20°C léttskírt | Mallorca | 19°C léttskýjað |
| Osló | 8°C alskýjað | Frankfurt | 15°C heiðskírt | Basel | 22°C heiðskírt |
| Stokkhólmur | 7°C skúrir | Friedrichshafen | 21°C heiðskírt | Eindhoven | 14°C hálfskýjað |
| Gautaborg | 8°C hálfskýjað | Berlín | 11°C heiðskírt | Las Palmas | 22°C hálfskýjað |

* Vindhraði er í metrum á sekúndu.

# Er grillið klárt?













**Geeta's Mango Chutney** hefur slegið í gegn í Hagkaupum. Nú kynnum við nýjung: **Geeta's Onion Chutney** - þú verður að prófa!




**Eli´s ostakökur**
- Ekta amerískar ostakökur




**Reyktur lax**
- Í sneiðum




**Jóa Fel sósur**
- Frábærar á laxinn

Gildir til 22. apríl eða á meðan birgðir endast.

HAGKAUP
Skemmtilegast að versla

## KJÖRKASSINN



*Á flugvöllurinn að fara úr Vatnsmýrinni?*

| | |
|---|---|
| Já | 47% |
| Nei | 53% |

**SPURNING DAGSINS Í DAG:**

*Á að endurreisa húsin sem brunnu á fimmtudag í sömu mynd?*

Segðu skoðun þína á visir.is. vísir

Utanríkisráðherra vill taka upp eðlileg samskipti við þjóðstjórn Palestínu:

# Verður að hafa Geir með sér

**UTANRÍKISMÁL** „Maður lifandi! Þetta eru stórfelld pólitísk tíðindi," segir Sveinn Rúnar Hauksson, formaður félagsins Íslands-Palestínu, um yfirlýsingu Valgerðar Sverrisdóttur utanríkisráðherra um málefni Palestínumanna.

Valgerður sagði í Fréttablaðinu í gær að hún teldi rétt að koma á eðlilegum samskiptum við þjóðstjórn Palestínumanna. „En svona stórpólitískar ákvarðanir verða ekki teknar í samsteypustjórnum án samþykkis forsætisráðherra. Valgerður verður að hafa Geir Haarde með sér í þessu," segir Sveinn Rúnar.

Málið ætti að vera hafið yfir flokkadrætti, segir Sveinn, því samkvæmt samhljóða þingsályktun frá 1989 viðurkennir Alþingi sjálfsákvörðunarrétt Palestínumanna.



**SVEINN RÚNAR HAUKSSON** Segir að afstaða Íslands geti skipt sköpum til að rjúfa einangrun Palestínumanna á alþjóðagrundvelli. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

„Hvernig getum við þóst viðurkenna sjálfsákvörðunarrétt þjóðar ef við viðurkennum ekki þau stjórnvöld sem hún kýs í lýðræðislegum kosningum?"

Sveinn segir framsóknarmenn ávallt hafa sýnt Palestínumönnum ákveðna samúð. „Forystumenn Framsóknarflokksins hafa alltaf haft svolitla sérstöðu í málefnum Palestínumanna, alveg frá því að Steingrímur Hermannsson fór til Túnis að hitta Arafat. Það voru álíka stór pólitísk tíðindi því þá var enn þá verið að hamra á PLO sem einhverjum hryðjuverkasamtökum," segir Sveinn. Ekki náðist í Geir H. Haarde forsætisráðherra í gær. **- kóþ**

Flutningabifreið valt:

# Kanínur lokuðu þjóðveginum

**UNGVERJALAND, AP Fimm þúsund kanínur trufluðu umferðina á þjóðvegi í Ungverjalandi eftir að flutningabifreiðin sem flutti þær lenti í árekstri og valt á mánudagsmorgun.**

**Loka þurfti þjóðveginum M1 í nokkrar klukkustundir meðan reynt var að safna saman kanínunum. Þjóðvegurinn er aðalumferðaræðin milli Ungverjalands og Austurríkis.**

**Um miðjan dag var búið að hafa uppi á um 4.400 kanínum og flytja þær burt, en um 500 kanínur drápust í slysinu. Hundrað kanínur sluppu en þær verða þó ekki eltar uppi. - gb**


www.velaborg.is S: 414 8600

Dunlop sumardekk með
30% afslætti

Eftirtaldar stærðir til - takmarkað magn

195/60 R14
185/65 R15
195/55 R15
195/60 R15
195/65 R15
235/70 R16
265/75 R16
225/45 R17
235/45 R17
245/40 R17
245/45 R17
275/65 R17




Vélaborg ehf.

Reykjavík Krókhálsi 5F • 110 Reykjavík • Sími: 414 8600 • Fax: 414 8601
Akureyri Njarðarnesi 2 • 603 Akureyri • Sími: 464 8600 • Fax: 464 8601





ÖLL GÖMLU GÓÐU LÖGIN ÞÍN
Á GULL BYLGJUNNI

Gull Bylgjan er á Suðvestur horninu á tíðninni 90,9, á bylgjan.is og Digital Íslandi.

GULL BYLGJAN 909
- ÞESSI GÖMLU GÓÐU!


# Kúabændur skulda 25 milljarða króna

**Skuldir kúabúa hafa aukist síðasta áratug og nema meðalskuldir búanna 33 milljónum. Kúabændur verða af 300 þúsund krónum í ár vegna aðgerða til lækkunar matarverðs. Leiða er leitað til að lækka framleiðslukostnað mjólkur.**

**LANDBÚNAÐUR** Endurnýjun og nýbygging fjósa með tilheyrandi vélabúnaði hefur leitt til verulegrar skuldaaukningar kúabænda. Er talið að heildarskuldir kúabænda nemi 25 milljörðum króna.

Um 760 kúabú eru á Íslandi og sé heildarskuldunum jafnað á þau reiknast skuld hvers bús um 33 milljónir króna.

Meðalskuldir heimilanna í landinu eru 13 milljónir.

Þórólfur Sveinsson, formaður Landssambands kúabænda, segir afstaða bænda hafa breyst fyrir rúma áratug en þá hófst uppbyggingarskeið í greininni eftir langvarandi tímabil stöðnunar. Ekki eru til upplýsingar um eignastöðu kúabænda en í ljósi hækkunar jarðaverðs á síðustu árum telur Þórólfur að eignastaðan hafi styrkst. „En þetta snýst um rekstrarhæfi en ekki eignastöðu og það er óþekkt fyrirbæri að bankastofnun tapi einni einustu krónu á viðskiptum við kúabændur enda pottþétt veð fyrir þessu öllu."

Þórólfur segir mjólkurframleiðslu freka til fjárins – binda þurfi þrjár til fjórar krónur í eignum og aðstöðu fyrir hverja eina krónu í veltu.

Tekjur kúabænda lækka að raungildi á þessu ári frá árinu í fyrra þar sem þeir skuldbundu sig til að hækka ekki heildsöluverð mjólkurvara. Þórólfi reiknast til að tekjuskerðingin nemi tveimur prósentum; 300 þúsund krónum á bú. „Við gengumst inn á þetta og á móti kemur að ekki voru lækkaðir tollar á mjólkurvörur. Við mátum það svo að þetta væri skynsamlegt," segir hann og bætir við að afkoma búanna verði lakari sem þessu nemi þegar upp er staðið. Rekstur kúabúa á síðasta ári hafi hins vegar verið þokkalegur og því hafi menn borð fyrir báru.

Nýafstaðinn aðalfundur kúabænda telur æskilegt að leyfður verði takmarkaður innflutningur erfðaefnis í tilraunaskyni. Með því binda menn vonir við að framleiðslukostnaður mjólkur lækki. Þórólfur segir Landbúnaðarháskólann vinna að hagkvæmniútttekt en sex ára upplýsingar bendi til að með nýju kúakyni sé hægt að lækka framleiðslukostnað hvers mjólkurlítra um tíu krónur. Kostnaðurinn nemur nú 99 krónum. „En þetta tekur langan tíma," segir Þórólfur, „og ekkert liggur fyrir um hvort og þá hvernig þetta yrði gert." **bjorn@frettabladid.is**



FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

**HEY FYRIR MJALTIR** Myndin er tekin í fjósinu hjá Þrándi bónda Ingvarssyni í Þrándarholti.



**ÞÓRÓLFUR SVEINSSON**




>> www.khi.is

Mótaðu framtíð Íslands

> Við Kennaraháskóla Íslands eru nemendur búnir undir leiðtoga- og stjórnunarstörf

> Nám við Kennaraháskólann veitir starfsréttindi á sviði kennslu, uppeldis og umönnunar og er einnig góður undirbúningur fyrir margvísleg önnur störf

> Kennaraháskólinn er leiðandi á sviði fjarkennslu og um helmingur nemenda stundar fjarnám

> Í námi við Kennaraháskóla Íslands er lögð áhersla á tengsl við væntanlegan starfsvettvang, rannsóknir, sköpun og miðlun

B.Ed. nám í grunnskólakennarafræði
B.Ed. nám í leikskólakennarafræði
B.Ed. nám í íþróttafræði
B.S. nám í íþróttafræði
B.A. nám í þroskaþjálfafræði
B.A. nám í tómstunda- og félagsmálafræði

Umsóknarfrestur um grunnnám er til 18. maí

>> Kennaraháskóli Íslands
sími 563 3800 > www.khi.is

PIPAR • SÍA • 70781




**FÖGNUÐU SUMRINU Í LAUGARDALNUM** Það var blíðskaparveður í höfuðborginni í gær, fyrsta sumardag. Ljósmyndari Fréttablaðsins brá sér í Fjölskyldu- og húsdýragarðinn þar sem börn jafnt sem fullorðnir glöddust saman og léku á als oddi í sumarsólinni. FRÉTTABLAÐIÐ / DANÍEL




## EUROVISION-UPPHITUN SPRON

SPRON er bakhjarl Eurovision-hópsins og stendur fyrir Eurovision-stemmningu í öllum útibúum SPRON **í dag**.

Eiríkur Hauksson mætir í SPRON Ármúla 13a kl.14, áritar nýútkominn geisladisk og hver veit nema að hann taki lagið.

**Ferð þú með Eiríki til Helsinki?**
Taktu þátt í leik á spron.is sem stendur frá 20. apríl til 1. maí og þú gætir unnið ferð fyrir tvo til Helsinki og verið með í fylgdarliði Eiríks.

**Fylgstu með á spron.is**
**– hver veit nema þú komist alla leið!**

spron




**Gegn framvísun afsláttarmiða fá viðskiptavinir SPRON 25% afslátt af geisladisknum Valentine Lost í verslunum Hagkaupa.**

**Sjá nánar á spron.is**

HAGKAUP
Skemmtilegast að versla

ARGUS 07-0289

**VEISTU SVARIÐ?**



1 *Við hvaða götur standa húsin sem brunnu í eldsvoðanum í Reykjavík á miðvikudag?*

2 *Hvað hét byssumaðurinn sem myrti 32 nemendur við Virginia Tech-háskólann?*

3 *Hver er slökkviliðsstjóri á höfuðborgarsvæðinu?*

SVÖRIN ERU Á SÍÐU 54

Líffræðingur segir að hundruð fugla gætu drepist vegna olíu úr Wilson Muuga:

# Hefði þurft að vakta svæðið

**HVALSNESFJARA** Ljóst er að fuglar sem fengið hafa olíusmit í fjaðrir eftir strand Wilsons Muuga um áramót skipta hundruðum og að margir þeirra muni deyja. Þetta segir Gunnar Þór Hallgrímsson, líffræðingur á Náttúrustofu Reykjaness, sem fann olíublautan æðarfugl við komuna í Hvalsnesfjöru í fyrradag. Fuglinn drapst síðar um daginn.

Gunnar segir nauðsynlegt að vakta lífríki eftir skipsstrand til þess að hægt sé að fylgjast með hversu mikill skaði verður. „Skipið er farið og við vitum ekki hversu mikil olía fór úr því né hversu margir fuglar fengu olíusmit í fjaðrir. Ef menn hefðu ætlað að reyna að finna út hversu miklum skaða þetta olli hefði þurft að vakta svæðið.“



**GUNNAR ÞÓR HALLGRÍMSSON** Gunnar heldur á olíublautri kollu.

Eigandi skipsins og fulltrúar frá Umhverfisstofu fullyrða að einungis er smurolía hafi lekið úr skipinu þegar verið var að draga það á brott á miðvikudag, og því sé bráðahætta ekki til staðar. „Ég veit ekki mikið um olíur, en ég veit að það fyrsta sem ég sá í fjörunni var olíublautur fugl sem síðan drapst. Það virðist einhvern veginn vera þannig að menn noti magn olíunnar sem mælikvarða á hversu mikill skaði getur orðið. Það sem skiptir ekki síður máli er fjöldi fugla. Þetta er eitt af bestu fuglasvæðum landsins yfir vetrartímann og það þarf ekkert mjög mikla olíu til að valda mjög miklum skaða,“ segir Gunnar, sem hugðist ganga fjöruna aftur í gær. **- sh**

Svíar í írönsku fangelsi:

# Meintum njósnurum sleppt

**ÍRAN, AP Stjórnvöld í Íran hafa ákveðið að náða tvo Svía, sem sátu í haldi fyrir meintar njósnir. Sænskur þingmaður, sem var í heimsókn í Teheran, staðfesti síðdegis á mánudag að mennirnir hefðu verið látnir lausir.**

**Stefan Johansson og Jari Hjortmar, sem fóru til Írans til að kynna gólfflots-múrtækni, voru báðir dæmdir í þriggja ára fangelsi fyrir að ljósmynda hernaðarleg mannvirki í Suður-Íran, að því er íranski dómsmálaráðherrann upplýsti í maí í fyrra. Síðan þá hafði verið unnið að miðlunarviðræðum til að fá mennina lausa. - aa**

**LÖGREGLUFRÉTTIR**

**Maðurinn fundinn**

Maðurinn sem leitað var að í Reykjavík frá því á tíunda tímanum á miðvikudagskvöld fannst heill á húfi um miðjan dag í gær. Alls tóku 150 manns þátt í leitinni að manninum.

**VERÐLAUN**

**Lýsi fær útflutningsverðlaun**

Ólafur Ragnar Grímsson afhenti í gær Lýsi hf. útflutningsverðlaun forseta Íslands á Bessastöðum. Það var Katrín Pétursdóttir framkvæmdastjóri sem veitti verðlaununum viðtöku. Útflutningsverðlaunin eru veitt í viðurkenningarskyni fyrir markvert framlag til eflingar útflutningsverslun og gjaldeyrisöflun íslensku þjóðarinnar.

Fundur Alcan og ráðherra:

# Jón neitar að gefa upp um hvað var rætt

**STÓRIÐJA** Jón Sigurðsson, iðnaðar- og viðskiptaráðherra, segir fund sinn með Wolfgang Stiller, stjórnarformanni Alcan, og Rannveigu Rist, forstjóra Alcan á Íslandi, einungis hafa verið „reglubundinn og venjulegan“ en neitaði að gefa upp að öðru leyti um hvað var rætt. Fundurinn fór fram í iðnaðarráðuneytinu á mánudagsmorgun. „Þetta var venjulegur fundur líkt og við eigum reglulega með ýmsum fyrirtækjum og samtökum,“ sagði Jón en hann vildi ekki greina frá því um hvað var rætt. Þá svaraði hann því til að fundurinn væri ekki á nokkurn hátt í mótsögn við hans eigin orð, um að stjórnvöld hefðu ekki lengur formlega aðkomu að stóriðju. **- mh**



**JÓN SIGURÐSSON**



**JOHAN TIEDEMANN** Segir góðan anda ríkja í stjórnarsamstarfinu. Það sé mjög árangursmiðað. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

# Norrænt samstarf er verðugt verkefni

**Sænski aðstoðarráðherrann Johan Tiedemann, ábyrgur fyrir norrænu samstarfi, segir það eiga verðugan sess í stjórnarstefnu ríkisstjórnar borgaraflokkanna. Of snemmt sé að meta árangur af starfi stjórnarinnar.**

**NORÐURLÖND** Íslenska lífeyriskerfið er meðal þátta sem önnur lönd geta sannarlega öfundað Ísland af. Þetta segir Johan Tiedemann, aðstoðarráðherra í sænska félagsmálaráðuneytinu, ábyrgur fyrir norrænu samstarfi.

Tiedemann var í heimsókn hér á landi í vikunni til skrafs og ráðagerða við íslenska embættismenn sem einnig sinna norrænu samstarfi, auk þess að kynna sér tvö sænsk-íslensk samstarfsverkefni sem nú eru í vinnslu; annars vegar Garðarshólma-verkefnið á Húsavík, sem hefur forseta Íslands og Svíakonungur sem verndara og kennt er við Garðar Svavarsson, sænska víkinginn sem var fyrstur norrænna manna til að hafa vetursetu á Íslandi, og hins vegar ISLEX-netorðabókina, sem er norrænt samstarfsverkefni um smíði íslensk-sænskrar, íslensk-norskrar og íslensk-danskrar orðabókar.

Í samtali við Fréttablaðið segir Tiedemann, að norrænt samstarf eigi verðugan sess í stjórnarstefnu borgaralega samsteypustjórnarinnar, sem tók við völdum í Svíþjóð á liðnu hausti. „Heimurinn hlustar á Norðurlönd,“ segir hann. Úti um heim sé sú ímynd mjög sterk að Norðurlönd séu ein heild, og það eitt og sér sýni hve mikilvægt norrænt samstarf sé – jafnvel þótt það hafi að hluta til færst inn í Evrópusambandið þar sem þrjú af fimm Norðurlöndum eru í sambandinu.

Eftir myndun borgaralegu ríkisstjórnarinnar í Finnlandi fyrr í vikunni er Noregur nú eina landið af þessum fimm, þar sem vinstristjórn er við stjórnvölinn. Spurður hvort hann telji þetta skipta máli fyrir samstarf landanna segir Tiedemann persónuleg samskipti mikilvægari en pólitískur litur ríkisstjórnanna; verkefni norræns samstarfs séu að mestu ekki flokkspólitísks eðlis heldur einvörðungu praktísk.

Tiedemann segir aðspurður einnig að samstaðan í borgaralega flokkabandalaginu, sem stendur að sænsku stjórninni, sé mjög góð. Það ríki góður andi í stjórnarliðinu og starfið sé allt mjög árangursmiðað. Nú þegar aðeins um hálft ár er síðan stjórnin tók við sé of snemmt að segja til um hvaða árangri hún nái í að hrinda stjórnarstefnunni í framkvæmd, en það hafi þegar sýnt sig hversu mikilvægt það var að flokkarnir fjórir í bandalaginu skyldu hafa verið búnir að koma sér saman um flest mál fyrir kosningar.

Það auðveldi framkvæmd stjórnarstefnunnar, en hún miðar ekki síst að því að draga úr atvinnuleysi og gera sem flesta þegna landsins virka á vinnumarkaði. Skattalækkanir séu liður í að ná þessu fram. Þingið megi búast við miklu flóði stjórnarfrumvarpa á næstu misserum.

**audunn@frettabladid.is**




# Vegna framkvæmda við Holtagarða

**viljum við benda viðskiptavinum okkar á breytingar sem verða á bílastæðum svæðisins**




Fiton/SÍA

Byggingasvæði við Holtagarða hefur verið girt af og bílastæði húsnæðisins lagt undir framkvæmdirnar að hluta til. Skýringarmyndin hér að ofan sýnir bílastæðin og aðgengi eins og það er. Búast má við breytingum á fyrirkomulaginu þegar líður á framkvæmdirnar.

Viðskiptavinir og vegfarendur eru beðnir velvirðingar á þeim óþægindum sem framkvæmdirnar kunna að valda og beðnir að sýna sérstaka aðgát á svæðinu meðan breytingar standa yfir.

FASTEIGNAFÉLAGIÐ STOÐIR HF.

Fasteignafélagið Stoðir hf. er stærsta fasteignafélag landsins og sérhæfir sig í að leigja traustum leigutökum til langs tíma.

Kringlunni 4–12 103 Reykjavík
Sími 575 9000 Fax 575 9001 www.stodir.is

## STÓRBRUNI Í REYKJAVÍK

# Eldsupptök eru enn óstaðfest

**Vafi leikur á hvað olli stórbrunanum í miðbænum á miðvikudag. Lögregla útilokar ekkert í rannsókn sinni sem er lokið á vettvangi. Eldvörnum í söluturni í Lækjargötu 2, þar sem eldurinn er talinn hafa komið upp, var ábótavant.**

Vafi leikur á því hvað olli stórbrunanum í Reykjavík á miðvikudag. Lögregla útilokar ekkert í rannsókn sinni og verst allra frétta. Rannsókn á vettvangi lauk í gær. Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins var brunavörnum í söluturninum Fröken Reykjavík, þar sem eldurinn er talinn hafa komið upp, mjög ábótavant. Húsin sem brunnu voru að hluta til einangruð með sagi og gömlum dagblöðum.

Stefán Eiríksson, lögreglustjóri höfuðborgarsvæðisins, segir að rannsókn á eldsupptökum sé lokið á vettvangi en niðurstöður verði ekki birtar að sinni. Á miðvikudag var talið líklegast að eldsupptökin hafi verið í loftljósum í söluturninum Fröken Reykjavík á milli húsanna við Lækjargötu 2 og Austurstræti 22. Tæknideild lögreglunnar segir upplýsingar um eldsupptökin viðkvæm og spurður hvort grunur léki á íkveikju segir Stefán að það sé alltaf viðkvæmt mál þegar kviknar í. „Það er ekki tímabært að segja neitt að svo stöddu og við erum að reyna að komast í botn á því hvað þarna gerðist. Við erum ekki búnir að útiloka eitt né neitt, það er allt undir í þessu.“

Á miðvikudag lék grunur á að eldsupptökin væru í loftljósum í söluturninum Fröken Reykjavík sem stóð á milli húsanna sem brunnu. Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins var eldvörnum í söluturninum ábótavant. Engir reyk- eða hitaskynjarar voru í söluturninum og rafmagni hefur slegið ítrekað út bæði fyrir og eftir að ný ljós voru sett upp fyrir stuttu.

Björn Karlsson brunamálastjóri segir að brunavarnir séu ævinlega á ábyrgð húseiganda nema fyrir hendi sé sérstakt samkomulag milli húseiganda og leigjanda húsnæðis þar sem kveðið er á um annað.

Garðar Hannes Friðjónsson, framkvæmdastjóri fasteignafélagsins Eikar; sem er eigandi hússins að Lækjargötu 2, telur að brunavarnir í húsinu hafi verið fullnægjandi. „Í öllum okkar leigusamningum er kveðið á um að leigutaki sjái um allt það sem er innan hans leigurýmis, þar með talið viðhald og brunavarnir,“ segir Garðar.

Ólafur Helgi Þorgrímsson rekur söluturninn Fröken Reykjavík. Hann segist ekki viss um hvort reykskynjari hafi verið í rýminu. „Þetta er ósköp lítil sjoppa og reykskynjari hefur lítið að segja í svona litlu rými,“ segir Ólafur.

svavar@frettabladid.is
thorgunnur@frettabladid.is



**RÚSTIR EINAR** Lækjargata2 er afar illa farin eins og myndin sýnir glöggt
FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM





MEISTARATAKTAR Í BOÐI ICELANDAIR GOLFERS
Heimsmeistarinn í "Trick Shot", Svíinn Peter Jöhncke, leikur listir sínar á Golf 2007, sem er hluti stórsýningarinnar „3 undir sama þaki“ og fer fram í Fífunni 20.–22. apríl.

Komdu á Golf 2007 og kynntu þér hvað er í boði hjá Icelandair Golfers.

+ Allar nánari upplýsingar á www.icelandairgolfers.is

ICELANDAIR Golfers




**LOKAÐ** Fyrirtæki og heimili fólks við Lækjargötu fóru misvel út úr brunanum. Fólk þarf að gista hjá vinum eða ættingjum og fyrirtæki eru lokuð á meðan lagfæringar standa yfir.
FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL

### Nokkur fyrirtæki eru lokuð vegna brunans:

# 100 manns missa vinnu vegna bruna

Um 100 einstaklingar missa vinnu sína vegna stórbrunans í miðbæ Reykjavíkur á miðvikudag. Þar af störfuðu 50 á veitingahúsinu Pravda í Austurstræti 22. Veitingahús við Lækjargötu eru lokuð vegna reykskemmda og hreinsunarstarf í verslunum stóð yfir nóttina eftir brunann og í gær. Starfsfólk fyrirtækja í nágrenni brunans óttaðist að eldur myndi læsa sig í fleiri hús. Reykjarlykt í íbúðum við Lækjargötu heldur íbúum frá heimilum sínum.

Einar Jóhannes Ingason, einn eigenda veitingastaðarins Pravda, segir að 50 starfsmenn hafi unnið á Pravda sem missi nú atvinnu sína. „Þetta er alveg hrikalegt og ekki síst að allt þetta góða fólk missi vinnuna.“ Einar segir ljóst að tjónið sé gífurlegt; líklega sé húsið ónýtt og það verði rifið.

Lítið er um íbúðarhúsnæði í nálægð við húsin sem brunnu en þó eru 12 íbúðir í Lækjargötu 4 þar sem búa um 20 manns. Íbúar þessara íbúða þurftu sumir að flýja reykjarkófið og ólykt sem sest hefur í húsgögn, föt og gluggatjöld. Karin Kristina Sandberg hjúkrunarfræðingur og unnusti hennar, Sigurður Þór Helgason hugmyndasmiður, neyddust til að yfirgefa heimili sitt vegna ólyktarinnar. „Við fórum strax út vegna lyktarinnar. Ég er ófrísk og vil ekki taka neina áhættu vegna þess. Vonandi verður þetta allt í lagi.“ Karin segist þurfa að þrífa öll föt, húsgögn og gluggatjöld. „En þetta gat orðið miklu verra, við vitum það.“

Veitingahús við Lækjargötu voru lokuð í gær. Veitingahúsið Litli andarunginn er lokað fram á mánudag vegna reykskemmda sem þar urðu. Þrifaþjónusta á vegum tryggingafélaga húsanna sem brunnu voru við störf í bókaverslunum Eymundssonar í Austurstræti og Iðu í Lækjargötu. Bókaverslunin Iða var opin í gær en þar hafði starfsfólk verið að þrífa í hálfan sólarhring. „Hér var strokið af hverri einustu bók í nótt sem leið og við erum að byrja á umferð númer tvö,“ segir Arndís Sigurgeirsdóttir verslunarstjóri.

svavar@frettabladid.is

Pétur Ármannsson arkitekt vill að húsin sem brunnu verði endurbyggð:

# Vill sjá uppbyggingu húsanna

„Ég vonast að sjálfsögðu til þess að þessi hús fái að vera áfram í borgarmynd Reykjavíkur eins og borgarstjóri hefur gefið til kynna,“ segir Pétur Ármannsson arkitekt og leggur til að húsin verði endurbyggð í upprunalegri mynd. „Það á sérstaklega við um húsið við Austurstræti 22. Það hefur ekki verið mikið augnayndi undanfarin ár og því ætti að endurreisa það eins og það var fyrir árið 1905 eða þegar landsréttur var til húsa þar,“ segir Pétur og bætir því við að húsið hafi verið ákaflega fallegt áður en því var breytt. „Það eru ýmsir möguleikar þarna. Það kæmi til dæmis til greina að nýta baklóðina betur og búa til einhvers konar garð þar,“ segir Pétur.

Pétur segir alls ekki koma til greina að byggja nútímalegar byggingar á reitnum. „Þetta er allt of mikilvæg götumynd til þess að eyðileggja hana með þeim hætti. Þetta horn er hluti af umhverfi stjórnarráðsins og Bernhöftstorfunnar. Það er líka mikilvægt að þarna rísi ekki háhýsi því þá næði sólin ekki að skína niður á Lækjartorg og Austurstræti yrði heldur dimm og óspennandi gata,“ segir Pétur. - þo



**PÉTUR H. ÁRMANNSSON** Segir alls ekki koma til greina að reisa nútímaleg hús í stað þeirra sem brunnu. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

STÓRBRUNI Í REYKJAVÍK



FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM



FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL

**ORÐLAUS** Nicola Christoph vill ekki skókassa við Austurstrætið.

## Bruni er hluti af sögunni

**„Ég er orðlaus vegna eyðileggingarinnar og ég vildi helst að þetta væri áfram eins og þetta var. Það er samt fáránlegt á vissan hátt að byggja eitthvað upp sem er ekki lengur,“ segir Nicola Christoph, „Ég veit það eitt að ég vil ekki einhvern skókassa hér.“ Nicola vill að götumyndin haldi sér en segir að vissulega sé það hluti sögunnar að húsið brann.**



**EITTHVAÐ GAMALT** Edda Sóley og Helena Dröfn Kristjánsdætur í bænum í gær.

## Við viljum ekki stórt glerhús

**Helena Dröfn Kristjánsdóttir vildi halda því fyrir sjálfa sig hvað hún vildi fá í staðinn fyrir húsin sem brunnu í Austurstræti. Eldri systir hennar, Edda Sóley, var hins vegar með mótaða hugmynd. „Ég vil eitthvað gamalt og alveg eins í staðinn. Ég vil ekki að stórt glerhús komi í staðinn. Alls ekki.“**



**ÖMURLEGT SLYS** Guðrún Þorgeirsdóttir og Þorgeir Ingvarsson.

## Ekki annað Iðuslys í þetta sinn

**„Þetta er ömurlegt. Ég get samt sagt að ég vil ekki fá annað Iðuslys í þetta sinn. Ég vil láta byggja þetta upp eins og það var,“ segir Guðrún Þorgeirsdóttir. Hún hafnar öllum hugmyndum um að húsin sem brunnu verði hreinsuð burt. Það gerir Þorgeir Ingvarsson einnig: „Ég vil halda í það eins og þetta var og allir sem ég þekki til eru á þeirri skoðun. “**



**EKKI NÆTURKLÚBB** Ragnheiður Pálsdóttir og Almar Halldórsson í Vöffluvagninum.

## Vilja stað sem eflir miðbæinn

**„Ég vil sjá eitthvað annað en næturklúbb hér í götunni. Ég vil fallegt hús þar sem fólk getur komið saman allan sólarhringinn,“ segir Almar Halldórsson, starfsmaður í Vöffluvagninum í Austurstræti. Samstarfskona hans, Ragnheiður Pálsdóttir . „Ég vil fá það sama og ekki breyta neinu. Ég vil hafa þetta eins og í gamla daga.“**



## „ORÐRÉTT“

*Eldhaf*

**„Við gátum ekkert gert nema að verjast eldinum og átta okkur á því hvað væri best að gera.“**

SIGURÐUR SIGURÐSSON REYKKAFARI SEM FÓR FYRSTUR Í BRENNANDI HÚSIN Í MIÐBÆ REYKJAVÍKUR
Fréttablaðið 19. apríl.

*Endurreisn*

**„En við munum reisa húsin aftur í upprunalegri mynd, það er ekki um neitt annað að ræða.“**

VILHJÁLMUR Þ. VILHJÁLMSSON BORGARSTJÓRI UM BRUNANN Í MIÐBÆNUM

*nær og fjær*
# tilveran

**HVAÐ ER AÐ FRÉTTA?** GRÉTA GUÐBRANDSDÓTTIR, ÞÁTTTAKANDI Í ÁSTARFLEYINU

## *Var ekki að meika Reykjavík*

„Ég hef undanfarið verið að vinna hjá Sumarferðum við innritun í sólarlandaferðir og svona,“ segir Gréta Mar Guðbrandsdóttir, sem heillaði sjónvarpsáhorfendur veturinn 2005 í þættinum Ástarfleyið. Þótt nokkuð sé um liðið frá því þættirnir voru sýndir segir Gréta ótrúlega marga muna eftir henni úr þáttunum. Hópurinn hafi lítið haldið saman en hún hitti þó einstaka sinnum nokkra kunningja og skemmti sér með þeim.

„Ég er eitthvað að plana með framtíðina og kemur þá aðallega tvennt til greina. Mig langar til að fara að læra meinatækni í Álaborg í Danmörku en svo er ég líka spennt fyrir að fara til Spánar í smá tíma.

Ég fór með ömmu minni á spænskunámskeið á Tenerife fyrir stuttu og langar að læra meira. Það væri gaman að vinna þar í nokkra mánuði og æfa sig í málinu.

Annars er ég nýflutt aftur í minn heimabæ, Keflavík. Ég var ekki alveg að meika að vera í Reykjavík. Þegar maður er alinn upp á litlum stað er erfitt að venjast öðru. Það er kannski svolítið lítið að frétta af mér á þessari stundu en það eru að minnsta kosti einhver plön í gangi. Maður sér svo til hvað gerist.“



## GEISLANOTKUN:
### ERFÐIR GETA BREYST

Öll ríki heimsins nota geislun og geislavirk efni, til dæmis röntgengeislun á sjúkrahúsum. Geislavirk efni eru notuð til að athuga hvernig líffæri starfa. Geislun getur verið skaðleg og því þarf ákveðnar öryggisráðstafanir þegar geislar eru notaðir í einhverjum tilgangi.

Á Íslandi er mjög mikil geislanotkun í heilbrigðiskerfinu. Reynt er að sjá til þess að öryggisreglur séu fullnægjandi þannig að geislun á fólk sé eins lítil og hægt er. Ef fólk verður fyrir mikilli geislun á mjög skömmum tíma getur það orðið veikt og dáið því líffærin gefa sig. Þá geta erfðabreytingar átt sér stað vegna geislunar.


vodafone

# Ævintýraleg símatilboð

Komdu í næstu Vodafone verslun, hringdu í 1414 eða smelltu þér á www.vodafone.is til að fá nánari upplýsingar.

**Gríptu augnablikið og lifðu núna.**




Vodafone live!

## Nokia 6085

Krúttlegur með Bluetooth, myndavél, útvarpi, steríó heyrnartólum, styður minniskort og fæst í fleiri litum.

Ævintýraverð

**16.900 kr.**

Vodafone ÍSLENSKA ÁNÆGJUVOGIN ÁNÆGÐUSTU VIÐSKIPTAVINIRNIR




# Ætlar að verða heimsmeistari

**Ingibjörg Jóna Sigurðardóttir stóð með pálmann í höndunum eftir harða keppni á Íslandsmeistaramóti kaffibarþjóna, sem fram fór á dögunum. Þetta er annað árið í röð sem Ingibjörg fer með sigur af hólmi og hún stefnir ótrauð á að hreppa heimsmeistaratitilinn í Japan í sumar.**

„Maður þarf fyrst og fremst að æfa sig mikið,“ segir nýbakaður Íslandsmeistari kaffibarþjóna um leyndarmálið bak við sigurinn. Eðli málsins samkvæmt er Ingibjörg mikil kaffimanneskja; hún starfar hjá Kaffitári og segir að þar hafi hún fyrst farið að kynna sér undraheima kaffis fyrir alvöru. „Ég kynntist þessu fyrst fyrir þremur árum þegar ég byrjaði að vinna í bakaríi, lærði að hella upp á espresso og því um líkt. En það var ekki fyrr en ég byrjaði hjá Kaffitári sem ég hellti mér út í þetta.“

Ingibjörg segir að margir geri sér ekki grein fyrir hversu fjölbreytt kaffi getur verið og það býður upp á margt fleira en hina hefðbundnu uppáhellingu. „Margir verða til dæmis hissa þegar maður útskýrir hvað liggur á bak við bragðið á tilteknum kaffitegundum, halda til dæmis að kaffi með hnetukeim sé bragðbætt með bragðefnum en það er ekki raunin.“

Ingibjörg tryggði sér sigurinn með eigin kaffiblöndu en segir það ekki fyrir hvern sem er að búa til slíkt. „Það geta bara þeir sem eru lengra komnir; þetta snýst svo mikið um hvernig kaffið er brennt og í hvaða hlutföllum það er blandað. Þetta eru í rauninni hálfgerð vísindi.“

Nú þegar Íslandsmeistaratitillinn er í höfn er Ingibjörg byrjuð að æfa fyrir heimsmeistaramót kaffibarþjóna sem verður haldið í Tókýó í sumar. „Nú þýðir ekkert að slaka á, ég þarf að æfa mig mikið. Ég varð í sjötta sæti á heimsmeistaramótinu í fyrra og í ár dugar ekkert minna en heimsmeistaratitill.“

bergsteinn@frettabladid.is



**NÝBAKAÐUR ÍSLANDSMEISTARI** Ingibjörg Jóna tryggði sér sigur annað árið í röð eftir spennandi keppni.
FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON



**EINBEITING** Hjörtur Skúlason hefur áður sigrað í keppninni en laut í lægra haldi fyrir Ingibjörgu í ár.



**HRIST EN EKKI HRÆRÐ** Keppendur þurftu að skila eðalkaffidrykkjum á sem stystum tíma.

Fyrsta farþegaþota Primera Travel Group:

# Betri þjónusta fyrir ferðalanga

Norræna ferðaskrifstofan Primera Travel Group tók á þriðjudag á móti fyrstu 737-800 farþegaþotunni af fimm fyrir dótturfélagið Primera Air. Vélin er þriggja ára gömul en í maí er von á tveimur nýjum flugfélum beint úr verksmiðju Boeing. Andri Már Ingólfsson, forstjóri og eigandi Primera Travel Group, segir það mikil tímamót að hafa eigin flugvél til umráða en hingað til hefur félagið leigt vélar fyrir farþega sína. „Þetta er ánægjulegur dagur fyrir okkur og íslenska ferðaþjónustu. Eigin flugvélakostur þýðir meiri sveigjanleika í rekstri og betri þjónustu fyrir ferðaskrifstofurnar og viðskiptavini," segir Andri.

Vélin sem Primera Air tók við í gær hafði stutt stopp í Reykjavík og fór þaðan til Keflavíkur. Í dag fer vélin í jómfrúrferð sína með 189 farþega Heimsferða til Rómar.

Farþegaþoturnar fimm munu flytja Norðurlandabúa í sólina en fjölmargar ferðaskrifstofur á Norðurlöndum heyra undir Primera Travel Group. - þo



**STOLTIR STARFSMENN** Andri Már Ingólfsson, forstjóri Primera Travel Group, ásamt íslenskum flugfreyjum Primera Air og dönskum flugmönnum. FRÉTTABLAÐIÐ/HÖRÐUR







# Hversu hátt stefnir

Þrjú fjárfestingarsöfn – þrjár mismunandi leiðir
Hægt er að fjárfesta í ákveðinni leið eða vera í reglulegri áskrift.








## HEFÐBUNDNA SAFNIÐ

### 20,8% ávöxtun

Áhersla á góða ávöxtun og áhættu-dreifingu, meðaláhætta.

- 50% skuldabréf
- 50% hlutabréf




## ÖRUGGA SAFNIÐ

### 16,1% ávöxtun

Stöðug ávöxtun, lágmarkssveiflur, lítil áhætta.

- 75% skuldabréf
- 25% hlutabréf

Himinn og haf / SÍA – 9070354

# þú?



## ÁVÖXTUNARSAFNIÐ

**24,9% ávöxtun**

75%
25%

Meiri sveiflur, hærri væntingar.
Áhersla á góða áhættudreifingu með erlendum og íslenskum verðbréfum.

- 75% hlutabréf
- 25% skuldabréf

Kaup í þessum söfnum, sem sérfræðingar SPRON Verðbréfa hafa sett saman, miðast við að keypt sé fyrir lágmark 20.000 kr.

Miðað er við 5 milljóna kr. lágmark í Virkri sjóðastýringu. Stýringin felst í því að viðskiptavinur gefur sérfræðingum SPRON Verðbréfa heimild til þess að fjárfesta í verðbréfasjóðum eftir fyrirfram ákveðinni samsetningu sem kemur fram í vali á sjóðasafni.

Netbankinn

Netbankinn býður viðskiptavinum sínum verðbréfaþjónustu og ráðgjöf í samstarfi við SPRON Verðbréf. Þú sækir um rafrænt á www.nb.is.

Vegmúla 2 – 108 Reykjavík – 550 1310 – verdbref@spron.is
www.spronverdbref.is – www.spron.is eða í næsta útibúi SPRON

spron VERÐBRÉF

Allar ávöxtunartölur eru miðaðar við árið 2006. Ávöxtun í fortíð er ekki vísbending um ávöxtun í framtíð. Gengi verðbréfa getur hækkað jafnt sem lækkað.

## Svona erum við

> Innfluttar mat- og drykkjarvörur í milljónum króna (fob).




Heimild: Hagstofa Íslands

**baksvið**
*fréttir og fróðleikur*

**FBL-GREINING** ELDFLAUGAVARNAÁÆTLUN BANDARÍKJAMANNA

# *Afkvæmi stjörnustríðsáætlunar Reagans*

Fulltrúar úr bandaríska varnarmálaráðuneytinu kynntu í höfuðstöðvum Atlantshafsbandalagsins í Brussel í gær hnattræna eldflaugavarnaáætlun Bandaríkjanna fyrir fulltrúum bandamannanna í NATO, sem og fulltrúum Rússa. Kynningin miðaði að því að draga úr fyrirvörum evrópsku bandamannanna og andstöðu Rússa við uppsetningu búnaðar fyrir bandaríska kerfið í austanverðri Mið-Evrópu, nánar tiltekið í Póllandi og Tékklandi.



**Hvað er eldflaugavarnaáætlun Bandaríkjanna?**
Bandaríska eldflaugavarnakerfið, sem nú er í uppbyggingu, er óbeint framhald af eldflaugavarnaáætlun Ronalds Reagan, þáverandi Bandaríkjaforseta, frá níunda áratugnum, en hún var gjarnan kennd við stjörnustríð. Sú áætlun miðaði að því að geta skotið niður kjarnorkueldlaflaugar sem skotið yrði frá Sovétríkjunum í átt að Bandaríkjunum. Þess vegna hafði Thule-herstöðin á Grænlandi mikla þýðingu fyrir kerfið eins og það var hugsað í upphafi, en mjög hefur dregið úr þýðingu hennar í kerfinu eins og það er hugsað nú.

**Hvað er nýjast?**
Með breyttum ógnum eftir lok kalda stríðsins og örri tækniþróun hafa eldflaugavarnaáætlanir Bandaríkjamanna gengið í gegnum mörg þróunarstig á þeim áratugum sem unnið hefur verið að þeim. George W. Bush, núverandi forseti, fyrirskipaði síðla árs 2001, í kjölfar hryðjuverkaárásanna 11. september, að stóraukinn kraftur skyldi lagður í að byggja upp það kerfi sem búnaðurinn í Póllandi og Tékklandi á nú að verða liður í. Þá sögðu Bandaríkjamenn sig frá ABM-sáttmálanum svonefnda frá árinu 1972, en hann var á sínum tíma mikilvægur áfangi að því að setja hömlur á vígbúnaðarkapphlaup risaveldanna og tryggja stöðugleika „ógnarjafnvægisins“. Samkvæmt sáttmálanum voru settar miklar hömlur á tilraunir með langdrægar gagneldflaugar og uppsetning skotstöðva fyrir þær bönnuð. Bandaríkjamenn töldu sig verða að vera óskuldbundna af skilmálum sáttmálans til að geta haldið þróun eldflaugavarnakerfisins áfram.

**SPURT & SVARAÐ**
KOLVIÐUR

## *Skógrækt gegn mengun*

Kolviður er nafn sem hefur heyrst á síðustu dögum. Guðfinna S. Bjarnadóttir er stjórnarformaður Kolviðar og útskýrir hér fyrirbærið.



**GUÐFINNA S. BJARNADÓTTIR** Stjórnarformaður Kolviðar

**Hvert er hlutverk Kolviðar?**
„Markmiðið er að bjóða öllum landsmönnum, einstaklingum og fyrirtækjum að kolefnisjafna koldíoxíðlosun sína með skógrækt. Kolefnisjöfnun verður þegar skógurinn bindur kolefni og leysir frá sér súrefni til jafns við mengunina. Á heimasíðu Kolviðar, sem opnar 15. maí, getur hver og einn reiknað út á aðgengilegan máta hversu mikil koldíoxíðlosun verður af hans völdum. Kolviður gefur einstaklingnum tækifæri til að greiða fyrir trén og tekur síðan að sér að planta þeim.“

**En hvert er markmið Kolviðar?**
„Meðal annars er hugsunin sú að fræða grunnskólanemendur og aðra um loftslagsbreytingar og ljóstillífun trjáa. Það er von Kolviðar að Íslendingar verði fyrsta þjóðin til að ganga sjálfviljugir í þetta verk.“

# Öll óvissa um útgjöld er bagaleg

**Átta ráðherrar hafa kreditkort ráðuneytisins á sínu nafni og nota það einkum til að greiða ferðakostnað og veisluhöld á vegum embættisins, fyrst og fremst erlendis. Engar skýrar skriflegar reglur eru til um kortin og notkun þeirra aðrar en reglur um risnu. Ekki er til neitt yfirlit yfir það hvaða ráðherrar og stjórnendur eru með kreditkort ríkisins á sínu nafni.**

Kreditkort á nafni ráðherra hafa tíðkast í flestum ráðuneytanna frá því snemma á tíunda áratugnum. Kreditkortanotkun er bundin við 700 þúsund krónur á hverju úttektartímabili nema í utanríkisráðuneytinu, þar er heimildin bundin við 700 þúsund krónur innanlands og 500 þúsund krónur erlendis. Kortin eru ekki ætluð til persónulegra innkaupa. Ráðherrarnir fá einnig í mörgum tilfellum dagpeninga á ferðalögum sínum.

Fréttablaðið sendi erindi til ráðuneytanna í byrjun mars þar sem óskað var eftir upplýsingum um það hvaða ráðherrar hefðu kreditkort ríkisins á sínu nafni og hvaða reglur væru í gildi. Í ljós kom að engar skýrar reglur eru til um kortin eða notkun þeirra.

Ráðuneytin svara því til að kortin séu ekki ætluð til persónulegra innkaupa heldur til að greiða ferðakostnað og veisluhöld á vegum ráðuneyta. Að öðru leyti séu ekki til reglur.

**Kært til úrskurðarnefndar**
Fréttablaðið óskaði einnig eftir útskriftum á notkunaryfirliti ráðherranna fyrir árið 2006. Þeirri beiðni var hafnað á þeim grundvelli að upplýsingaréttur tæki ekki til þess að stjórnvöld útbúi eða taki saman skjöl með tilteknu efni. Upplýsingar úr bókhaldi falli undir þetta ákvæði og því sé beiðninni hafnað. Synjunin hefur verið kærð til úrskurðarnefndar um upplýsingamál.

Erfiðlega hefur gengið að fá símaviðtal við ráðherrana til að fá þeirra viðhorf til kreditkortanna og notkun þeirra. Þetta gildir þó alls ekki um alla ráðherrana. Þannig er Guðni Ágústsson landbúnaðarráðherra með kreditkort en kveðst ekki nota það fyrir sjálfan sig, aðeins til að greiða kostnað sem augljóslega á að falla ráðuneytinu í skaut.

Jón Sigurðsson, iðnaðar- og viðskiptaráðherra, hefur þá sérstöðu að forverar hans hafa haft kreditkort ráðuneytisins á sínu nafni en hann hefur það ekki. Jón segist vera íhaldssamur í fjármálum og vilja hafa hreinar línur. Honum hafi ekki verið boðið kreditkort, hann hafi ekki óskað eftir því, hann vilji það ekki og þurfi þess ekki. Hann leggi út fyrir ráðuneytið og framvísi reikningum ef á þarf að halda.

„Ég hef alla mína ráðherratíð komist af án greiðslukorts á vegum ríkisins,“ segir Björn Bjarnason, dóms- og kirkjumálaráðherra.

**Ómerkilegt og subbulegt**
Einar K. Guðfinnsson sjávarútvegsráðherra segir að ráðherrakort hafi verið í notkun í ráðuneytinu og hann hafi tekið við korti fyrri ráðherra. „Ég nota þetta mjög lítið og kæmist alveg af án þess,“ segir hann.

Árni Mathiesen fjármálaráðherra telur fréttaflutninginn ómerkilegan og subbulegan þar sem verið sé að reyna að gera heiðarlegt fólk að skúrkum að ástæðulausu. „Það er búið að svara öllu í þessu máli og segja frá því mörgum sinnum hvaða reglur gilda um þessi kort,“ segir hann og vill ekki taka þátt í umræðunni.

Heilbrigðisráðherra hefur ekki kreditkort á vegum ríkisins og segir að það hafi ekki tíðkast í ráðuneytinu seinni ár. „Sjónarmiðin eru þau að það sé betra að ég leggi út fyrir því sem þarf að greiða erlendis og skili svo inn reikningum. Þetta er talið henta okkur betur,“ segir Siv Friðleifsdóttir. Hún var með ráðherrakort meðan hún var umhverfisráðherra.

**Skýrar verklagsreglur mikilvægar**
Baldur Þórhallsson, prófessor í stjórnmálafræði við Háskóla Íslands, segir að það sé mikilvægt að skýrar verklagsreglur gildi um útgjöld ríkisins og að stjórnsýslan sé opin um það í hverju útgjöldin felast. Öll óvissa varðandi útgjöld sé bagaleg, sérstaklega þegar komi að ráðherrum. Það sé verst fyrir þá sjálfa því að erlendis hafi komið fyrir að kreditkort á nafni ráðherra hafi verið misnotuð þó að það sé algjör undantekning.

„Það skapar óvissu þegar ekki eru klárar leikreglur um það hvernig á að fara með fjármagn. Þess vegna er mikilvægt að skýrar vinnureglur séu samræmdar milli ráðuneyta þannig að hvert ráðuneyti sé ekki með sínar eigin útfærslur. Það er bara sjálfsagt í opnu lýðræðislegu þjóðfélagi að vinnureglur séu skýrar og kjósendur fái aðgang að því í hvað skattpeningar séu nýttir.“

Ráðuneytisstjórar, bílstjórar og jafnvel forstjórar ríkisstofnana hafa einnig kreditkort ríkisins á sínu nafni. Hvergi er til yfirlit yfir það hverjir eru með kreditkort af þessu tagi og hverjir ekki. Ríkisendurskoðun var upphaflega mótfallin því að ráðuneyti og stofnanir væru með kreditkort á nafni stjórnmálamanna og embættismanna en Sigurður Þórðarson ríkisendurskoðandi segir að ekki hafi verið hægt að banna það. Hver stofnun ákveði þetta fyrir sig.



FRÉTTASKÝRING
**GUÐRÚN HELGA SIGURÐARD.**
ghs@frettabladid.is

### ÞAU HAFA KREDITKORT RÍKISINS



**GEIR H. HAARDE FORSÆTISRÁÐHERRA** Geir er í hópi þeirra átta ráðherra sem hafa kreditkort ríkisins á sínu nafni.



**VALGERÐUR SVERRISDÓTTIR UTANRÍKISRÁÐHERRA** Valgerður hefur úttektarheimild upp á 700 þúsund heima og 500 þúsund erlendis.



**GUÐNI ÁGÚSTSSON LANDBÚNAÐARRÁÐHERRA** Guðni notar kreditkortið til að greiða fyrir ferðir og fundahöld á vegum ráðuneytisins.



**ÞORGERÐUR KATRÍN GUNNARSDÓTTIR MENNTAMÁLARÁÐHERRA** Þorgerður Katrín hefur kreditkort á vegum ráðuneytisins.



**JÓNÍNA BJARTMARZ UMHVERFISRÁÐHERRA** Jónína hefur kreditkort ráðuneytisins á sínu nafni.



**ÁRNI MATHIESEN FJÁRMÁLARÁÐHERRA** Árni vill ekki blanda sér í umræðuna um kreditkortin.



**EINAR K. GUÐFINNSSON SJÁVARÚTVEGSRÁÐHERRA** Einar segist vel geta komist af án kreditkorts á vegum ríkisins.



**MAGNÚS STEFÁNSSON FÉLAGSMÁLARÁÐHERRA** Skýrt svar barst um að kreditkort ráðherra hafi aldrei verið notað vegna persónulegra útgjalda.

### ÞAU HAFA EKKI KREDITKORT RÍKISINS



**BJÖRN BJARNASON, DÓMS- OG KIRKJUMÁLARÁÐHERRA** Kemst af án kreditkorta ríkisins.



**JÓN SIGURÐSSON, IÐNAÐAR- OG VIÐSKIPTARÁÐHERRA** Jón segist íhaldssamur í fjármálum.



**SIV FRIÐLEIFSDÓTTIR, HEILBRIGÐIS- OG TRYGGINGAMÁLARÁÐHERRA** Talið henta betur að Siv skili inn reikningum.



**STURLA BÖÐVARSSON SAMGÖNGURÁÐHERRA** Sturla hefur ekki kreditkort ríkisins.

Erum í Fífunni
20 - 21 - 22. apríl
RainMate frá Rainbow

Enginn filter - Frí heimsending
VERÐ: 12.900
Sjálfstætt lofthreinsi og rakatæki
Hreinsar loftið í gegnum vatn og gefur frá sér raka. Margar teg. ilmefna. Einnig lyktareyðir sem fjarlægir t.d. tóbakslykt og matarlykt.
Hrein þjónusta ehf
Dalbraut 3, 105 Rvk
567 7773 - Kvöld og helgar s. 897 2800


NOKIA
6300
NOKIA
Connecting People
Tímalaus
hönnun.
Nýr og þunnur Nokia 6300
MP3-spilari og FM-útvarp • 2.0 Megapixla myndavél • Bluetooth þráðlaus tenging
Copyright © 2007 Nokia.

# skoðun

greinar@frettabladid.is

Hundar sem gelta vekja meiri athygli en þeir sem þegja.

# Heimurinn batnandi fer

**JÓN KALDAL SKRIFAR**

Eflaust kemur það mörgum á óvart en ýmislegt bendir til þess að unglingar okkar tíma séu almennt betri og heilbrigðari en foreldrar þeirra voru á sama aldri, og að það sé afleiðing þess að foreldrar nútímans eru betri mömmur og pabbar en foreldrar þeirra voru.

Þessar vísbendingar er að finna í könnun sem rannsóknamiðstöðin Rannsóknir og greining gerði í samstarfi við sveitarfélögin í landinu, undir stjórn dr. Ingu Dóru Sigfúsdóttur, deildarforseta kennslufræða- og lýðheilsudeildar Háskólans í Reykjavík.

Í Fréttablaðinu um síðustu helgi var viðtal við Ingu Dóru þar sem kom fram að vímuefnaneysla krakka í tíunda bekk grunnskólans hefur aldrei mælst minni frá því rannsóknir hófust. Að sögn Ingu Dóru er þessi jákvæða þróun fyrst og fremst afleiðing þess að foreldrar eyða meiri tíma með börnum sínum en áður. Því fleiri sem samverustundirnar eru þeim mun minni líkur eru á að börnin neyti vímuefna, hvort sem það er áfengi, tóbak eða einhver ólögleg efni.

Annað sem kann að koma á óvart er að þrátt fyrir tíðar fréttir af ofbeldisglæpum þá hefur afbrotum af því tagi fækkað undanfarin ár samkvæmt tölfræði lögreglu og afbrotafræðinga.

Nú er spurningin af hverju svo jákvæðar hliðar á okkar samfélagi þurfa að koma á óvart?

Við fjölmiðlafólk berum þar töluverða sök. Fyrst og fremst vegna þess að fréttir af glæpum eru fleiri og ágengari en tíðkaðist fyrir ekki svo löngu.

Auðvitað verða fjölmiðlar að gæta sín á að slagsíða neikvæðra frétta verði ekki yfirþyrmandi en á sama tíma er rétt að hafa í huga að það er eðli fréttaflutnings að segja frekar frá því sem er á skjön við hversdagsleikann en hinu venjulega. Hundar sem gelta vekja miklu meiri athygli en hinir sem þegja sagði vís maður einhvern tíma í því samhengi.

Á sama hátt og of fáar fréttir eru fluttar af minnkandi vímuefnaneyslu íslenskra unglinga og fækkun glæpa, eru á heimsvísu sagðar of fáar fréttir af því hversu miklu betri staður jörðin er að verða með hverju árinu.

Þótt erfitt sé að trúa því eftir hinn daglega skammt frétta af hræðilegum morðum á konum, börnum og körlum í Bagdad, Darfur, Virginíu, eða annars staðar, þá hefur mannkynið í heild aldrei haft það betra en nú.

Árið 1900 voru meðal lífslíkur á heimsvísu aðeins 31 ár en hafa meira en tvöfaldast og eru nú 67 ár. Á tímabilinu 1970 til 2001 fækkaði þeim sem lifa við stöðuga hungursneyð í vanþróuðum ríkjum heimsins úr 37 prósentum niður í 17 prósent. Og frá 1950 hafa meðaltekjur hvers íbúa heimsins þrefaldast. Fleiri kunna að lesa og fleiri búa við almennt frelsi til orðs og æðis en nokkru sinni áður.

Þótt enn búi alltof margir við skelfilegar aðstæður þá eru þetta nokkur dæmi um að mannkynið er á réttri leið. Og það getur verið örlítil huggun í því þegar heimsfréttirnar verða of yfirþyrmandi, eins og gerist allt of oft.

FRÉTTABLAÐIÐ

**ÚTGÁFUFÉLAG:** 365

**RITSTJÓRAR:** Jón Kaldal og Þorsteinn Pálsson **AÐSTOÐARRITSTJÓRI:** Steinunn Stefánsdóttir **FRÉTTASTJÓRAR:** Arndís Þorgeirsdóttir, Björgvin Guðmundsson og Sigríður Björg Tómasdóttir **FULLTRÚI RITSTJÓRA:** Páll Baldvin Baldvinsson. Fréttablaðið kemur út í 103.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu, Akureyri og þéttbýlissvæðum á suðvesturhorninu. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. issn 1670-3871




## FRÁ DEGI TIL DAGS

### Hrannar til Vodafone

Hrannar Pétursson, sem undanfarin átta ár hefur verið upplýsingafulltrúi Alcan í Straumsvík, hefur verið ráðinn forstöðumaður almannatengsla hjá Vodafone á Íslandi. Í fréttatilkynningu frá Vodafone kemur fram að Hrannar réði sig til fyrirtækisins í ársbyrjun, en að samkomulagi hafi orðið að hann lyki „ákveðnum verkefnum hjá fyrri vinnuveitanda“ og er þar átt við álverskosninguna frægu.



### Óánægðir stuðningsmenn

Garðar Thor Cortes óperusöngvari hitaði upp fyrir leik West Ham og Chelsea í fyrrakvöld eins og íslenskir fjölmiðlar hafa greint skilmerkilega frá. Blaðamaðurinn Mike Adamsson á Guardian segir í grein sinni um leikinn að „ef að ætlun hans [Garðars] hafi verið að láta 25.000 íbúa Austurbæjar London halda fyrir eyrun“ þá hafi honum tekist vel til sem bendir ekki til að Garðar Thor hafi slegið í gegn. Blaðamaðurinn kannast ekki við tenórinn íslenska, segir hann líkjast Chris Coleman, fyrrverandi knattspyrnustjóra Fulham, í útliti, og getur sér til um að hann sé félagi Eggerts Magnússonar sem nú er knattspyrnustjóri West Ham.



### Landsfundasveifla

Samfylking og Sjálfstæðisflokkur hækkuðu bæði fylgi sitt í skoðanakönnun Capacent sem unnin var fyrir Ríkisútvarpið og Morgunblaðið og greint var frá í gær. Varaformenn flokkanna töldu í viðtali vera líklegt að landsfundir flokkanna hefðu haft áhrif á skoðanakönnunina, en hún var gerð um síðustu helgi. Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir, varaformaður Sjálfstæðisflokksins, var í Kaupmannahöfn þegar viðtalið var tekið, væntanlega að jafna sig eftir Sálar- og Stuðmannasveiflu miðvikudagskvöldsins. Þorgerður Katrín er einn helsti aðdáandi Sálarinnar á landinu og lét sig ekki vanta á ballið.

sigridur@frettabladid.is

# Heldri borgarar



**HANNES HÓLMSTEINN GISSURARSON**

**Í DAG** | Málefni eldri borgara

*Einhver hópur eldri borgara á Íslandi hefur vissulega ekki notið sem skyldi eflingar lífeyrissjóðanna, sérstaklega fólk talsvert yfir sjötugt. Um er að kenna stjórnvöldum fyrir 1991, sem torvelduðu lífeyrissjóðum þá að vaxa og eflast.*

Auðvitað eiga eldri borgarar að vera heldri borgarar. Við, sem erum ekki komin á lífeyrisaldur, eigum að umgangast þá af virðingu og læra af þeim, jafnframt því sem okkur er skylt að liðsinna þeim úr þeirra röðum, sem hafa ekki af óviðráðanlegum ástæðum getað búið sér sjálfir áhyggjulaust ævikvöld. Við hin eldumst, ef guð lofar. En þetta merkir ekki, að allt sé satt, sem óprúttnir áróðursmenn segja í nafni eldri borgara.

Í febrúar 2007 birtist skýrsla frá norrænu tölfræðinefndinni, Nososco, Félagslegt öryggi á Norðurlöndum 2004 (Social tryghed í de nordiske land). Þar kemur fram (í töflu 7.8), að á Norðurlöndum eru lífeyristekjur á mann á mánuði að meðaltali hæstar á Íslandi. Þetta er merkileg niðurstaða. Þótt íslenskir lífeyrisþegar séu vissulega ekki allir of sælir af meðaltekjum sínum, eru þær hærri en í Svíþjóð, Danmörku og Noregi. Þess ber auðvitað að gæta, að þetta er meðaltal og sumir með talsvert lægri tekjur en því nemur og aðrir um leið með talsvert hærri.

Stefán Ólafsson prófessor, sem helst málar hér skrattann á vegginn (í von um, að hann komi?), unir þessari niðurstöðu illa. Hann gerir í Morgunblaðinu 20. mars harða hríð að fjármálaráðuneytinu fyrir að koma hinni norrænu skýrslu á framfæri. Hann segir, að talan um meðallífeyristekjur á Íslandi sé rangt reiknuð og komi ekki heldur heim og saman við aðra tölu í sömu skýrslu (töflu 3.25). Sú sé um heildarútgjöld vegna ellilífeyris á hvern ellilífeyrisþega, en þau séu hér næstlægst á Norðurlöndum.

Stefán bendir á, að talan um meðallífeyristekjur aldraðra er fengin með því að leggja saman lífeyrisgreiðslur úr lífeyrissjóðum og frá Tryggingastofnun og deila í með fjölda þeirra, sem þiggja grunnlífeyri frá Tryggingastofnun, árið 2004 um 26 þúsund manns. Fjöldi Íslendinga á lífeyrisaldri var þá hins vegar um 31 þúsund. En athugasemd Stefáns er röng, vegna þess að þau fimm þúsund manns, sem voru á lífeyrisaldri, en þáðu ekki grunnlífeyri frá Tryggingastofnun, fengu hann ekki, af því að þau höfðu svo háar atvinnu- eða fjármagnstekjur. (Lífeyristekjur úr lífeyrissjóðum valda ekki skerðingu á grunnlífeyri ólíkt atvinnu- og fjármagnstekjum.) Þetta fólk var að vinna. Þótt það væri á lífeyrisaldri, var það ekki lífeyrisþegar, hafði ekki lífeyristekjur.

Ef lífeyristekjur aldraðra eru samkvæmt hinni norrænu skýrslu að meðaltali hæstar á Íslandi, hvernig stendur þá á því, sem Stefán fullyrðir, að á Norðurlöndum eru heildarútgjöld „vegna ellilífeyris á hvern ellilífeyrisþega“ samkvæmt sömu skýrslu næstlægst á Íslandi? Ástæðan er einföld. Talan í skýrslunni er önnur en Stefán segir. Hún er um heildarútgjöld vegna ellilífeyris á hvern íbúa á lífeyrisaldri (67 ára og eldri), ekki á hvern ellilífeyrisþega. Þessi tala er auðvitað lægri fyrir Ísland en önnur Norðurlönd, af því að fleiri vinna hér og taka ekki lífeyri. Á þetta er sérstaklega bent í skýrslunni (bls. 158). Stefán er sekur um ómerkilega talnabrellu.

Einnig kemur fram í norrænu skýrslunni, að á Norðurlöndum er margvísleg þjónusta við aldraða mest í krónum talin hér á landi. Nýlega var síðan birt önnur skýrsla á vegum Evrópusambandsins, Poverty and Social Exclusion (Fátækt og félagsleg útskúfun). Í Evrópu eru samkvæmt henni fæstir eldri borgarar hlutfallslega við eða undir fátæktarmörkum í Lúxemborg, 6%, en næstfæstir á Íslandi, 9%. Í öllum öðrum Evrópulöndum, þar á meðal Svíþjóð, Danmörku og Noregi, eru fleiri eldri borgarar hlutfallslega við og undir fátæktarmörkum.

Fjórða staðreyndin er líka athyglisverð, en hana getur að líta í nýlegri skýrslu Efnahags- og framfarastofnunarinnar í París, O.E.C.D., um lífeyrissjóði. Íslenskir lífeyrissjóðir eru að verða hinir öflugustu í heimi. Þeir eru að fyllast, um leið og margir ríkisreknir lífeyrissjóðir Evrópu eru að tæmast. Einhver hópur eldri borgara á Íslandi hefur vissulega ekki notið sem skyldi eflingar lífeyrissjóðanna, sérstaklega fólk talsvert yfir sjötugt. Um er að kenna stjórnvöldum fyrir 1991, sem torvelduðu lífeyrissjóðum þá að vaxa og eflast. Það breytir því ekki, að vanda þessa fólks ber að leysa. Eldri borgarar eiga allir að vera heldri borgarar.

# Það sem formennirnir létu ósagt

**UMRÆÐAN**

Stjórnmál



**SIGURJÓN ÞÓRÐARSON**

Það sem var markvert við ræður formanna Sjálfstæðisflokks og Samfylkingar á landsfundum flokkanna var ekki það sem var sagt heldur það sem var ósagt. Hvers konar stjórnmálaleiðtogar eru það sem hlaupa yfir helsta ágreinings- og óréttlætismál síðari tíma, þ.e. kvótakerfið í sjávarútvegi? Eru það miklir stjórnmálaleiðtogar?

Í ræðu „jafnaðarmannaleiðtogans“ Ingibjargar Sólrúnar Gísladóttur kom nákvæmlega ekkert fram um mesta óréttlætismál Íslandssögunnar, kvótakerfið sem hefur farið ránshendi um sjávarbyggðirnar. Ekkert einasta orð. Og fiskveiðar eru, vel að merkja, aðalútflutningsgrein landsmanna, meira en helmingur af vöruútflutningi kemur úr þessari atvinnugrein. Það er alls ekki trúverðugt hjá jafnaðarmanni að hlaupa yfir þetta óréttlæti.

Það er greinilegt að Ingibjörg Sólrún Gísladóttir hefur ekki borið sitt barr síðan hún lagði leið sína inn á fund LÍÚ haustið 2005 til að friðmælast við þau samtök sem vilja með kjafti og klóm vernda glórulaust kerfi í sjávarútvegi.

Geir Haarde hefur líklegast strokað út sinn öfugmælakafla um ábyrga stefnu í nýtingu fiskveiðiauðlindarinnar en hann hefur verið drjúgur við að fara með öfugmæli um einhvern árangur kerfis sem hefur þrefaldað skuldir sjávarútvegsins á áratug á meðan tekjur hafa staðið í stað.

Það sem hefur að öllum líkindum orðið til þess að hann stökk yfir þennan öfugmælakafla er að nýjar niðurstöður Hafró sýna að svokölluð uppbygging á þorskstofninum hefur algerlega brugðist. Nýjar niðurstöður úr vorralli Hafró gefa til kynna að íslenska þjóðarbúið verði af tugmilljarðatekjum vegna minnkandi þorsk- og ýsuveiði ef farið verður að ráðum Hafró eins og Sjálfstæðisflokkur hefur gert gagnrýnislaust um áratugaskeið.

Það er auðséð að hvorki Samfylking né Sjálfstæðisflokkur treysta sér til að taka á málum og ætla að eftirláta öðrum að taka af skarið. Frjálslyndi flokkurinn kveinkar sér ekki undan ábyrgð frekar en óvinsælum ákvörðunum ef þær eru réttar og mun glaður taka til hendi í þessum málaflokki.Við erum þegar byrjuð að bretta upp ermarnar og hlökkum til að láta verkin tala ef við fáum til þess umboð. Vindum ofan af kvótakerfinu og færum byggðunum aftur atvinnuréttinn.

*Höfundur er alþingismaður.*

# Parket og flísar á enn betra verði í Múrbúðinni

NÝ SENDING
NÝJAR TEGUNDIR
MIKIÐ ÚRVAL



Corten Metal gólf- og veggflísar 30x60 cm

Kr. 3.590,- pr.m²



TAU Valois gólfflísar 33 x 60 cm

Kr. 3.590,- pr.m²



Steinskífa, náttúrusteinn 30x60

Kr. 1.990,- pr.m²

Eik ★★★★★ GÆÐAPARKET
2200x182x14mm 4mm



Kr. 2.230,- pr.m²

Hvítar glans veggflísar 15x15 cm



Kr. 795,- pr.m²

Hvítar glans veggflísar 20x25 cm



Kr. 995,- pr.m²

Gráar Marbella veggflísar 20x25 cm



Kr. 995,- pr.m²




Kr. 2.190,- pr.m²

Brúnar Regina gólfflísar 33,3x33,3 cm



Kr. 1.250,- pr.m²

Beige Slide gólfflísar 33,3x33,3 cm



Kr. 1.195,- pr.m²

Porcelain gólfflísar 33,3x33,3 cm



Kr. 1.250,- pr.m²

*Austurrískt gæðaparket*

***ALLT Á EINUM STAÐ***
- *Undirlag undir parket og flísar*
- *Parketlím og -listar*
- *Flísalím og fúga*
- *LITHOFIN flísabón ofl.*

**Opið mán. - fös. kl. 8-18**
**laugardaga 9-17**

## Rakavarið plastparket

Beiki aðeins **kr. 590.-** pr. m²

LÆKKUM VERÐIÐ Á BYGGINGA-VÖRUM

Meiri gæði
Lægra verð
MÚRBÚÐIN

MÚRBÚÐIN
*Byggingavöruverslunin í Árbænum*
Kletthálsi 7 · Sími: 544-5470 · sala@murbudin.is · www.murbudin.is

***Neytendur athugið! Múrbúðin selur allar vörur sínar á lágmarksverði fyrir alla, alltaf. Gerið verð- og gæðasamanburð!***



Fíton/SÍA

**N1** ÞJÓNUSTUSTÖÐVAR **N1** VERSLANIR **N1** BÍLAÞJÓNUSTA **N1** FYRIRTÆKJAÞJÓNUSTA




WWW.N1.IS

N1 er leiðandi verslunar- og þjónustufyrirtæki sem veitir fólki og fyrirtækjum afburðaþjónustu á sviði bílatengdrar starfsemi ásamt heildarlausnum í rekstrarvörum og eldsneyti til fyrirtækja. Við höfum 115 afgreiðslustaði um allt land, þjónustustöðvar, verslanir, hjólbarða- og smurþjónustu og öfluga fyrirtækjaþjónustu – við erum alls staðar í leiðinni með fjölbreyttar lausnir. **N1 – Meira í leiðinni**

# Hluti af stefnu ASÍ í alþjóðaviðskiptum

**UMRÆÐAN**
Réttindi launafólks


GYLFI ARNBJÖRNSSON

Hnattvæðingin hefur leitt til keppni um hver getur framleitt best og ódýrast og í kjölfarið mikillar hörku í alþjóðlegri samkeppni með tilheyrandi flutningi starfa milli landa og heimshluta. Stéttarfélögin verða því að undirbúa og styrkja íslenskt launafólk og íslenskt samfélag til þess að takast á við breyttar aðstæður og krefjandi framtíð.

Við getum ekki látið okkur nægja stefnu sem aðeins tekur afstöðu til aðstæðna hér innanlands, því hagsmunir launafólks eru og hafa ætíð verið alþjóðlegir. ASÍ hefur því sett fram stefnu undir yfirskriftinni „Ábyrg og réttlát hnattvæðing“.

Ábyrg og réttlát hnattvæðing hafnar samkeppni um hver geti boðið lökust kjör og lélegustu aðstæður fyrir launafólk. Stefna okkar í alþjóðamálum gerir því kröfu um skýrar og strangar alþjóðlegar reglur um virðingu fyrir réttindum launafólks og gagnsæi í ákvörðunum fyrirtækja og fjárfesta.

Þessi réttindi eru forsenda þess að íslenskt atvinnulíf verði ekki neytt til samkeppni við fyrirtæki sem banna starfsemi stéttarfélaga, nota barnaþræla eða bjóða starfsmönnum önnur óásættanleg starfsskilyrði. ASÍ telur því að stefna stjórnvalda í alþjóðaviðskiptum eigi að fela í sér skilyrðislausa kröfu um að virðing fyrir lágmarksréttindum launafólks verði hluti af grundvallarreglum Heimsviðskiptastofnunarinnar. Traust og sterk réttindi launafólks munu þannig samhliða auknu viðskiptafrelsi vera það vogarafl, sem tryggt getur milljónum launamanna víða um heim mun betri skilyrði og treyst um leið þau skilyrði sem við búum við hér á landi.

Það er óásættanlegt að ríkjum sem ekki viðurkenna grundvallarréttindi launafólks heima fyrir verði gert kleift að keppa á alþjóðavettvangi með fríverslun. ASÍ telur þess vegna að stjórnvöld eigi í viðræðum um fríverslunarsamning við Kína að gera það að skilyrði að Kína uppfylli þegar í stað kröfur grundvallarsamþykkta Alþjóðavinnumálastofnunarinnar. Það á m.a. við um réttinn til að stofna og ganga í stéttarfélög, réttinn til að gera kjarasamninga og réttinn til að boða verkfall til að fylgja eftir kröfum sínum.

Það er einnig mikilvægt að stefna í alþjóðaviðskiptum geri kröfu til þess að fyrirtæki og fjárfestar upplýsi hvernig tekið er tillit til umhverfis- og félagslegra þátta. Slíkt gegnsæi er nauðsynlegt á heimsvísu því annars hafa neytendur ekki möguleika á því að hafna vörum sem framleiddar eru við óviðunandi aðstæður launafólks og í skjóli mannréttindabrota.

Einnig verður aðstoð okkar við þróunarlöndin að vera virk og umfangsmikil til þess að auðvelda fátækum þjóðum að komast til álna. ASÍ telur að fylgja beri þróunarverkefnum okkar eftir með virkri aðstoð og ráðgjöf við að koma upp lýðræðislegum stéttarfélögum og neti trúnaðarmanna líkt og gert er á hinum Norðurlöndunum.

Ef heildstætt samhengi á að vera í stefnu okkar varðandi hnattvæðinguna er nauðsynlegt að við gerum okkur grein fyrir alþjóðlegri ábyrgð okkar á þróun hennar. Aðeins þannig getum við lagt eitthvað af mörkum til þess að tryggja að hnattvæðingin skapi öllum tækifæri til betra lífs.

*Höfundur er framkvæmdastjóri ASÍ.*

# Gleymda vinstristjórnin

**UMRÆÐAN**
Stjórnmál


GEIR ÁGÚSTSSON

Eftir 16 ár af ríkisstjórnum Sjálfstæðis- og samstarfsflokks hefur nú runnið upp sá tími sem hver einasti hægrimaður hefur óttast lengi: Kjósendur hafa gleymt því hvernig íslenskir vinstrimenn stjórna landinu. Góðærið er slíkt, og tíminn orðinn það langur frá seinustu vinstristjórn, að sveitarfélög eru byrjuð að afþakka störf, fjármálafyrirtækjum er hótað með skattavendinum fyrir að skila of miklum hagnaði, farsælum útgerðarfyrirtækjum er hótað með eignaupptöku á kvóta, atvinnuástandinu góða er bölvað fyrir að vera þensluhvetjandi og svona má lengi telja. Kjósendur hafa með öðrum orðum gleymt því hvernig vinstrimenn fara með völdin á Íslandi.

Nú mætti eflaust spurja sig að því hvort ekki sé kominn tími á „breytingar“ og skipta hinum jakkafataklæddu og kynköldu peningamönnum út fyrir nútímalega og kynæsandi „græna“ stjórnmálamenn sem vilja „velferð“ og „jöfnuð“ í stað starfa og stöðugleika. Svarið við þeirri spurningu er nei. Reykvíkingar fengu nýverið nóg af sínum vinstrimönnum eftir 12 ára sjóðasukk og misheppnuð fjárfestingaævintýri. Af hverju ekki að nota þá reynslu til að minna okkur á stjórnunarhæfileika íslenska vinstrisins?

Sagan á það vissulega til að endurtaka sig, en er slíkt alltaf nauðsynlegt þegar hún er svo fyrirsjáanleg og umvafin dæmisögum úr íslenskum sveitarfélögum og ógnvekjandi kreppusögum úr fortíð? Ekki þykir mér það.

*Höfundur er verkfræðingur.*

**SENDIÐ OKKUR LÍNU**

Við hvetjum lesendur til að senda okkur línu og leggja orð í belg um málefni líðandi stundar. Greinar og bréf skulu vera stutt og gagnorð. Eingöngu er tekið á móti efni sem sent er frá Skoðanasíðunni á visir.is. Þar eru nánari leiðbeiningar. Ritstjórn ákveður hvort efni birtist í Fréttablaðinu eða Vísi eða í báðum miðlunum að hluta eða í heild. Áskilinn er réttur til leiðréttinga og til að stytta efni.






# Sjávarútvegur og Zimbabwe

**UMRÆÐAN**
Eignarréttur


SIGURGEIR B. KRISTGEIRSSON

Laugardaginn 10. mars sl. birtist á mbl.is svohljóðandi greinarkorn um efnahagshrunið í Zimbabwe: „Verðbólga mæld á tólf mánaða tímabili var 1.730% í Zimbabwe í febrúar. Hefur verðbólgan í landinu aukist um 136% frá því í janúar er hún mældist 1.594%. Síðastliðin sjö ár hefur ríkt efnahagsleg og stjórnmálaleg kreppa í Zimbabwe. Mikill skortur er á matvælum í Zimbabwe og er hætta talin á að hungursneyð vofi yfir stórum hluta íbúa landsins.“

Í júlí 2004 ritaði ég svargrein við grein Þorvaldar Gylfasonar prófessors um ástandið í Zimbabwe í Fréttablaðinu. Þar sagði meðal annars: „Það voru mér mikil vonbrigði að lesa grein Þorvaldar Gylfasonar, prófessors í hagfræði við Háskóla Íslands, í Fréttablaðinu þann 1. júlí síðastliðinn. Í grein sinni rekur Þorvaldur átök í Afríkuríkinu Zimbabwe, áður Ródesíu. Hann lýsir því hvernig minnihluti hvítra manna hafi numið land meirihluta blökkumanna í skjóli nýlendustefnu Breta fyrr á öldum, líklega á átjándu og nítjándu öld. Þá lýsir hann því hvernig blökkumenn reyndu að ná landinu aftur til sín gegnum dómstóla á síðasta áratug tuttugustu aldarinnar eftir að þeir tóku við valdataumum í landinu 1980. Dómstólarnir hafi hins vegar dæmt gegn blökkumönnunum, að mestu á tæknilegum forsendum, og þannig hafi dómskerfið brugðist þeim. Þessum átökum er nú nýlokið með því að hópar vopnaðra svartra vígamanna, í skjóli Robets Mugabe forseta landsins, gamals marxista, fóru um eignarlönd afkomenda hvíta minnihlutans og hröktu fjölskyldur þeirra af eigum sínum með vopnavaldi og sumum tilfellum morðum. Í kjölfarið hafa lífskjör og efnahagur í Zimbabwe hrunið. Reyndar nefnir prófessorinn ekki morðin en þegar hann hefur lýst þessu kemur ótrúlega samlíking við tilurð hins íslenska kvótakerfis og síðan hálfgerð hótun um að ef útgerðarmenn skili ekki verðmætunum til baka fari fyrir þeim eins og hvíta minnihlutanum í Zimbabwe.

Orðrétt skrifaði Þorvaldur: „Útvegsmenn lögðu undir sig Íslandsmið eftir 1984 með leyfi Alþingis líkt og hvítingjar lögðu þriðjunginn af búendum Ródesíu undir sig á sinni tíð. Alþingi hefur ekki hirt um að uppræta ranglætið, enda þótt veiðigjald hafi loksins verið leitt í lög til málamynda 2002. Útvegsmenn hafa margir notað tímann til að skjóta auði sínum undan í þeirri von, að það verði að nægum tíma liðnum talið vera of seint að leiðrétta ranglætið. Þeir halda sennilega, að þeir séu hólpnir. Þeir ættu kannski að kynna sér ástandið í Simbabve.“ “

Þorvaldur Gylfason hefur verið ötull talsmaður þess að fiskimiðin og nýting þeirra verði „ævinleg eign þjóðarinnar“ eins og hann orðaði það nýlega í Fréttablaðinu. Með öðrum orðum, að hefjast eigi nú handa við þjóðnýtingu sjávarauðlindanna. Í annarri grein fyrir stuttu segir hann: „Uppsveiflan í efnahagslífinu undangengin ár hefur dreift athygli og áhyggjum kjósenda frá ranglæti kvótakerfisins.“

Með greinarkorni þessu vil ég biðja lesendur að kynna sér stöðu mála í Zimbabwe. Þá á ég ekki við mannréttindabrot Mugabe því þá hlið óttast ég ekki á Íslandi heldur stöðu efnahagsmála í landinu eftir að hvítir bændur voru hraktir af jörðum sínum. Landið er gjöfult en nýlegt skipulag, þar sem eignarréttur er virtur að vettugi, hefur leitt hrun og hungursneyð yfir þjóðina. Líklega er nú meiri jöfnuður í Zimbabwe en á Íslandi og Gini stuðullinn flatari. Hugleiðum þetta og tökum svo afstöðu til þjóðnýtingar sjávarútvegsins og þeirrar hugmyndar að hrekja alla núverandi útvegsmenn frá fyrirtækjum sínum! Ég er ekki í minnsta vafa um að fiskveiðistjórnarkerfið er ein af forsendum uppsveiflunnar í efnahagslífinu undangengin ár og ég er heldur ekki í vafa um hvaða afleiðingar það muni hafa á efnahagslífið ef Þorvaldi og skoðanasystkinum hans tekst að rústa þetta kerfi og þjóðnýta jafnframt auðlindir sjávarins. Þeim væri því hollt að kynna sér ástandið í Zimbabwe í þessu ljósi.

*Höfundur er framkvæmdastjóri Vinnslustöðvarinnar í Vestmannaeyjum.*

# Mannréttindi og utanríkismál

**UMRÆÐAN**
Mannréttindi


ÞÓRDÍS HAUKSDÓTTIR

Alþjóðleg ráðstefna um mannréttindasamninga Sameinuðu þjóðanna var haldin í Norræna húsinu mánudaginn 2. apríl. Valgerður Sverrisdóttir utanríkisráðherra gerði grein fyrir afstöðu stjórnvalda í erindi við upphaf ráðstefnunnar þar sem hún lagði áherslu á að auka þyrfti virðingu fólks fyrir mannréttindum, málefni sem væri í hjarta utanríkisstefnu landsins. Valgerður gerði ofbeldi gegn konum og börnum að umtalsefni og sagði útrýmingu þess áfanga á leið okkar til jafnréttis, þróunar og friðar. Hún taldi sömuleiðis ljóst að Ísland myndi halda áfram að stuðla að og auka virðingu fyrir mannréttindum, enda hornsteinn utanríkisstefnunnar. (Sjá grein Andra Karls, Morgunblaðinu 3. apríl síðastliðinn.)

Skilaboð utanríkisráðherra eru skýr og bera vott um góðan vilja hennar og utanríkisráðuneytisins, fyrirheit og trú á framlag Íslendinga á sviði mannréttindamála á alþjóðavettvangi. Góður vilji er hins vegar aðeins byrjunarreitur í átt til réttlætis og hefur litla þýðingu ef staðfestu og hugrekki skortir. Ásetningi utanríkisráðuneytisins að auka virðingu fyrir mannréttindum þarf að fylgja staðfesta ef standa á vörð um þessi réttlætismál í samskiptum við aðrar þjóðir og hugrekki til að gagnrýna opinberlega alvarlega glæpi gegn einstaklingum, þjóðum og mannkyni. Í samskiptum íslenskra yfirvalda og stærri þjóða hefur „góður vilji“ í mannréttindamálum því miður ekki alltaf mátt sín mikils, ekki síst þegar viðskiptahagsmunir hafa verið í sjónmáli. Rökin fyrir því að stefna að ábatasömum viðskiptum við þjóð þar sem yfirvaldið brýtur gróflega réttindi þegna sinna hafa meðal annars verið þau að slíkt geti stuðlað að opnara hagkerfi í viðkomandi landi sem muni á endanum eiga þátt í því að brjóta hvers konar óréttlæti á bak aftur. En staðreyndir tala líka sínu máli.

Um þessar mundir eru ólýðræðislega kjörnir fulltrúar stærstu þjóðar heims, þar sem mannréttindi eru virt að vettugi, þrátt fyrir að fulltrúar hennar sitji í sjálfu öryggisráði Sameinuðu þjóðanna, að undirbúa mesta íþróttaviðburð sögunnar. Alþjóðleg ólympíunefnd vonaðist til að leikarnir og öll sú uppbygging sem þeim fylgja hefðu jákvæð áhrif og myndu styrkja stöðu mannréttindamála í landinu. Skýrsla Amnesty International sýnir fram á hið gagnstæða: „Brotum á fólki fjölgar í Kína“ og stjórnvöld nota leikana, sem haldnir eru í anda friðar og réttlætis, „sem afsökun til þess að traðka á réttindum fólks í nafni allsherjarreglu“.

Ríkisstjórn Íslands, þar á meðal utanríkisráðherra, notaði einnig „allsherjarreglu“ sem átyllu, sumarið 2002. Það sumar voru mannréttindi ekki dýpst í hjarta utanríkisstefnu stjórnvalda þegar lýðræðislega varin réttindi voru brotin á fjölda fólks sem hingað kom, (eða reyndi að koma áður en það var stöðvað), til að mótmæla með löglegum hætti þeirri harðstjórn sem hér hefur verið nefnd.

Í ljósi þeirra leiðu mistaka annars vegar og orða utanríkisráðherra á hátíðarráðstefnu í Norræna húsinu sem er vitnað til hér að ofan hins vegar væru stjórnvöld og utanríkisráðherra menn og konur að meiri ef þau sýndu Íslendingum og alþjóðasamfélaginu viljann um aukna virðingu fyrir grunnréttindum fólks í verki. Opinber fordæming á illri meðferð, misþyrmingum og morðum á körlum, konum og börnum í Alþýðulýðveldinu Kína gæti á sama tíma „leiðrétt“ sögulega svínbeygingu kínversks harðstjóra á velvilja utanríkisráðuneytisins og ríkisstjórnar Íslands í mannréttindamálum, sumarið 2002.

*Höfundur er kennari.*

KRÓNAN
fyrst og fremst.

... í sumar !



# Gerum menntamál að kosningamáli

**UMRÆÐAN**
Menntamál

Alþingiskosningar nálgast og þær virðast ætla að verða mjög spennandi. Ákveðnir málaflokkar hafa fengið meiri athygli en aðrir, og má þar nefna umhverfismál og efnahagsmál. Það eru að sjálfsögðu mikilvægir málaflokkar en það er skoðun Stúdentaráðs Háskóla Íslands að menntamál hafi ekki fengið nægilega mikla athygli í aðdraganda kosninganna, þrátt fyrir að vera einhver mikilvægasti málaflokkurinn. Stúdentaráð hefur nú kynnt stefnuskrá sína og skorar á stjórnmálaflokkana sem bjóða fram til Alþingis að taka stefnumál stúdenta upp í sínar stefnuskrár og gera menntamál þannig að kosningamáli.


DAGNÝ ÓSK ARADÓTTIR

Stefnuskráin er einföld og markmiðið er að gera Ísland að þekkingarþjóðfélagi í fremstu röð. Stúdentaráð vill þess vegna að stjórnmálaflokkarnir leggi aukna áherslu á menntamál því þekking og rannsóknir eru lykilþættir í því að efla íslenskt samfélag og gera það samkeppnishæft á alþjóðagrundvelli. Aukin menntun á að vera forgangsverkefni hjá íslensku þjóðinni, því menntun er forsenda hagvaxtar og framfara og þar með betri lífskjara allra landsmanna. Stúdentaráð leggur áherslu á jafnrétti til náms og hafnar skólagjöldum á öllum stigum í opinberum háskólum því skólagjöld mismuna fólki og skerða jafnrétti til náms. Enginn vafi er á því að ef skólagjöld yrðu tekin upp myndu færri sækja sér háskólamenntun, sem aftur myndi lækka menntunarstig þjóðarinnar. Stúdentar myndu líka í mun minni mæli sækja í þær greinar sem ekki endilega gefa af sér háar tekjur að loknu námi og það gæti t.d. haft slæmar afleiðingar fyrir menningu okkar og þjóðararf. Lánasjóðsmál eru stúdentum einnig gríðarmikilvæg. Þau námslán sem stúdentum bjóðast í dag eru bæði lægri en lágmarkslaun og atvinnuleysisbætur og löngu er orðið ljóst að þau duga ekki fyrir framfærslu stúdenta. Námslánin verða að endurspegla raunverulega framfærsluþörf stúdenta og til þess að þau geri það þurfa þau að hækka umtalsvert. Stúdentaráð fagnar því að einhverjir stjórmálaflokkar hafi komið fram með hugmyndir um að hluti námslána breytist í styrk að námi loknu og skorar á aðra flokka að berjast einnig fyrir því á Alþingi. Þetta eru einungis nokkur af þeim stefnumálum sem Stúdentaráð leggur fram en meðal annarra má nefna að samkeppnisstaða háskóla hérlendis verði leiðrétt, að jafnrétti kynjanna á vinnumarkaði verði tryggt og að stúdentum verði gert kleift að leigja sér íbúð á viðráðanlegu verði. Stefnuskráin í heild verður birt á heimasíðunni loford.is og þar verða stefnumál stjórnmálaflokkanna sem bjóða fram til Alþingis borin saman við stefnu stúdenta.

*Höfundur er formaður Stúdentaráðs Háskóla Íslands.*

# Fjöll, fólk og fiskar

**UMRÆÐAN**
Ferðamál


SELMA DÖGG SIGURJÓNSDÓTTIR

Ferðatröll, sem er ferðafélag Dalvíkurbyggðar, stendur fyrir málþingi á laugardaginn kemur. Tilgangurinn er að upplýsa um og kanna nánar möguleika ferðaþjónustu í Dalvíkurbyggð. Einnig að efla tengsl ferðaþjónustunnar við aðrar atvinnugreinar og skoða hver hagræn áhrif atvinnugreinarinnar eru fyrir svæðið. Þingið er haldið í samvinnu við Ferðamálasetur Íslands, Framfarafélag Dalvíkurbyggðar og atvinnumálanefnd.

### Athyglisverðir fyrirlesarar

Á málþinginu verður kunnáttufólk með athyglisverða fyrirlestra svo sem um það hvernig maður byggir upp ferðaþjónustu í dreifbýli, um samlegðaráhrif og tengingar við annað atvinnulíf, um möguleika okkar vegna sérstöðu og menningar svæðisins, um fjallamennsku og heilsutengda ferðaþjónustu o.fl. Meðal þeirra sem flytja erindi eru Guðrún Þóra Gunnarsdóttir, deildarstjóri ferðamáladeildarinnar á Hólum og Edward Huijbens, forstöðumaður Ferðamálaseturs Íslands. Einnig er gert ráð fyrir því að unnið verði að hagnýtum viðfangsefnum í hópum svo sem því hvernig þau tækifæri sem við blasa verða sem best nýtt, hvaða ímynd við viljum að svæðið hafi og til hvernig ferðamanna við viljum helst ná.

### Friðland, fjöll, fólk og fiskur

Það er mikilvægt að við skoðum sameiginlega hvaða möguleikar eru helstir í ferðaþjónustu í byggðarlaginu og gerum okkur þá jafnframt grein fyrir því hvernig breyttar aðstæður snerta samfélagið. Ný Grímseyjarferja sem gefur nýja möguleika, er væntanleg í ár og eftir tvö ár opna Héðinsfjarðargöngin. Þessir nýju samgöngumöguleikar eru tækifæri fyrir ferðaþjónustuaðila og önnur þjónustufyrirtæki í Dalvíkurbyggð og það er því sameiginlegt verkefni ferðaþjónustuaðila og atvinnumálanefndar að skoða möguleikana sem í þessu felast og að gera eins mikið úr þeim fyrir Dalvíkurbyggð og unnt er. Málþingið er m.a. liður í þeirri viðleitni.

### Aukin fjölbreytni í atvinnulífi

Málþingið er öllum opið og þeir sem hafa áhuga á ferðaþjónustu eru hvattir til að mæta. Einkum er mikilvægt að þau sem starfa í ferðaþjónustu eða tengjast henni á einhvern hátt mæti og taki þátt í þessari vinnu. Og tengingarnar eru margvíslegar ef að er gáð. Fyrst og fremst er hér þó um að ræða atvinnumöguleika og þar með aukna fjölbreytni í atvinnulífi svæðisins. Málþingið verður haldið laugardaginn 21. apríl nk. í sal Dalvíkurskóla (sjá nánari dagskrá á www.dalvik.is).

*Höfundur er upplýsingafulltrúi Dalvíkurbyggðar.*


Ekkert blað?

Fyrst þú ert að lesa þetta þá hefurðu fengið Fréttablaðið. En til vonar og vara skaltu klippa þetta símanúmer út og hringja í það ef Fréttablaðið kemur einhverntímann ekki.

550 5600





- mest lesið


# Er Hjörtur Magni marktækur?

**UMRÆÐAN**
Trúmál

Það teljast engin nýmæli þegar fríkirkjupresturinn Hjörtur Magni birtist æstur á síðum blaðanna eða á skjánum heima í stofu hafandi yfir misfagra hluti um „stofnanakirkjuna“ og sjálfan sig. Þótt ég sé sammála Hirti í ýmsu og sjálfur ekki í Þjóðkirkjunni ofbýður mér hvernig hann fer ítrekað með hrein ósannindi.

Ég fór fyrst að veita eftirtekt þeirri undarlegu þráhyggju hans að ráðast á aðra kristna söfnuði þegar rógsherferð hans gegn Kaþólsku kirkjunni stóð sem hæst. Tönnlaðist hann þá á því að páfarnir hefðu allt fram á síðustu ár haldið því fram að jörðin væri flöt og refsað harðlega þeim sem voguðu sér að andmæla. Þessi fullyrðing var undarleg þar sem kirkjan hefur aldrei nokkurn tímann haldið öðru fram en að jörðin sé hnöttótt. Það vissu Íslendingar á miðöldum sem og kirkjunnar menn alla tíð, jafnt Ágústínus sem Tómas Aquinas. Þótt slíkar tröllasögur séu auðvitað engin nýmæli er með ólíkindum að menntaður prestur éti þær upp!

Í nýlegu viðtali í Blaðinu segir Hjörtur Magni Íslendinga „aðhyllast dulúð og mystík sem hefur verið úthýst af hinni stóru stofnanakirkju“. Þessi fullyrðing er jafnvel fáránlegri en sú um jarðkringluna. Hægt væri að fylla margar bækur einungis með nöfnum allra þeirra dulhyggjumanna, jafnt kaþólskra, orþódoxra og lútherskra, sem „stofnanakirkjan“ hefur alið. Eða var Teresa frá Avila kannski aldrei til – eða Meister Eckhart?

Ekki er ætlunin að rekja allar rangfærslur Hjartar Magna hér heldur einungis að benda á að manninn virðist ekki vera hægt að taka alvarlega.


ÓLAFUR HAUKUR ÁRNASON

Rangfærslur hans hafa verið fjölskrúðugar í tímans rás, allt niður í fullyrðingu hans um að fyrsta „grasrótar-trúfélag“ landsins hafi verið stofnað árið 1899: Fríkirkjan í Reykjavík, „evangelískt lútherskt trúfélag í anda trúfrelsis og jafnræðis“. Þrátt fyrir þann rósrauða bjarma sem svífur yfir orðum prestsins málglaða var fyrsti fríkirkjusöfnuður landsins stofnaður í Reyðarfjarðarhreppi nokkru fyrr eins og Guðmundur Magnússon, fyrrverandi fræðslustjóri á Austurlandi, benti á í kjölfarið.

En er Hjörtur Magni að ljúga? Það er auðvitað skammarlegt ef prestur er ekki betur að sér um slík atriði eftir fullt háskólanám í guðfræði! En þar sem hann hefur ekki einu sinni sögu síns eigin trúfélags á hreinu eins og sést hér að ofan, má auðvitað vel vera að þekking hans á heimskirkjunni sé enn aumari.

Fyrir skömmu kærðu átta Þjóðkirkjuprestar Hjört Magna til siðanefndar Prestafélagsins. Athygli vekur að hann segir í fyrrnefndu viðtali í Blaðinu: „[Þ]ar eru ýmis atriði tínd til, svo sem afstaða mín til samkynhneigðra.“ Lítið var þó um svör þegar innt var eftir útskýringu. Sjálfum er mér ekki kunnugt um að prestum sé skylt að hafa einhverja ákveðna skoðun á samkynhneigðum og eftir því sem ég veit best kemur afstaða hans til þeirra kærunni ekki einu sinni við. Á meðal áttmenninganna er svo enn fremur að finna jafnt frjálslynda sem íhaldssama presta. Þessi staðhæfing Hjartar Magna verður því að teljast nokkuð grunsamleg þótt erfitt sé að fullyrða neitt um kæruna sem ekki hefur birst opinberlega. En ef Hjörtur Magni fer rangt með, munu samkynhneigðir þá láta bjóða sér að hann notfæri sér réttindabaráttu þeirra til að bjarga eigin skinni og koma óorði á aðra?

Með þessari grein vil ég fyrst og fremst skora á Hjört Magna að segja sannleikann og að fletta a.m.k. upp í almennum uppsláttarritum áður en hann dúndrar enn einni fullyrðingunni í fjölmiðla. Í öðru lagi vil ég hvetja fólk til að líta alla umræðu gagnrýnum augum og láta ekki blekkjast af illa grunduðum sleggjudómum. Prófið t.d. að nota netið, fletta upp „Christian mysticism“ á Wikipedia og sjá hvort „stofnanakirkjan“ hafi í raun „úthýst dulúðinni og mystíkinni“ eins og Hjörtur Magni segir. Að lokum hvet ég þá Þjóðkirkjupresta, sem kært hafa Hjört Magna, til að falla frá ákærunni. Það þarf engan dómstól til að dæma málflutning hans dauðan og ómerkan – einungis gagnrýnt hugsandi einstakling.

Hjörtur Magni segist berjast gegn bókstafstrú í nafni Lúthers, upphafsmanns nútíma bókstafstrúar – mannsins sem setti Biblíuna á álíka stall og Kóraninn stendur á meðal múslima! Hann segist berjast gegn ríkiskirkjunni í nafni Lúthers, mannsins sem fyrstur kom kirkjunni undir ríkisvaldið hér á Vesturlöndum! Er virkilega hægt að taka mark á honum? Ég tek þó undir það með Hirti Magna að ríkiskirkja sé ekki ákjósanlegur kostur. Samt verðskuldar engin stofnun rógburð, sama hversu „djöfulleg“ hún er í augum fríkirkjuprestsins.

*Höfundur er námsmaður og áhugamaður um trúarbrögð.*

# Bætum skólastarfið í heild

**UMRÆÐAN**
Skólafélagsráðgjöf

Í þessari viku fer fram aðalfundur Félags íslenskra skólafélagsráðgjafa. Félagið er fagdeild innan Félagsráðgjafafélags Íslands og hefur það að markmiði að stuðla að kjörskilyrðum nemenda á hverjum tíma. Þessu markmiði hyggst félagið ná með því að efla faglega umræðu skólafélagsráðgjafa og styrkja stöðu þeirra innan skólakerfisins.

Nú þegar eru félagsráðgjafar starfandi í grunn- og framhaldskólum landsins. Þeir vinna á heildrænan hátt með nemendum, fjölskyldum, kennurum, stofnunum sveitarfélagsins og öðrum sem tengjast einstökum nemendum og skólastarfinu. Menntun félagsráðgjafa er fólgin í að greina vanda, veita ráðgjöf og upplýsingar um félagsleg samskipti og erfiðleika, vinna með samskipta- og tilfinningaörðugleika og samræma þjónustu innan og utan skólans.

Markmið skólafélagsráðgjafa er að bæta skólastarfið í heild, skólagöngu nemenda og tilfinningalega og andlega velferð þeirra. Nánd skólafélagsráðgjafa við nemendur grunnskólans veitir möguleika á snemmtækri íhlutun gagnvart vandamálum nemandans og fjölskyldu hans. Samskiptavandi foreldra og barns, hjónaskilnaðir, veikindi, einelti, kvíði og depurð eru m.a. áhrifavaldar á líðan barna í skóla. Skólafélagsráðgjafar eru lykilstarfsmenn skólans í barnaverndarmálum og vinna náið með félagsþjónustu sveitafélaganna við úrlausn þeirra. Skólafélagsráðgjafinn er mikilvægur tengill milli heimilis og skóla í nánu samstarfi við kennara barnsins.


ELÍSA R. INGÓLFSDÓTTIR


JÚLÍANA JÓNSDÓTTIR


ANDREA GUÐMUNDSDÓTTIR

Í samfélagsumræðunni síðustu mánuði hefur meðal annars verið rætt um Vinaleiðina, úrræði sem boðið er upp á í nokkrum skólum til að sinna þörf barna og unglinga fyrir stuðning og ráðgjöf í persónulegum málum. Í því sambandi viljum við vekja athygli á kunnáttu skólafélagsráðgjafans til að sinna þessum málaflokki. Einnig viljum við vekja athygli á löngum biðlistum í ýmis úrræði tengd börnum og unglingum, t.d. hjá skólasálfræðingum og á Barna- og unglingageðdeild. Þetta sýnir fram á þá miklu þörf sem til staðar er í íslensku skólakerfi fyrir aukna þjónustu eins og þjónustu skólafélagsráðgjafans.

Á næstu vikum mun Félag íslenskra skólafélagsráðgjafa, í tengslum við Félagsráðgjafafélag Íslands, senda öllum skólastjórum í grunn- og framhaldsskólum landsins ásamt formönnum fræðslunefnda sveitarfélaganna bréf þar sem gerð er grein fyrir sérstöðu skólafélagsráðgjafa og þeirra störfum.




**699** kr/kg. áður 913 kr/kg.
Borgarnes dönsk grísabógsteik




**295** kr/kg. áður 656 kr/kg.
Goða saltað folaldakjöt m/beini

**295** kr/kg. áður 656 kr/kg.
Goða reykt folaldakjöt m/beini




**299** kr/kg. áður 581 kr/kg.
Goði svið verkuð




**899** kr/kg. áður 1.344 kr/kg.
Borgarnes bayonneskinka




**650** kr/kg. áður 1.000 kr/kg.
Holta hálfúrbeinað læri án skinns




**364** kr/kg.
Lambasperðlar taðreyktir



**149** kr/pk.
Coop hollensk grænmetisblanda



**99** kr/kg.
Kiwi

H:N markaðssamskipti / SÍA Hönnun: Víkurfréttir

## allt í matinn á einum stað

Birt með fyrirvara um prentvillur
Tilboðin gilda: 20. apríl til 22. apríl eða á meðan birgðir endast
www.netto.is

netto
Akureyri - Grindavík - Mjódd Reykjavík - Salahverfi Kópavogi - Höfn



BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS
Pepsi MAX
598 KR.
6x 2 lítrar
Ferskt lambafille
...fyrir góðan dag!
KS
Ferskt lambafille
kílóverð nú:
1998 KR.
Sítrónukristall
598 KR.
6x 2 lítrar
Hér koma
PEPSI
MAX
Kristall
Kipputilboð
12 lítrar
ÚRVALS
NÝSJÁLENSKT
UNGNAUTAHAKK
BÓNUS
4 ungnautaborgarar
4 hamborgarabrauð
verð nú:
449 KR.
Merkt verð 598KR.
AFSLÁTTUR 25% VIÐ KASSANN
TILBOÐ
350 gr
Hrá salat
Kartöflu salat
KF SALAT
98 KR.
350g
Nýtt í Bónus!
Nýja rauða Wella línan
komin í Bónusverslanirnar!
EKKERT BRUDL
SHOCKWAVES
Tame it!
Boost it!
ULTRA STRONG
ROCK & HOLD GEL
STRONG
WET LOOK GEL
ULTRA STRONG
POWER HOLD GEL
ULTRA STRONG
MESS CONSTRUCTOR CREAM
Long-lasting Hold for a Messed-Up Look
HOLD
STRONG
CONTROL MOULDING WAX


Ferskar kjúklingabringur
Bringur
íslenskar og ferskar
kílóverð nú:
1398 KR.
Merkt verð 1864KR.
Beinlausir frosnir
LAXABITAR
norðanfiskur
Beinlausir laxabitar
kílóverð nú:
938 KR.
frá Norðanfiski
Bónustilboðin!
Bónus ungnautahakk
Bónus ungnautahakk
kílóverð nú:
899 KR.
Merkt verð 1198KR.
ÚRVALS NÝSJÁLENSKT
UNGNAUTAHAKK
Tilbúið SPELT pitsudeig
Spelt pitsudeig
259 KR.
400g
EINIBERJA LAMBALÆRI
kílóverð nú:
1069 KR.
Merkt verð 1781KR.
Sjáðu verðið!
Læri/leggir
kílóverð nú:
298 KR.
Merkt verð 398KR.
Læri og leggir
25%
afsláttur
við kassann
Einiberja
lambalæri
40%
afsláttur
við kassann
Ferskir kjúklingabitar
www.bonus.is
BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS

**BERNARD KATZ (1911-2003) LÉST ÞENNAN DAG.**

*„Skipulögð trúarbrögð: heimsins stærsta pýramídasvindl.“*

***Nóbelsverðlaunahafinn Katz var mikill vísindamaður og ötull andófsmaður trúarbragða.***



# tímamót

timamot@frettabladid.is

**ÞETTA GERÐIST** 20. APRÍL 1999

## *Skotárásin í Columbine*

Á þessum degi árið 1999 réðust Eric Harris og Dylan Klebold, þá átján og sautján ára gamlir, að samnemendum sínum og kennurum í Columbine-skólanum í Jefferson-sýslu í Colorado með hörmulegum afleiðingum. Harris og Klebold skutu tólf nemendur og einn kennara til bana og særðu tuttugu og fjóra til viðbótar, áður en þeir frömdu sjálfsmorð. Atburðurinn var næstalvarlegasta skotárás í skóla í Bandaríkjunum, á eftir árás Charles Josephs Whitman á nemendur í Texas-háskóla í Austin árið 1966. Eftir hörmulega atburði vikunnar í Virginia Tech í Blacksburg, Virginíu, telst skotárásin í Columbine sú þriðja alvarlegasta í sögu Bandaríkjanna.



**HARRIS OG KLEBOLD**

Árásin hófst klukkan tuttugu mínútur yfir ellefu að morgni þriðjudaginn 20. apríl. Hún stóð yfir í fjörutíu og fimm mínútur, eða þar til að árásarmennirnir frömdu sjálfsmorð.

Fimm árum eftir atburðina í Columbine birtist grein í tímaritinu Slate, þar sem aðalrannsóknarmaður alríkislögreglunnar í Columbine-málinu og aðrir geðlæknar sögðu Harris hafa verið heilann á bak við árásirnar. Hann hefði verið haldinn mikilmennskubrjálæði og á sama tíma skort samúð, samvisku og stjórn á skyndihvötum. Yfirvöld töldu Klebold hins vegar hafa verið þunglyndan.

Vegna sjálfsmorða Harris og Klebolds hefur aldrei fengist niðurstaða í vangaveltum um hvað varð til þess að drengirnir gerðu árás á samnemendur sína.

## MERKISATBURÐIR

1602 Einokunarverslun Dana hefst hér á landi þegar konungur veitir borgurum Kaupmannahafnar, Málmeyjar og Helsingjaeyrar einkaleyfi til verslunar á Íslandi.

1902 Pierre og Marie Curie einangra radíum.

1906 Miklir skjálftar verða í Ölfusi og Flóa með þeim afleiðingum að tuttugu og fjórir bæir hrynja til grunna.

1930 Dómsmálaráðherrann Jónas Jónsson frá Hriflu víkur Helga Tómassyni úr stöðu yfirlæknis á Kleppi vegna ummæla um geðheilsu hans.

1970 Ellefu íslenskir námsmenn ráðast inn í sendiráð Íslands í Stokkhólmi til að mótmæla bágri aðstöðu námsmanna.

## AFMÆLI



**Vilhjálmur Bjarnason viðskiptafræðingur** er 55 ára.



**Halldór Áskelsson, fyrrverandi knattspyrnumaður,** er 42 ára.



**Steinunn Þórarinsdóttir myndlistarkona** er 52 ára.



**Bjarni Haukur Þórsson, leikari og leikstjóri,** er 36 ára.

## FÆDDUST ÞENNAN DAG



**Adolf Hitler, leiðtogi nasista,** 1889.



**Ryan O'Neal leikari** 1941.



**Gro Harlem Brundtland, fyrrum forsætisráðherra Noregs,** 1939.



**Carmen Electra leikkona** 1972.

## AFMÆLI KVÍSKERJABRÆÐRA

Í tilefni af afmælum Kvískerjabræðra, þeirra Sigurðar Björnssonar 90 ára, Helga Björnssonar 82 ára og Hálfdáns Björnssonar 80 ára ætla sveitungar þeirra og vinir að halda þeim kaffisamsæti í Hofgarði í Öræfum á morgun, laugardaginn 21. apríl, frá 15 til 18. Að ósk bræðranna eru gjafir afþakkaðar. Allir eru hjartanlega velkomnir. Nánari upplýsingar hjá Halldóru s. 478 1727, Pálínu s. 478 1760 og Laufeyju s. 4781074.



**ÖGURSTUND** Þör keppa í Drekktu betur og segir núverandi umsjónarmaður keppninnar að fólk komi hvaðanæva að til að taka þátt í henni. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

**GRAND ROKK** DREKKTU BETUR Í 200. SKIPTI Í KVÖLD

# Síbreytileg spurningakeppni

Drekktu getur, vikuleg spurningakeppni Grand Rokks, verður haldin í 200. skipti í kvöld. Freyr Eyjólfsson útvarpsmaður er upphafsmaður kepninnar.

„Ég var nýkominn frá Englandi þar sem ég hafði skellt mér á „pub quiz“ og undraðist bara yfir því að það væri ekki til neitt slíkt á Íslandi. Svo ég byrjaði bara með þetta á Grand Rokki, þar sem eigandinn, Karl Hjaltested, var alltaf til í að gera allt og allar flippuðustu hugmyndirnar urðu að veruleika samstundis,“ sagði Freyr.

Hann hagræddi og breytti formi spurningakeppninnar hins vegar aðeins og er form Freys enn í heiðri haft í dag. „Ég bjó til þetta form að hafa þrjátíu spurningar, að staðurinn splæsti bjórkassa á það tveggja manna lið sem ynni, og að hafa átjándu spurningu alltaf bjórspurningu,“ útskýrði Freyr. Hann segir þó aðeins fastara form hafa verið á keppninni í árdaga hennar en það er í dag. „Það var alltaf ein spurning úr Tinna, ein spurning úr Íslendingasögunum og ein úr Biblíunni,“ sagði hann.

Eftir að Freyr lét af störfum sem umsjónarmaður Drekktu betur fetuðu ekki síðri vísdómsmenn í fótspor hans. „Jón Proppé sá þá um að bóka spyrla og halda utan um þetta, næstur kom Davíð Þór Jónsson og svo Kristinn glæpaforingi – þetta er glæsilegur flokkur manna,“ sagði Freyr. Gunnari Árnasyni, umsjónarmanni Drekktu betur í dag, þykir Ómar Ragnarsson hins vegar hafa verið hvað eftirminnilegastur í spyrilshlutverkinu. „En mismunandi fólk kemur með mismunandi keppni. Spyrlarnir spyrja sinna spurninga, sama hvort það er upp úr þeirra áhugamáli eða almenns eðlis. Þetta er síbreytilegt,“ sagði hann. Gunnar sagði fólk flykkjast hvaðanæva að til að taka þátt í keppninni. „Það koma líka margir krakkar sem hafa tekið þátt í Gettu betur í gegnum tíðina og vilja viðhalda þessari hefð. Stemningin er alltaf rífandi góð.“

Í tilefni af afmælinu segir Gunnar vel geta farið svo að verðlaun í keppninni verði enn veglegri. Hún hefst klukkan hálf sex í kvöld.

sunna@frettabladid.is



**UPPHAFSMAÐUR DREKKTU BETUR** Freyr Eyjólfsson útvarpsmaður kom keppninni á laggirnar fyrir um fjórum árum, vegna skorts á pub-quiz hér á landi. FRÉTTABLAÐIÐ/HARI



*Elskulegur eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,*

**Ingvi Brynjar Jakobsson**

fyrrv. lögregluvarðstjóri á Keflavíkurflugvelli,

lést þriðjudaginn 17. apríl. Jarðarförin auglýst síðar.

**Ragnheiður Elín Jónsdóttir**
**Eva Bryndís Ingvadóttir**
**Þórunn Elísabet Ingvadóttir**
**Eyrún Jóna Ingvadóttir**
**Aðalheiður Ingvadóttir**
**Anna Ingvadóttir**
**Erla Ingvadóttir**
**Brynjar Ragnar Ingvason**
**tengdabörn, barnabörn og barnabarnabörn.**



*Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,*

**Jón Vilhelm Ákason**

frá Djúpavogi, Dvalarheimilinu Höfða, Akranesi,

andaðist á Sjúkrahúsi Akraness mánudaginn 16. apríl. Jarðarförin auglýst síðar.

**Halla Jónsdóttir**
**Hanna Jónsdóttir** **Ingólfur Hrólfsson**
**Alda Jónsdóttir** **Eyþór Guðmundsson**
**Axel Jónsson** **Margrét Gísladóttir**
**Áki Jónsson** **Bryndís Tryggvadóttir**
**Jóhann Jónsson** **Sigríður Jónsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



## 50 ára í dag

**Guðmundur Sigþórsson,**

framkvæmdastjóri er fimmtugur í dag. Hann er með opið hús í kvöld og tekur á móti ættingjum, vinum og samferðafólki í Tónlistarhúsinu Ými, við Skógarhlíð, kl. 20.00 - 23.00. Boðið verður upp á léttar veitingar, söng og gamanmál.

**Nýir fiskréttir**
hafa bæst við 1944-flokkinn hjá Sláturfélagi Suðurlands. Réttirnir eru plokkfiskur, fiskibollur og ýsa í ostasósu. Eins og allir 1944-réttir eru þeir tilbúnir á örfáum mínútum.



**Offita**
er orðið svo mikið vandamál hjá börnum í Bretlandi að skólabúninga í yfirstærð þarf ekki að sérpanta lengur heldur eru þeir fjöldaframleiddir.

**Tíu strikamerki**
af vörum Knorr geta skilað 100.000 króna úttekt í Kringlunni. Sé tíu merkjum safnað er hægt að velja um lasagnefat eða svuntusett og að auki fara allir sem taka þátt í stóra pottinn þar sem vinningurinn er áðurnefnd úttekt.

**Islenskt.is**
tekur þátt í sýningunni Sumar 2007 sem haldin verður í Fífunni í Kópavogi dagana 20–22 apríl. Netleikur verður í gangi þar sem meðal annars er hægt að vinna helgardvöl á Hótel Flúðum fyrir tvo auk grænmetiskarfa.



# allt








Guðjón vill hafa eldamennskuna grófa og fljótlega. Hann segist ekki hafa tíma til að bíða eftir að hrísgrjón kólni svo það eru engin hrísgrjón í hans sushi.

# Best að snæða ber að ofan

***Guðjón Þorsteinn Pálmarsson, leikari og leikstjóri, er mikill villimaður í eldhúsinu. Hans uppáhaldsréttur er villimanna-sushi.***

Guðjón hefur einfaldan smekk þegar kemur að mat. Hann á að vera einfaldur, fljótlegur og helst hrár. „Villimanna-sushi er lýsandi réttur fyrir þessa stefnu mína,“ segir Guðjón. „Maður tekur laxaflak og úrbeinar það, roðhreinsar og sker í bita. Með bitunum ber maður fram fullt af wasabi, sojasósu, smá af engifer og piparrót.“

Matreiðsluleiðbeiningar Guðjóns eru einfaldlega að éta matinn eins og hann kemur. „Ég vil helst hafa allt á stórum diski svo allt sé til taks. Smyrja sósu og wasabi á laxinn og piparrótinni og engiferinu með,“ segir Denni og bætir við með kaldhæðnum tón: „Mér finnst best að taka rótina sér og reyni að sýna mikla karlmennsku og borða mikið af henni án þess að grenja. Ég er að verða betri og betri í því.“

Matinn borðar Guðjón með pinnum eða einfaldlega puttunum. „Það er langbest. Svo verður maður helst að vera ber að ofan og fara bara í sturtu eftir matinn,“ bætir hann við og hlær.

Ástæðurnar fyrir fljótheitunum í eldamennskunni eru ærnar. Mikið hefur verið að gera hjá Guðjóni upp á síðkastið en hann hefur bæði verið að leika og leikstýra auk þess að vinna fulla dagvinnu. „Við vorum að enda við að frumsýna Examinasjón sem heppnaðist mjög vel,“ segir Guðjón. „Leikararnir bjuggu verkið til sjálfir og það er alveg drepfyndið. Ég mæli með að fólk kíki á www.myspace.com/studentaleikhusid og kynni sér málið.“

*tryggvi@frettabladid.is*






**Vissir þú** að bananar vaxa ekki á trjám heldur á rótarstöngli og að þeir vega að meðaltali 126 grömm?




## Sérfræðingar í saltfiski

**Ekta fiskur** Sælgæti úr sjónum
**Sími: 466 1016**
**ektafiskur@emax.is**

**Þjónustum verslanir, veitingahús o.fl.**

**Fyrir verslanir:**

**Til suðu:**
saltfiskbitar blandaðir
gellur
gollaraþunnildi

**Til steikingar:**
saltfiskbitar blandaðir
saltfiskkurl
saltfiskhnakkar tvær stærðir (lomos)
gellur

**Fyrir veitingahús – hótel – mötuneyti:**
saltfiskhnakkar tvær stærðir (lomos)
saltfiskbitar blandaðir til suðu og steikingar
saltfiskkurl

**Fyrir utan saltfiskinn þjónustum við sitthvað fleira, svo sem:**
ýsuhnakka
rækjur
þorskhnakka
steinbítskinnar og bita




Íslendingar komust töluvert seinna á bragðið en aðrar þjóðir en talið er að kaffi hafi ekki borist hingað fyrr en seint á átjándu öld.

# Ekki alvörubaunir

***Kaffibaunir bárust frá norðausturhluta Afríku út um allan heim.***

Kaffibaunir eru í rauninni ekki baunir heldur fræin í berjum kaffitrésins en talið er að ástæðan fyrir því að þau eru kölluð kaffibaunir sé að kaffi á arabísku er qahwa og ber bunn. Í hverju beri eru tvö fræ sem eru þurrkuð og ristuð til þess að hægt sé að mala þau og búa til kaffi úr þeim.

Kaffitréð eða Coffea arabica er upprunnið í norðausturhluta Afríku þaðan sem það barst til Arabíu og var fyrsta kaffihús heims opnað í Mekka í kringum 1511. Um 1554 hafði kaffi borist til Istanbúl og var þá opnað kaffihús þar. Evrópubúar komust fyrst í kynni við kaffi í Istanbúl en það barst ekki til Evrópu fyrr en á sautjándu öld og var þá fjöldi kaffihúsa opnaður í hinum ýmsu löndum. Eitt af fyrstu kaffihúsunum í Evrópu var opnað í Oxford í kringum 1650 og var það strax vel sótt.

Íslendingar komust töluvert seinna á bragðið en aðrar þjóðir en talið er að kaffi hafi ekki borist hingað fyrr en seint á átjándu öld og var það ekki drukkið að ráði hér á landi fyrr en á nítjándu öld. Til að byrja með vafðist það eitthvað fyrir Íslendingum hvernig best væri að hella upp á kaffi og samkvæmt gamalli uppskrift átti að sjóða það í einhvern tíma með fiskroði til þess að bragðið yrði sem best. Nú eru Íslendingar hins vegar engir eftirbátar annarra þjóða í kaffidrykkju og uppáhellingum og kaffibaunir af öllum gerðum eru fluttar hingað til lands. Fullkomnar kaffivélar eru komnar inn á flest heimili og margir mala baunirnar sjálfir svo að kaffið sé ferskt, en þannig er það náttúrlega langbest.

- eö

## Nokkrar góðar

KAFFI MÁ NOTA Í ÝMSAR UPPSKRIFTIR OG DRYKKI.

**Heitt og kalt**
Tvöfaldur espresso eða mjög sterkt lagað kaffi, 6-8 cl eftir smekk
Ein vanilluískúla
10 cl heitt dökkt súkkulaði
2-4 tsk. Routin-sýróp að eigin vali. Ávaxtasýróp eru til dæmis mjög góð.

**Besti frjálsi drykkurinn í Kaffibarþjónakeppni Íslands 2004**
*Uppskrift fyrir 2 bolla*
2 espresso
2 tsk. appelsínusíróp
10 g hvítt appelsínusúkkulaði
20 g dökkt súkkulaði með kaffifyllingu frá Café tasse (belgískt gæðasúkkulaði sem fæst í Te og kaffi)
20 cl heit nýmjólk, bræðið súkkulaðið út í mjólkina og hellið yfir kaffið.
Skreyting: mjólkurfroða og þar ofan á skraut sem búið er til úr appelsínu og dökka súkkulaðinu.

**Espresso soufflé**
3-4 cl espresso
heitt súkkulaði, Valrhona 66% kakó, Carabian Mango Purre, eða sýróp
ítalskur marengs óbakaður
Lagið espressóinn í 9-10 cl bolla. Hitið súkkulaðið og blandið mangóinu út í, setjið marengsinn ofan á og flamberið.


Þúsundeyjasósa...
... þegar vindur hvín!




*Góð með kjúklingi, svínakjöti, reyktum laxi, graflaxi, sem salatsósa og í kalt pastasalat hverskonar.*

Hvítlaukssósa...
... þegar sólin skín!




Grafika 03/2007

VOGABÆR

*Frábær köld með kjúklingi og lambakjöti og út á pizzuna. Góð á saltkexið með rifsberjahlaupi og sem ídýfa.*



ELBA eldunartæki og uppþvottavélar
Nettoline innréttingar
Snaigé kæliskápar
Fríform þar sem þú færð meira fyrir peningana
ÞÚ HITTIR BEINT Í MARK ÞEGAR ÞÚ KAUPIR INNRÉTTINGU Í FRÍFORM
Opið: Mán. - fös. kl. 9-18 Laugardaga 10-15
Fríform
Askalind 3 · 201 Kópavogur · Sími: 562 1500






FRÉTTABLAÐIÐ
– smáauglýsingar sem allir sjá

Fíton/SÍA



Hvað er að frétta?




Beint í farsímann eða í vefpósti_

www.visir.is
vísir
Fyrstur með fréttirnar!

## Fellihýsi




## Vinnuvélar




**Eigum á lager öflugar:**
Vacuum-og vatnsdælur í mörgum stærðum. Tilvaldar fyrir verktaka og bændur. Vélaborg Krókhálsi 5F Reykjavík(gengið inn frá Járnhálsi). Sími 414 8600 og Njarðarnesi 2, Akureyri. Sími 464 8600.

## Lyftarar




**Körfubílaleigan.**
Ódýr og góð þjónusta. Vinnuhæð 32 metrar. Sala og leiga. S. 893 3573.




## Bátar




**Suzuki utanborðsmótorar**
Suzuki utanborðsmótorar í miklu úrvali. Frábær verð. Suzuki Umboðið ehf. S. 565 1725 www.suzuki.is



Þessi bátur, Galeon 39 fet er til sölu, staðsettur í Snarfara. Hef einnig upplýsingar um aðrar stærðir. Sími 864 7684.

## Bílaþjónusta




## Hjólbarðar

4 stk 14" á Legacy fel. á 8 þ. 2 stk 14" á 3 þ. 4 stk 265/70 16" á 12 þ. 3 stk. 32" 11,5 15" á álf. á 12 þ. 2 stk. 265/70 16" á fel. á 8 þ. 1 stk. 265/70 15" á álf. á 4 þ. 1 stk. 31x10,5 á álf. á 4 þ. 3 stk. 30x9,5 15" á fel. á 12 þ. 4 stk. 15" Opel fel. á 6 þ. 3 stk. 205/55 16" á 6 þ. S. 896 8568.

4 stk dekk með álfelgum fyrir Dodge Durango til sölu. Verð 80þ. Uppl. í s. 824 2926.

Jeppadekk og flottar felgur til sölu. 265/R17. Passa undir Land Cruiser '90. Uppl. í s. 587 2535 & 895 8826.

## Varahlutir

**Partar s. 565 3323**
Partar Kaplahrauni 11, s. 565 3323. Varahlutir í bíla þ.á.m. Ford, Opel, Daewoo. Kaupum bíla

Partar VTS . Subaru Impresa 2,0GX '03 Toyota, Nissan, Opel, Audi 100 '95, Lancer Golf. Opið 8-18. Lau. 10-15. Sími 421 8090.

**Bílapartar ehf**
**S. 587 7659.**
Eigum mikið úrval af varahlutum í flestar gerðir Toyota bifreiða. Kaupum Toyota bíla. Opið virka daga frá kl. 9.00 - 18.00.

bilapartar@bilapartar.is

www.bilapartar.is

**Partasalan Sími 557 7740**
Partasalan Skemmuvegi 30, sími 557 7740. Eigum varahluti í Volvo, Opel, Nissan, Toyota, Renault, Honda og fleira.

Varahlutir í VW Golf, Polo og Yaris, Renault Kangoo. Viðgerðir. Kaupi bíla. Uppl. í s. 554 1610 & 892 7852.

Varahlutir í Sunny árg. '93, Legacy '93, Accent '95. S. 896 8568.

# KEYPT & SELT

## Til sölu




Felliveggir - Öryggishlið - Sólhýsahurðir. Addco Ehf. S. 586 9010 addco@addco.is Auðbrekku 2, 200 Kóp.







Hvað skiptir öllu máli?

www.skiptimarkadur.is

Þú færð að skrá frítt til 1.6.07

Á ýmsar stærðir af ísskápum á 8 og 10 þ. Þvottavél á 10 þ. Uppþvottavél á 10 þ. Frystikista á 10 þ. Þurrkari á 10 þ. Eldavél á 8 þ. Ný eldhúsvifta á 5 þ. 28" tv á 10 þ. 20" tv á 5 þ. Örbylgjuofn á 3 þ. Húsbílaísskápur á 35 þ. Frystiskápur á 6 þ. Barnaþríhjól á 2 þ. S. 896 8568.

**Þvottavélar og þurrkarar**
Til sölu nokkrar yfirfarnar þvottavélar, uppþvottavélar og þurrkarar. Tökum bilaðar upp í. Einnig varahlutir í þvottavélar. S. 847 5545.

## Hljóðfæri



Rafmagnsgítar, 10W magnari, poki, snúra, ól, stillitæki og gítarneglur. Kr.19.900,- Gítarinn, Stórhöfða 27. Sími 552 2125 www.gitarinn.is - gitarinn@gitarinn.is

## Sjónvarp

Sjónvarps/videoviðgerðir. Afsl. til elli/öryrkja. Sækjum. Litsýn, Síðumúli 35. S. 552 7095.

## Tölvur




**Ódýrar tölvuviðgerðir**
Kem samdægurs í heimahús. Kvöld- og helgarþjónusta. Magnús s. 695 2095.

## Verslun









**....Nýjar vörur nýkomnar...**
Glæsileg föt frá Gina Bacconi...Michaela Louisa...Haust. Verslunin Emilía er flutt að Suðurlandsbraut 50 ( Bláu Húsin ) við Fákafen. Vertu velkomin. Opið 11-18 virka daga, 11-16 laugard. Sími 588 9925 www.gala.is

# ÞJÓNUSTA

## Hreingerningar




Öll almenn ræstingarþjónusta fyrir einstaklinga, fyrirtæki og stofnanir. Sími 862 6778 & 868 5599. hreingerningar.is

Ertu að flytja? Og búin á því? Láttu mig um þrifin. Föst verðtilb. Flutningsþrif Bergþóru, s. 699 3301.

Tek að mér reglulega þrif. Fyrirtæki og heimili. Einnig flutningsþrif. Svæði ehf. S. 848 7367.

Tökum að okkur þrif í heimahúsum, flutningsþrif og hreingerningar, vönduð vinnubrögð. Föst verðtilboð. Uppl í s. 663 1901.

## Garðyrkja










Nú er rétti tíminn fyrir trjáklippingar sem og að fá tilboð í garðslátt og önnur verkefni sumarsins. Húsfélög, einstaklingar og fyrirtæki, verið velkomin í hóp ánægðra viðskiptavina frá 1988! Garðar Best s. 698 9334.




Garðsláttur, trjáklippingar, garðaúðun, beðahreinsun o.fl. Hér færðu alla viðhaldsþjónustu á einum stað fyrir garðinn. Garðlist 554 1989 www.gardlist.is.









**Sláttuvélamarkaðurinn**
Traktor 19hpBriggs & Stratton, vökvaskiptur, sláttubreidd 107 cm. Vortilboð: 259.000. Sláttuvélamarkaðurinn Vagnhöfða 8, Rvk. S. 517 2010.

Klippi runna, limgerði og felli tré. Önnur garðverk. Garðaþjónusta Hafþórs. S. 897 7279.

**Garðyrkja**
Felli tré, klippi, grisja og snyrti runna. Halldór garðyrkjum. S. 698 1215.

## Bókhald




Bókhald, VSK, laun, skattskýrslur og stofnun fyrirtækja. Fagleg vinnubrögð á sanngjörnu verði. Bókhald og þjónusta ehf., sími 511 2930.

Bókhald, skattskil, skattframtöl, fjármálaþj., stofnun félaga. SMCO-reikningshald og ráðgjöf. S. 866 1605.

## Málarar







**Vantar þig málara?**
Alhliða málningarþjónusta. Inni og útimálun. Fáðu tilboð tímanlega fyrir sumarið. Uppl. í s. 821 1333, Hallgrímur.

Málarameistari getur bætt við sig verkefnum utanhús. Þök, blokkir og önnur málningarvinna. S. 896 6148, Jón I. Garðarsson

# sirkus

20. apríl 2007



## Fer sínar eigin leiðir í fatavali

Söngkonan Hildur Magnúsdóttir úr Hara hleypir lesendum Sirkus inn í fataskápinn sinn.

Bls. 4

## Sjálfstæðismenn mest sexý

Menntamálaráðherrann Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir og þingmaðurinn Bjarni Benediktsson eru kynþokkafyllstu þingmenn landsins að mati álitsgjafa Sirkus. Þau þykja bæði lóðrandi í kynþokka.

Bls. 10





# 2 ÓLÍK ANDLIT KARAKTERAR

Ágústa Eva & Silvía Nótt

SIRKUSMYND/VALLI HÁR/SKJÖLDUR EYFJÖRÐ FÖRÐUN/ÁGÚSTA EVA


Hversu hátt stefnir þú?

Þrjú fjárfestingarsöfn – þrjár mismunandi leiðir

Hægt er að fjárfesta í ákveðinni leið eða vera í reglulegri áskrift.



ÁVÖXTUNARSAFNIÐ

24,9% ávöxtun

Meiri sveiflur, hærri væntingar.
Áhersla á góða áhættudreifingu með erlendum og íslenskum verðbréfum.
• 75% hlutabréf
• 25% skuldabréf




spron VERÐBRÉF Vegmúla 2 – 108 Reykjavík – 550 1310 – verdbref@spron.is – www.spronverdbref.is

Himinn og haf / SÍA – 9070354

# fréttir

## Heyrst hefur

### Heiðrún Lind og Halli ekki saman





Frétt Sirkus þess efnis að sjálfstæðiskonan og lögfræðingurinn **Heiðrún Lind Marteinsdóttir**, sem er kannski hvað þekktust fyrir að hafa verið kosningastjóri Gísla Marteins Baldurssonar í prófkjöri ajálfstæðismanna í Reykjavík haustið 2005, og **Haraldur Hansen**, betur þekktur sem Halli Hansen, séu að rugla saman reytum er víst ekki rétt. Þau hafa hist nokkrum sinnum en eru ekki saman. Sirkus biður skötuhjúin velvirðingar á þessu.




### Lúxus BMW-partý á Nordica

Það verður blásið til heljarinnar veislu á miðvikudaginn næstkomandi í hátíðarsal **Nordica-hótelsins**. B&L ætlar þá að bjóða vel völdum aðilum sem og eigendum BMW-bifreiða í einkapartý til að fagna því að ný gerð að BMW X5, lúxusjeppa þýska bílaframleiðands, er á leiðinni á göturnar. Ekkert verður til sparað til að gera veisluna sem glæsilegasta. Myndum eftir franska listmálarann Paul Gauguin verður varpað upp á veggi salarkynnanna með myndvarpa og þema veislunnar er Tahiti. Það má því búast við að allt verði flæðandi í framandi suðrænum ávöxtum auk þess sem sérhannaður viskíbar verður settur upp í tilefni veislunnar.

Skemmtiatriðin verða ekki af verri endanum því blúsbandið Mút mun spila á meðan gestir innbyrða kokkteila. Síðan munu **Lay Low**, Pétur Ben og Ólöf Arnalds, þrjú af efnilegustu tónlistarmönnum landsins, stíga á stokk og skemmta veislugestum. Auk þess mun fiðluleikarinn Hjörleifur Valsson mæta með Stradivariusfiðluna sína og fylla loftið af háklassík. Sjónvarpsmaðurinn geðþekki **Logi Bergmann** mun halda utan um veislustjórnina af sinni alkunnu snilld.





SÍÐASTA VETRARDEGI FAGNAÐ MEÐ SÁLINNI OG STUÐMÖNNUM Í KAUPMANNAHÖFN

# ÞÚSUND ÍSLENDINGAR DÖNSUÐU UPPI Á BORÐUM VIÐ DANSKA LAGIÐ

Þetta var æðislegt, alveg hrikalega gaman," segir fréttakonan Jóhanna Vigdís Hjaltadóttir en hún var ein af rúmlega þúsund Íslendingum sem fögnuðu vetrarlokum með Sálinni og Stuðmönnum á tónleikum á skemmtistaðnum Circus í Kaupmannahöfn á miðvikudagskvöldið. Tónleikarnir voru skipulagðir af Hótelbókunum í Kaupmannahöfn (www.kaupmannahofn.dk) í samstarfi við Icelandair.

Sigurður K. Kolbeinsson, framkvæmdastjóri Hótelbókana í Kaupmannahöfn, segir í samtali við Sirkus að tónleikarnir og kvöldið allt hafi verið brakandi „söksess" eins og hann orðar það, „Ég er búinn að tala við um tvo hundruð tónleikagesti og þeir höfðu aldrei upplifað annað eins," segir Sigurður.

Um 780 manns mættu í matinn en alls voru um 1.100 gestir þegar mest var á tónleikunum sjálfum. Stuðmenn og Sálin spiluðu strax eftir að mat lauk en rétt fyrir klukkan tíu steig Eyjólfur Kristjánsson á svið ásamt meðlimum Sálarinnar og flutti hana Nínu sína við frábærar undirtektir gesta. Allt ætlaði síðan um koll að keyra þegar hann söng Danska lagið sem gert var ódauðlegt með Bítlavinafélaginu á sínum tíma. Gestir dönsuðu uppi á borðum og stólum og var stemningin hreint sturluð að sögn Sigurðar.

Eftir hlé mættu Stuðmenn á svið með Björgvin Halldórsson í fararbroddi. Björgvin tók tvo lög, She Broke My Heart í minningu Long John Baldry sem lést í fyrra og síðan slagarann Tætum og tryllum. Stuðmenn spiluðu í tæpa tvo tíma og Sálin kláraði síðan frábærlega vel heppnaða tónleika með eins og hálfs tíma stanslausu stuði.

Sigurður segir að allt hafi gengið upp. Helst hafi mátt finna að því að þjónustan á barnum var ekki nægilega góð þar sem Danirnir gerðu sér ekki grein fyrir því hversu mikið og hratt Íslendingar drykkju og loftræstingu hefði vantað. Það væru þó smámunir og stefnir Sigurður að því að halda svipaða tónleika að ári. Hverjir spila þá er leyndarmál enn sem komið er.

*oskar@frettabladid.is*




**BROSMILDAR BLÓMARÓSAR** Fréttakonan **Jóhanna Vigdís Hjaltadóttir**, menntamálaráðherrann **Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir**, **Anna María Urbanic** og **Berta Guðmundsdóttir** brostu út að eyrum áður en haldið var á tónleikana. SIRKUSMYND/SIGURJÓN RAGNAR



**KYLFINGUR Í KÖBEN** **Birgir Leifur Hafþórsson** atvinnukylfingur býr í Lúxemborg en það virtist ekki aftra honum frá því að mæta með eiginkonu sína **Elísabetu Halldórsdóttur** á tónleika Sálarinnar og Stuðmanna. SIRKUSMYND/SIGURJÓN RAGNAR



**GK-GENGIÐ Í GÓÐUM GÍR** **Arnar Gauti** og **Íris Björk Jónsdóttir**, sem eiga tískuvöruverslunina GK, virtust skemmta sér vel á tónleikunum. SIRKUSMYND/SIGURJÓN RAGNAR



**TVÍFARAR?** Veitingamaðurinn og þúsundþjalasmiðurinn **Friðrik Weisshappel** og **Orri Hauksson**, stjórnarformaður Tæknivara, voru skeggjaðir og vel greiddir á tónleikunum. SIRKUSMYND/SIGURJÓN RAGNAR




## Mikil vinna að baki forsíðumyndinni

Það gætu margir haldið að forsíðumynd Sirkus í dag sé unnin í tölvu og að andliti Silvíu Nætur og Ágústu Evu Erlendsdóttur sem leikur þennan litríka karakter hafi verið skeytt saman með hjálp tækninnar en svo er ekki. Þetta er raunveruleg mynd sem tekin er á hárgreiðslustofu Skjaldar Eyfjörð sem hefur unnið mikið með Ágústu Evu á meðan Silvíu Næturævintýrið hefur staðið. Skjöldur sá um greiðsluna en Ágústa Eva sá um förðunina líkt og hún hefur gert allan þann tíma sem Silvía hefur verið til. Það var síðan ljósmyndari Sirkus Valgarður Gíslason sem tók myndina og festi jafnframt á filmu allan undirbúninginn, sem tók fjóra klukkutíma.



**VANDAÐ TIL VERKA** Hárgreiðslumaðurinn og stílistinn Skjöldur Eyfjörð var einbeittur á svip þegar hann gerði hár Silvíu Nætur klárt fyrir forsíðumyndatöku Sirkus. SIRKUSMYND/VALLI






Varðan – út í lífið

DANSAÐU!


STATTU ÚTI Í HORNI

HILDUR MAGNÚSDÓTTIR SÖNGKONA ÚR HARA HEFUR MIKINN ÁHUGA Á FÖTUM OG TÍSKU. HÚN SKOÐAR SAMT ALDREI TÍSKUBLÖÐ HELDUR BÝR TIL SINN EIGIN STÍL.

# Veik fyrir öllum fötum

Ég hef mikinn áhuga á fötum og finnst skemmtilegast að blanda saman gömlu og nýju," segir Hildur Magnúsdóttir, söngkona Hara, en Sirkus fékk að kíkja í fataskápinn hjá þessari hressu 23 ára konu sem býr í Hveragerði. Hildur viðurkennir að eiga mikið af fötum en hún verslar aðallega í Spútnik og á e-Bay. „Mér finnst voðalega gaman að versla á netinu og líka í útlöndum, bæði í H&M, í second hand-verslunum og á mörkuðum. Ég er sérstaklega veik fyrir kjólum og síðum peysum við leggings og belti en í rauninni er ég jafn veik fyrir þessu öllu saman," segir hún hlæjandi.

Hildur segist hafa verið hálfgerð strákastelpa þegar hún hafi verið barn og fataáhuginn hafi ekki komið fyrr en hún hafi komist á unglingsárin. „Þegar ég var lítil var ég stuttklippt og gekk stundum um í jakkafötum." Spurð hvernig henni finnist Íslendingar standa sig þegar komi að tísku segir hún okkur standa okkur mjög vel. „Fólk er farið meira að klæða sig eins og það vill í stað þess að elta tískuna og það finnst mér mjög skemmtilegt. Eins eru alltaf fleiri íslenskir hönnuðir að koma fram sem er gaman að fylgjast með," segir hún en bætir við að sjálf skoði hún aldrei tískublöðin. „Ég bý bara til minn stíl sjálf," segir hún en Hildur starfar eins og er í rósarækt hjá pabba sínum. „Í vinnunni er ég klædd rifnum gallabuxum og ljótum peysum enda rifnar allt í rósavinnunni. Það er samt alltaf gaman að koma heim eftir vinnu og klæða sig upp því ég er svo mikil kjólamanneskja."

Eins og alþjóð veit sló Hildur í gegn í þættinum X-factor þar sem hún og systir hennar Rakel lentu í öðru sæti, á eftir hinum færeyska Jógvan. Stelpurnar unnu hug og hjörtu landsmanna með dansatriðum og flottum búningum. Hildur segir Rakel systur sína reglulega fá föt hjá sér lánuð. „Við skiptumst ekki mikið á fötum en hún er samt dugleg að fá lánað hjá mér. Hún er náttúrlega ferlega hallærisleg en er sem betur fer farin að taka mig meira til fyrirmyndar," segir Hildur hlæjandi.

*indiana@frettabladid.is*




**350 KRÓNA KJÓLL** „Ég fékk þennan bláa, bleika og hvíta kjól á e-Bay og borgaði aðeins 350 krónur fyrir hann. Hann er mjög flottur og mér finnst fáránlegt hvað hann var ódýrt." SIRKUSMYND/ANTON



**UPPÁHALDSKJÓLLINN** „Þetta er útskriftarkjóllinn minn, sem er svartur og bleikur tjullkjóll og einn sá flottasti sem ég hef séð. Ég keypti hann í Spútnik fyrir nokkrum árum en skóna keypti ég á e-Bay. Þeir voru upphaflega brúnir en ég spreyjaði þá svarta." SIRKUSMYND/ANTON



**KÚREKAPEYSA** „Ég nota þessa rauðu og svörtu peysu við glansleggings. Ég fékk peysuna í second hand-verslun í London og ég hélt að Rakel myndi gubba þegar hún sá hana. Mér finnst hún geðveik og það á enginn annar svona peysu." SIRKUSMYND/ANTON



**EUROVISION-JAKKINN** „Svörtu peysuna fékk ég í Urban Outfitters en beltið í Spútnik. Jakkinn er brjálaður Eurovision-jakki og ég var kölluð Sigga Beinteins eftir að hafa farið í honum á djammið. Þegar ég kemst á Eurovision verð ég í þessum jakka." SIRKUSMYND/ANTON



# Viltu starfa á alþjóðavettvangi?

## Meistaranám í Evrópufræðum með áherslu á Austur-Evrópu

### Staðnám á sumrin – fjarnám á veturna

### Nýtt og endurbætt meistaranám

Háskólinn á Bifröst kynnir nýtt og endurbætt nám til meistaragráðu í Evrópufræðum. Með nýju fyrirkomulagi er lögð aukin áhersla á samfélög Austur-Evrópu, rætur þeirra, menningu og sameiginlega sögu. Með auknum samskiptum okkar við Austur-Evrópuríkin er ljóst að margvísleg tækifæri framtíðarinnar búa þar.

### Alger sérstaða á Íslandi

Í þessu nýja námi, sem hefur algjöra sérstöðu á Íslandi, fá nemendur raunhæfan og fræðilegan undirbúning að margvíslegum störfum á alþjóðlegum vettvangi um leið og þeir dýpka skilning sinn á öflum sem móta viðskipti, stjórnmál og hagkerfi Evrópuríkja á líðandi stundu. Evrópufræðin er kjörin fyrir þá sem vilja starfa á alþjóðavettvangi, hvort heldur sem er í fjölþjóðafyrirtækjum eða alþjóðastofnunum á borð við Sameinuðu þjóðirnar, NATO, ESB eða EFTA.

**Umsóknafrestur í meistaranám er til 15. maí 2007**

HÁSKÓLINN Á BIFRÖST
BIFRÖST UNIVERSITY

Frekari upplýsingar:
**www.bifrost.is** 311 Borgarnes | Sími 433 3000

**Stjórnenda- og leiðtogaskóli í hartnær 100 ár**



**LÍTIÐ FYRIR SVIÐSLJÓSIÐ** Ágústa Eva fær aulahroll þegar hún er sjálf í viðtölum og finnst vandræðalegt að viðra eigin skoðanir.

SIRKUSMYND/VALLI

# „Ég er meira en Silvía Nótt“

Ágústa Eva Erlendsdóttir er hæfileikarík ung kona. Þótt hún sé aðeins 24 ára gömul hefur hún uppskorið meiri athygli en margir listamenn gera á heilli starfsævi. Meistaraverkið er karakterinn Silvía Nótt sem gengið hefur látlaust í þrjú ár. Sirkus ræddi við Ágústu Evu um þennan karakter og ýmislegt fleira.

viðtal

Á meðan Silvía Nótt er hrokafull, ögrandi og full af sjálfsdýrkun er óhætt að segja að Ágústa Eva Erlendsdóttir búi ekki yfir neinum af þeim einkennum sem einkenna þennan landsfræga karakter hennar. Hún er jú afar sjarmerandi ung stúlka en kemur manni fyrir sjónir sem dulítið feimin og tekur sjálfa sig ekki of hátíðlega þar sem hún situr hálfskökk með lappirnar dinglandi út fyrir bríkina í einum af leðurstólunum í koníaksstofunni á Hótel Holti. Hún er klædd í hvíta ullarpeysu, gallabuxur og kuldaskó, óreimaða.



**TVEIR ÓLÍKIR KARAKTER** Eins og sést á þessum tveimur myndum sem voru teknar þegar Skjöldur Eyjfjörð undirbjó Ágústu Evu fyrir forsíðumyndatöku Sirkus skiptir máli hvort Silvíu-hliðin eða Ágústu Evu hliðin snýr að ljósmyndaranum.

SIRKUSMYNDIR/VALLI

## Rétti tíminn til að stíga fram

Eftir þriggja ára rússibanareið í gervi Silvíu Nætur ákvað Ágústa Eva nú fyrir skömmu að stíga út úr búningnum og farðanum og ræða um þennan merkilega karakter sem hefur skekið þjóðarsálina oftar en einu sinni og stjórnað lífi hennar frá haustinu 2003.

„Þetta er rétti tíminn. Við yfirkeyrðum allt í kringum Eurovision í fyrra og lögðumst svo í dvala. Nú er diskur kominn út með Silviu Night og hin íslenska Silvía er komin í frí. Það var kominn tími til að opna hana upp á gátt hérna heima og skýra hugmyndina á bak við þennan gjörning fyrir Íslendingum,“ segir Ágústa Eva.

Hvernig byrjaði ævintýrið um Silvíu Nótt?

„Hugmyndin að karakternum varð eiginlega til um leið og við framkvæmdum hana. Það var engin margra mánaða hugmyndavinna í gangi. Ég og Gaukur [Úlfarsson] höfðum verið að vinna mikið saman, sérstaklega í tónlist. Hann var búinn að vinna lengi við kvikmyndagerð og sjónvarp og okkur langaði til að búa til sjónvarpsefni. Það vatt síðan heldur betur upp á sig,“ segir Ágústa Eva um upphaf Silvíu Nætur.

En var ekkert erfitt að koma hugmyndinni á framfæri?

„Silvía Nótt átti upphaflega að vera innskot í stærri þætti en gaurarnir á Skjá einum urðu ástfangir af henni og vildu gera heilan þátt og þáttaröð með henni. Það varð síðan byrjun á þessu ævintýri,“ segir Ágústa Eva.

## Frjótt og hugmyndaríkt barn

Hún er sjálf alin upp í sveit, nánar tiltekið í Hveragerði, og segist alltaf hafa verið mjög frjó, hugmyndarík og orkurík. „Ég var bundin úti í garði eins og Ingjaldsfíflið þegar ég var lítil vegna þess að ég hljóp alltaf út um allt,“ segir Ágústa Eva og hlær.

Hún var á stöðugum þeytingi sem barn. Fyrstu ellefu árin bjó hún í Hveragerði, síðan lá leiðin til Noregs í eitt ár og þaðan á Hvolsvöll í tvö ár. Eftir það bjó hún í Hafnarfirði í tvö ár og flutti síðan í Hlíðahverfið. Ágústa segist hafa þurft að prófa margt þegar hún var unglingur og bjó til að mynda ein í Edinborg og London. „Ég vann á Aktu/Taktu, í bakaríi og á pizzastöðum. Ég fór í MK, Iðnskólann og Söngskólann en kláraði ekki neitt. Ég hef aldrei þurft á neinum gráðum að halda. Fyrir mér snerist námið eingöngu um að finna út hvað ég gat nýtt mér, safnað í sarpinn fyrir framtíðina. Þegar ég var búin að því þá hætti ég. Ég geri bara það sem mér finnst skemmtilegt,“ segir Ágústa Eva með glampa í augunum.

## Fullkomið þegar fólkið púaði

Hápunktur þessa þriggja ára ævintýris var án efa þátttaka Silvíu Nætur í Eurovision í fyrra. Ágústa Eva segir hópinn á bak við Silvíu Nótt ekki hafa órað fyrir viðbrögðunum í kjölfar Eurovision hérna heima.

„Þessi viðbrögð sem við fengum í Eurovision var framar öllum vonum og okkur brá svolítið. Allt í einu var bara kominn herskari af stelpum með Silvíu-stjörnu og markaðurinn pressaði geðveikislega á okkur að við færum í Barbie-leikinn. Við fórum ekki í þetta á þeim forsendum og það hefði verið svo subbulegt ef við hefðum tekið þátt í leiknum. Ef það hefði allt einu birst Silvíu Nótt dúkka eins og sumir hafa gert bara til að selja plötur þá hefðum við fórnað siðferðiskenndinni. Þess vegna mætti Silvía Nótt ekki til að árita plötur fyrir sex ára gömul börn á bensínstöð. Okkur þótti það ekki við hæfi miðað við þau gildi sem hún stendur fyrir. Og Silvía færi auk þess aldrei á bensínstöð. Hvaða skilaboð erum við að senda til barnanna? Skiptir það okkur mestu máli að vera frægur eða þekkja einhvern frægan? Að vera ógeðslega „tanned“ eða ógeðslega sætur. Þetta kallar bara á vonbrigði. Að halda það að ef maður fer í Ungfrú Ísland muni sjálfstraustið eflast þá er maður augljóslega á villigötum. Silvía Nótt er klárlega gagnrýni á fegurðar- og útlitsdýrkunina sem er í gangi í þjóðfélaginu,“ segir Ágústa Eva.

Viðbrögðin voru ekki minni þegar í sjálfa keppnina í Aþenu var komið. „Öll sýningin í Aþenu snerist um að plata fólk. Við vitum ekki hvað hefði gerst ef við hefðum komist áfram. Kannski hefðum við týnst með hinum keppendunum. Við hefðum í það minnsta aldrei unnið þessa keppni og gerum það líklega aldrei. Kjarninn er að Silvía Nótt er andhetja. Hún er vondi kallinn. Og að fá svona stóran hóp af fólki til að púa á andhetjuna var alveg fullkomið,“ segir Ágústa Eva og hlær við tilhugsunina um þúsund manns í salnum í Aþenu sem allir púuðu þegar Silvía Nótt flutti framlag Íslands.

> „ÞÓTT ÉG LEIKI SILVÍU NÓTT ÞÁ ER ÉG EKKI HÚN OG ÞAÐ ER EKKI EINS OG ÉG HAFI VERIÐ MEÐ VÍBRATORINN Á LOFTI Á HVERJU KVÖLDI ANDSETIN AÐ REYNA AÐ KOMA MÉR ÚR KARAKTER.“

En það er varla gaman að láta púa á sig?

„Jú, víst, þegar maður vill láta púa á sig. Ef ég Ágústa hefði staðið þarna og sungið ballöðu og allir hefði púað á mig þá hefði ég verið eyðilögð. En þetta viljum við og ég held að ég hafi aldrei fengið jafn mikið adrenalínkikk eins og þegar ég stóð uppi á sviðinu og allur salurinn púaði á mig. Að finna þessa orku í salnum var ótrúlegt. Við vorum búin að koma öllum í uppnám með leikinni persónu. Hápunktinum var náð.“

## Farðaði sig sjálf á morgnana

Það vita það kannski fæstir en Ágústa Eva sá sjálf um að farða sig og fara í gervi Silvíu Nætur nánast upp á hvern einasta dag. „Það var stundum martröð að taka sig til á morgnana en fullkomlega þess virði. Ég var yfirleitt tvo til þrjá tíma að taka mig til og til dæmis í kringum Eurovision þá voru þetta ansi margir dagar í röð þar sem morgnunum var eytt í að meika, bera brúnkukrem á sig og laga hárið.“

En var Ágústa Eva aldrei nálægt því að fá nóg af Silvíu Nótt þegar mest gekk á?

FRAMHALD Á NÆSTU OPNU >>



# HÁSKÓLINN Á AKUREYRI

www.unak.is

**Kynntu þér þér nám til fyrstu háskólagráðu við Háskólann á Akureyri. Námskrár, kynningarefni og umsóknareyðublöð eru á www.unak.is.**

**Skólabærinn Akureyri**

- Ókeypis í strætó
- Engir stöðumælar
- Listasafnið og leikhúsið
- Hlíðarfjall og Akureyrarlaug
- Skautahöllin og Kjarnaskógur
- KA og Þór
- Flottar líkamsræktarstöðvar
- Veitingastaðir, kaffihús og skemmtistaðir
- Góðir leik-, grunn- og framhaldsskólar

www.unak.is

### Félagsvísinda- og lagadeild

- Fjölmiðlafræði
- Sálfræði
- Samfélags- og hagþróunarfræði
- Nútímafræði
- Lögfræði
- Þjóðfélagsfræði

### Viðskipta- og raunvísindadeild

- Viðskiptafræði
- Líftækni
- Sjávarútvegs- og fiskeldisfræði
- Tölvunarfræði
- Umhverfis- og orkufræði

### Heilbrigðisdeild

- Hjúkrunarfræði
- Iðjuþjálfunarfræði

### Kennaradeild

- Grunnskólakennarafræði
- Leikskólakennarafræði

Í öllum deildum er lögð áhersla á að nemendur tileinki sér fræðileg vinnubrögð, færni við heimildaöflun, sjálfstæði í vinnubrögðum og skapandi og gagnrýna hugsun. Nemendur vinna bæði einstaklings- og hópverkefni og kynna niðurstöður fyrir samnemendum, kennurum og öðrum áheyrendum.







UMSÓKNARFRESTUR
ER TIL 5. JÚNÍ



HÁPUNKTURINN Ágústa Eva sést her í gvervi Silvíu Nætur í Eurovision-keppninni í Aþenu. Hún segir það hafa verið frábært þegar allur salurinn baulaði á Silvíu. SIRKUSMYND/VALLI

„Ég hef oft þurft að stappa í mig stálinu til að fara ekki að gráta vegna þess hversu erfitt þetta hefur verið en ég hef aldrei fundið fyrir því að vilja losna út úr þessu eða nenna ekki að leika Silvíu Nótt. Það er gríðarlega erfitt að leika svona spuna, maður þarf alltaf að vera á tánum og einbeittur. Það er gífurlegt álag og ég viðurkenni að stundum var ég við það að bugast. En spennan við að leika þennan karakter er svakalega mikil. Síðan er ég líka svo stolt af þessum gjörningi okkar og það skiptir öllu máli," segir Ágústa Eva.

## Auðvelt að fara úr karakter

Eftir þriggja ára keyrslu sem Silvía Nótt liggur beinast við að spyrja hvort þetta ofdekraða og kjaftfora ólíkindatól sem Silvía er sé ekki orðinn hluti af Ágústu Evu? Er ekkert erfitt fyrir hana að fara úr gervinu?

„Línan er óljós ennþá. Þótt fólk viti að þetta er leikið þá gerir það sér ekki alveg grein fyrir því. Það á erfitt með að greina á milli. Núna þegar ég er komin út úr skápnum og er bara Ágústa Eva þá er fólk samt að koma upp að mér og spyrja hvort ég geti gefið því eiginhandaráritun. Þá er ég beðin um að skrifa Silvía en ekki Ágústa Eva. Þannig að nafnið mitt er Silvía hjá rosalega mörgum. Ég vona bara að fólk vilji ekki að að ég sé Silvía Nótt. Það er rosalega gaman að leika Silvíu Nótt en ég held að það sé ekkert sérstaklega skemmtilegt að vera hún. Hún er afskaplega grunnhygginn og týndur einstaklingur. Það er ekkert grín að vera Silvía Nótt," segir Ágústa Eva og hlær.

Og hún heldur áfram: „Þótt ég leiki Silvíu Nótt þá er ég ekki hún og það er ekki eins og ég hafi verið með víbratorinn á lofti á hverju kvöldi andsetin að reyna að koma mér úr karakter. Það er ótrúlega gott að anda og slaka á eftir Silvíu. Fólk vissi ekki hver ég var fyrir utan Silvíu Nótt en ég er bara stelpan sem var að leika Silvíu Nótt í Eurovision og Evu Lind í Mýrinni á sama á tíma. Það var ekkert mál að hoppa á milli. Robert De Niro hefur leikið mörg hlutverk en hann er samt bara Robert De Niro í lok dagsins."

## Enginn milljónamæringur

Sögur hafa gengið um að Ágústa Eva hafi grætt mikla peninga á því að leika Silvíu Nótt. Birt var frétt í Séð og heyrt þar sem því var haldið fram að hún hefði fengið 40 milljónir fyrir nýjustu þáttaröðina Silvia Night frá Skjá einum. Ágústa Eva segir það af og frá að hún hafi orðið rík á þessu ævintýri en bendir réttilega á að þetta hafi verið nánast hennar eina vinna undanfarin þrjú ár og hún hafi fengið greidd laun í samræmi við það.

„Ég er ekki rík. Fjölmiðlar virka svona. Það spurðist út að við hefðum fengið 40 milljónir til að gera þessa þáttaröð. Hún var tekin upp um allan heim með miklu fleira fólki en við vorum vön. Það kostaði þessa upphæð en því var slegið fram eins og ég hefði fengið það í minn vasa. Það selur miklu meira að segja að ég hafi fengið 40 milljónir. Það er ekki verið að ljúga en sannleikanum er hagrætt," segir Ágústa Eva og virðist lítið kippa sér upp við það þótt fréttir séu slitnar úr samhengi.

„Við erum ekki í þessu fyrir skjótfenginn gróða. Við leggjum allt okkar í þetta. Þetta er ástríðan okkar. Þetta er vinnan mín og ég lifi á þessu en ég er ekki milljónamæringur. Ég hefði hins vegar getað verið á árshátíðum ef ég hefði viljað maka krókinn almennilega. Þá hefði ég verið úti um allt. Silvía Nótt hefði getað mætt í fermingarveislur og fengið fimmtíu þúsund kall fyrir en það stangast líka á við hugmyndina á bak við karakterinn. Er Silvía manneskja sem myndi mæta á árshátíð? Ég bara spyr. Hún hefur nánast aldrei troðið upp þrátt fyrir óteljandi beiðnir. Ég held líka að fólk myndi ekki vilja fá hana því það er aldrei að vita hvað gerist," segir Ágústa Eva.

## Subbulegt að tala um einkamál

Það er ekki hægt að fara í felur með

„SILVÍA NÓTT HEFÐI GETAÐ MÆTT Í FERMINGARVEISLUR OG FENGIÐ FIMMTÍU ÞÚSUND KALL FYRIR EN ÞAÐ STANGAST LÍKA Á VIÐ HUGMYNDINA Á BAK VIÐ KARAKTERINN."

það að Ágústa Eva er afar myndarleg ung kona og hafa ástarmál hennar oftar en ekki ratað á forsíður tímarita og blaða. Hún var til að mynda spyrt við Frosta Logason í Mínus og tökumann á Skjá einum. Hún vill hins vegar sem minnst tjá sig sjálf um ástarmál sín.

„Ef Silvía væri hérna þá myndi hún láta gamminn geysa um þetta efni en mér finnst mín einkamál ekkert sérstaklega spennandi. Mér finnst það eiginlega bara subbulegt að tala um það. Ég get ekki stjórnað því hvað fólk sér og hvað fólk skrifar um en ég get dregið línu. Ég hef ekki áhuga á tilfinningaklámi í fjölmiðlum."

Ertu á lausu?

„Guð veit það, ég veit það en þú veist það ekki," segir Ágústa Eva og flissar.

## Fær aulahroll í viðtölum við sjálfa sig

„Mér finnst ekki gaman að vera í viðtölum, finnst það hreinlega ekki spennandi. Þegar ég er Silvía Nótt þá er ég að leika og þá er hægt að segja og gera hvað sem er en svo eru hlutirnir aðeins flóknari þegar maður er sjálfur í viðtali. Þá fæ ég aulahroll og hugsa af hverju ég sé að segja þetta og hitt. Mér finnst gaman að vera í sviðsljósinu þegar ég hef afsökun. Ég á það til að vera feimin og mér finnst vandræðalegt þegar ég þarf að segja mínar skoðanir opinberlega. Ég myndi aldrei hleypa neinum fjölmiðli inn til að skoða nýja sófann minn eða kúkinn í klósettinu. Ég er bara ekki þannig," segir Ágústa Eva í byrjun viðtalsins. Þegar Silvíu-brynjan er fallin og meikið horfið úr andlitinu vill hún helst fá að vera í friði.

## Silvía er fín fyrir ferilskrána

Þegar talið berst að því hvað framtíðin ber í skauti sér segir Ágústa Eva margt spennandi vera fram undan.

„Það er alltaf eitthvað í gangi. Fólk má búast við öllu af okkur. Við hjá Meistara alheimsins höfum nú sleppt hendinni af Silviu Night. Hún er komin í hendurnar á öðrum aðilum sem sjá um útrásina á plötunni Goldmine og þáttaröðinni sem við gerðum á ensku. Það verður gaman að fylgjast með því ævintýri," segir Ágústa Eva. Platan virðist ganga vel í landann og er komin í fyrstu sæti yfir söluhæstu plötur á Íslandi. Það gefur góð fyrirheit fyrir framhaldið erlendis enda er allt á fullu við að undirbúa strandhögg á erlendri grundu.

„Það er verið að skipuleggja uppákomur og tónleika erlendis en ég veit ekki hversu mikinn þátt ég þarf að taka í því. Ef við höldum tryggð við karakterinn þá verður þetta skemmtilegt. Ef við förum hins vegar að fylgja einhverjum meikreglum, vera bara töff og ekki segja neitt dónalegt þá erum við bara orðin Nylon, sem er hundleiðinlegt. Ef þetta ævintýri floppar þá er það frábært og í anda Silviu," segir Ágústa Eva, sem þarf varla að kvíða verkefnaleysi þegar Silvíu Nótt sleppir.

„Ég held að það sé fínt fyrir ferilskrána að hafa leikið Silvíu. Ég er meira en Silvía Nótt. Ég hef fengið fullt af tilboðum um að leika í bíómyndum og á sviði. Ég hef hins vegar ekki haft tíma til að taka að mér nein önnur verkefni en það er augljóst að listamannaferli mínum lýkur ekki með Silvíu Nótt. Ég er í þeirri stöðu að geta valið úr verkefnum og tel mig vera lánsama. Það eru ekki allir í sömu stöðu og ég en mér finnst listamenn ekki nógu duglegir sjálfir við að skapa eitthvað heldur sitja á rassinum og bíða eftir að verkefni komi upp í hendurnar á þeim. Það þarf að sýna frumkvæði og Silvía Nótt er lifandi sönnun þess að slíkt getur vel gengið."

Spurð hvort það sé eitthvað utan leiklistar sem hana langi til gera segir Ágústa Eva svo ekki vera. „Mig langar ekki að gera neitt annað eins og stendur. Ég veit hins vegar ekkert hvernig mér líður á morgun. Kannski verð ég komin með mótórhjólabakteríu þá. Hver veit," segir Ágústa Eva að lokum.

oskar@frettabladid.is





WWW.SVAR.IS
SKJÁDAGAR
acer TILBOÐ
3 ÁRA ÁBYRGÐ
Ódýrastur!
ACER 17”
1280 X 1024 UPPLAUSN
Acer 17” 1716 skjár
3 ÁRA ÁBYRGÐ
1280x1024 upplaus / 300 cd/m2 birtustig
500:1 skerpa
TILBOÐ: 16.900-
Vinsælastur!
ACER 19”
BREIÐTJALDSSNIÐ
Acer 19” 1916W skjár
3 ÁRA ÁBYRGÐ
Breiðtjaldssnið / 1440x900 upplausn
300 cd/m2 birtustig / 700:1 skerpa
TILBOÐ: 19.900-
Öflugur í leikina!
ACER 17”
CRYSTALBRITE TÆKNI
Acer 17” 1751 skjár
3 ÁRA ÁBYRGÐ
Gamers Line / CrystalBrite tækni
1280x1024 upplausn / 400 cd/m2 birtustig
500:1 skerpa
TILBOÐ: 25.900-
Öflugur í leikina!
ACER 19”
CRYSTALBRITE TÆKNI
Acer 19” 1951 skjár
3 ÁRA ÁBYRGÐ
Gamers Line / CrystalBrite tækni
1280x1024 upplausn / 400 cd/m2 birtustig
500:1 skerpa
TILBOÐ: 29.900-
OPNUNARTÍMI
FIMMTUDAGUR - LOKAÐ
FÖSTUDAGUR 10 - 18
LAUGARDAGUR 11 - 16
svar tækni
ALLAR NÁNARI UPPLÝSINGAR Á WWW.SVAR.IS - SÍÐUMÚLA 37 - SÍMI 510 6000

SIRKUS LEITAÐI TIL MÁLSMETANDI ÁLITSGJAFA TIL AÐ SKERA ÚR UM KYNÞOKKA ÞINGMANNA OG -KVENNA

# ÞORGERÐUR KATRÍN OG BJARNI BEN MEST SEXÝ



### Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir

„Þorgerður Katrín er sportleg, tígnarleg og alltaf í góðu formi.“

„Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir hefur jafn mikinn kynþokka og margar af frægustu kvikmyndastjörnum heims og gæti sko alveg plummað sig í Basic Instinct III.“

„Þessi kona er með eindæmum kynþokkafull og ber sig virkilega vel. Kann að klæða sig og virðist vera vel til höfð í hverju einasta viðtali sem hún fer í. Mætti breyta oftar um hárstíl og prófa sig áfram í þeim efnum en annars næstum því fullt hús stiga.“

„Þorgerður Katrín er svolítið þokkafull, kúl klædd og flott hár og hún hefur einhvern sjarma yfir sér stelpan.“



### Bjarni Benediktsson

„Bjarni Ben er sá eini sem kemur strax upp í hugann, fjallmyndarlegur, traustvekjandi og með mikinn sjarma.“

„Bjarni Ben er náttúrlega mjög myndarlegur maður og ég ber mikið traust til hans sem stjórnmálamanns, er mjög sammála honum í mörgum málefnum.“

„Bjarni er alltaf glæsilegur til fara og með fallega framkomu. Hann er í góðu formi líkamlega og með mikla persónutöfra og útgeislun. Ekki spillir fyrir hve myndarlegur hann er og sterkur leiðtogi.“

„Hefur einhvern óútskýranlegan sjarma sem gæti auðveldlega fleytt honum í forsetastólinn.“

„Kynþokkafullur á virðulegan hátt, með eindæmum fríður maður, hávaxinn og hárprúður. Það er eitthvað mjög sexí við þennan unga herramann. Góðlega sexý.“



### Katrín Júlíusdóttir

„Það kemur til með að verða einhver lækkun á kynþokka þingkvenna vegna brottfarar hennar. Katrín með svo fallegt sakleysi og gæti leikið í kvikmynd um rómantískar ástir.“

„Katrín Júlíusdóttir verð ég að segja að sé áberandi kynþokkafyllst. Hún hefur bæði þetta – stelpan í næsta húsi – í bland við veraldarvönu, víðlesnu konuna. Fersk og hress í fasi og laus við Fílabeinsturnasyndrómið. Svo sæt að maður á erfitt með að ákveða hvort maður eigi að kjósa hana fyrst og bjóða henni svo í bíó eða öfugt.“

„Katrín er klárlega heitasta Samfylkingarkona sem komið hefur á markaðinn og það rýkur úr henni hún er svo heit. Hún hefur allt sem fallegur og kynþokkafullur þingmaður verður að bera, fallegt andlit, flottan vöxt og frábæran persónuleika. Katrín sem næsta forseta Alþingis, heyr heyr, þá fer ég allavega að horfa.“



### Kolbrún Halldórsdóttir

„Kolbrún hefur þennan skemmtilega hippatímabils kynþokka. Frjálsar ástir og ýmislegt leyfilegt, sem ekki mátti áður.“



### Guðlaugur Þór Þórðarson

„Djúpstæður áhugi Guðlaugs á fólki er eitt af því sem ég hrífst af í fari hans og svo er framkoma hans ögrandi. Held hann sé stundum allt að óþægilega hreinskilinn en það er jákvætt fyrir menn í hans stöðu.“



### Sigurður Kári Kristjánsson

„Hann á skilið high five fyrir að hafa haldið stóískri ró þegar hann var „tekinn“ hjá Sævari Karli en þar sýndi hann þjóðinni hversu vel upp alinn hann er. Sjálfsöruggur strákur sem hefur náð virkilega langt og á eftir að ná enn lengra sökum þess hversu jarðbundinn hann er.“



### Jóhanna Sigurðardóttir

„Það er sjarmi yfir þeirri gömlu og ég vona að minn tími muni koma.“



### Magnús Stefánsson

„Maðurinn er bókstaflega syngjandi sexý. Þegar félagsmálaráðherrann grípur í gítarinn er hann einfaldlega langflottastur af öllum sem sitja á þingi.Veit fyrir víst að hann er það jarðtengdur að hann höndlar titilinn svo sannarlega.“



### Steingrímur J. Sigfússon

„Kynþokkafyllsti karlmaðurinn á þingi. Sjálfsöruggur, laus við mont og snobb. Kúl á því og fullur af eldmóði sem gerir hann mjög svo sexí. Þrusuræðumaður með flottan skalla. Það ásamt góðum skammti af sjálfsöryggi getur ekki verið annað en bullandi kynþokki. Það sem er samt mest sexí við Steingrím að hann er ekki að reyna að vera sexí en er samt mest sexí af þeim öllum.“



### Valgerður Sverrisdóttir

„Valgerður er vel af guði gerð, það er engum blöðum um það að fletta. Hún er kynþokkinn uppmálaður. Hver man ekki eftir henni í síðustu kosningum þegar hún var í pilsi og kúrekastígvélum að dansa línudans. Línudansinn hefur aldrei litið eins vel út. Flott kona sem kann að dansa og það skemmir ekki fyrir.“

**ÁLITSGJAFAR:** **Elín Gestsdóttir** framkvæmdastjóri Ungfrú Ísland **Svava Johansen** verslunarkona **Unnur Pálmarsdóttir** líkamsræktarfrömuður **Gunna Dís** útvarpskona **Sigríður Elín Ásmundsdóttir** blaðamaður **Ellý Ármanns** sjónvarpsþula **Arnar Grant** líkamsræktarkóngur **Heiðar snyrtir Jónsson** **Bergsveinn Arilíusson** söngvari **Heiðar Austmann** útvarpsmaður **Ásgeir Hjartarson** Supernova



# HÁSKÓLI 21. ALDARINNAR



FABRIKAN 2007

**Nám við Háskólann í Reykjavík er dýrmætt veganesti fyrir þá sem vilja öðlast góða menntun og starfa í fremstu víglínu atvinnulífsins.**

Háskólinn í Reykjavík er eftirsóttur. Þeir sem útskrifast úr skólanum hafa öðlast skilning á íslensku atvinnulífi og samfélagi. Þeir hafa kynnst alþjóðlegu samstarfi og fengið innsýn í framtíðina í gegnum brautryðjandi rannsóknir.

Háskólinn í Reykjavík er í forystu hvað varðar þjónustu við nemendur og öll aðstaða til náms er framúrskarandi.

Nemendur HR geta sótt námskeið í u.þ.b. 100 skólum í rúmlega 20 löndum.

**Ef þú vilt undirbúa þig fyrir framtíðina, læra og þroskast í skemmtilegu, skapandi og krefjandi umhverfi þá er Háskólinn í Reykjavík fyrir þig. Öflug menntun og skýr framtíðarsýn leggur grunninn að bjartri framtíð.**

**Tækni- og verkfræðideild**

Tækni- og verkfræðideild HR er ein af stærstu háskóladeildum landsins. Þar er lögð áhersla á að veita tæknifólki og stjórnendum framtíðarinnar afburða háskólamenntun. Ennfremur er mikið lagt upp úr því að nemendur geti, sjálfstætt eða í samstarfi við fræðimenn í fremstu röð, stundað öflugar rannsóknir og sinnt nýsköpunar- og þróunarstörfum í tæknifræði, tölvunarfræði og verkfræði. Þeir sem mennta sig í þessum greinum eiga stóran þátt í velgengni margra íslenskra fyrirtækja á alþjóðamarkaði.

**Viðskiptadeild**

Viðskiptafræðinámið í Háskólanum í Reykjavík er góður undirbúningur fyrir mikla ábyrgð í atvinnulífinu. Það gefur duglegum námsmönnum tækifæri til að ná langt í starfi og er um leið góður undirbúningur fyrir framhaldsnám í viðskiptafræði.
Framtíðarsýn viðskiptadeildar er:
Að vera fyrsta val fólks sem vill læra viðskiptafræði á Íslandi.
Að vera fyrsta val fyrirtækja og stofnana sem vilja ráða afburðafólk til starfa sem hefur viðskiptamenntun.

**Lagadeild**

Við lagadeild Háskólans í Reykjavík er í boði metnaðarfullt og nútímalegt laganám sem miðar að því að útskrifaðir nemendur verði framúrskarandi lögfræðingar og í fremstu röð á sínu sviði. Lagadeild HR er brautryðjandi í nútímavæðingu laganáms hér á landi, hvort sem litið er til skipulags námsins eða kennsluaðferða. Vorið 2007 útskrifar lagadeild fyrstu laganemana með fullnaðarpróf í lögfræði eftir fimm ára grunn- og meistaranám.

**Kennslufræði- og lýðheilsudeild**

Kennslufræði- og lýðheilsudeild býður nýtt og spennandi nám fyrir fagfólk, sem vinnur að því að mennta börn og ungmenni, efla þroska þeirra, heilsu og velferð. Námið er ætlað þeim sem vilja vinna að velferð einstaklinga í samfélaginu, svo sem í félags- og heilbrigðisþjónustu og þeim sem vilja afla sér kennsluréttinda og vinna innan skólakerfisins. Meginmarkmið deildarinnar er að hafa áhrif á menntun og heilsu þjóðarinnar. Við deildina er boðið upp á nám á fjórum sviðum: Lýðheilsufræði, stærðfræði, íþróttafræði og kennslufræði.

**Kynntu þér nám í HR á www.hr.is**

**Umsóknarfrestur er til 31. maí.**

HÁSKÓLINN Í REYKJAVÍK
REYKJAVÍK UNIVERSITY

OFANLEITI 2 • HÖFÐABAKKI 9 • KRINGLAN 1
SÍMI: 599 6200 • www.hr.is

ANNAR HLUTI UMFJÖLLUNAR

## ÞRJÁR VIKUR ÞAR TIL FORKEPPNI EUROVISION FER FRAM Í FINNLANDI

# SVONA ER SAMKEPPNIN HJÁ EIRÍKI Í HELSINKI

Flautað verður til leiks í forkeppni Eurovision í Helsinki eftir rétt tæpar þrjár vikur, fimmtudaginn 10. maí. Sirkus skoðaði framlög þjóðanna 27 sem berjast við Eirík okkar Hauksson um sætin tíu í aðalkeppninni laugardaginn 12. maí. Það er enginn vafi í huga Sirkuss að Eiríkur rúllar upp forkeppninni með lagi Sveins Rúnars Sigurðssonar Valentine Lost við texta Peters Fenner.



### TÉKKLAND

**Flytjandi**: Kábat **Lag:** Mála Dáma

Þriðji síðhærði rokkarinn í keppninni. Popp/rokk lag sem gæti gengið vel ef að áhorfendur eru ekki að fíla danslögin.



### PORTÚGAL

**Flytjandi:** Sabrina
**Lag:** Dança Comigo

Annað af tveimur lögum í forkeppninni sem eru í suðrænni sveiflu. Því miður höfum við heyrt þetta þúsund sinnum áður. Portúgal er ekki að gera góða hluti í Eurovision í ár.



### MAKEDONÍA

**Flytjandi**: Karolina
**Lag**: Mojot Svet

Karolina er svo fáránlega falleg að útlitið kemur henni í úrslitin. Lagið er hinsvegar ekkert spes en það eiga allir eftir að muna eftir þessu andliti.

### NOREGUR

**Flytjandi**: Guri Shanke
**Lag**: Ven A Bailar Conmigo

Af hverju er Noregur að syngja lag á spænsku? Guri er alveg tryllt á sviðinu í suðrænum dansi. Það er eitthvað alveg vonlaust við þetta lag. Vonandi verða Norðmenn ekki fúlir þótt við gefum þeim ekki fullt hús stiga.

### MALTA

**Flytjandi**: Olivia Lewis
**Lag**: Vertigo

Það er alltof mikið af óspennandi lögum í forkeppninni. Þetta er eitt þeirra. Sæt stelpa að syngja einhverja vellu.

### ANDORRA

**Flytjandi**: Anonymous
**Lag**: Salvem El Món

Popp/rokk lag sem gæti alveg átt heima á MTV í Bandaríkjunum. Lagið gæti alveg eins verið flutt af Blink 182, Fall Out Boy og öllum þessum drepleiðinlegu amerísku popp/rokk sveitum.

### UNGVERJALAND



**Flytjandi**: Rúzsa Magdi
**Lag**: Unsubstantial Blues

Ung skvísa með fallega rödd. Þetta er svona lag sem maður heyrir á Létt Bylgjunni. Ekki mjög Eurovisionlegt. Þessari stúlku gæti gengið mjög vel.

### EISTLAND

**Flytjandi**. Gerli Padar
**Lag**: Partners in Crime

Lagið er alls ekki gott, en söngkonan minnir pínu á Pink. Það er aldrei að vita nema að Eistar komist upp úr forkeppninni, en þeir eiga það ekki skilið.




### BELGÍA

**Flytjandi** Krazy Mess Groovers
**Lag**: Love Power

Þessi sveit er að reyna að vera bland af Jamiroquai og Kc and the Sunshine Band. Þetta er svona lag sem maður fær nóg af eftir nokkrar sekúndur.

### SLÓVENÍA



**Flytjandi**: Alenka Gotar
**Lag**: Zvet z Juga

Popp-óperulag sem annaðhvort á eftir að slá í gegn eða falla beint í neðsta sæti. Lagið er svo tregafullt að manni verður bara illt að hlusta á það.

### TYRKLAND



**Flytjandi**: Kenan Dogulu.
**Lag**: Shake It Shekerim

Tyrkland hefur ákveðið að taka Justin Timberlake á þetta með dassi af þjóðlagastemmningu. Söngvarinn á örugglega eftir að heilla píurnar upp úr skónum og er öruggur í úrslitaþáttinn.



### AUSTURRÍKI

**Flytjandi**: Eric Papilaya
**Lag**: Get a Life-Get Alive

Þessum söngvara gæti gengið vel. Hann er ágætlega vel útlítandi. Lagið er samt svo ekki skemmtilegt. Það eina góða við þetta lag er titillinn. Hann er fáránlega fyndinn.



### LETTLAND

**Flytjandi**: Bonaparti.lv
**Lag**: Questa Notte

Gaman að enda kvöldið á skemmtilegu nótunum. Sönggrúppan Bonaparti lv er meira grín en eitthvað annað. Þeir syngja poppóperu á ítölsku. Þessir strákar komast pottþétt í gegn hvort sem fólk fattar djókið eða ekki.







# STYTTU ÞÉR LEIÐ FÁÐU ÞÉR SEÐIL Á AVANT.IS

## Seðillinn styttir þér leið í bílafjármögnun

Avant Seðillinn er nýjung sem gerir fjármögnun bifreiðakaupa einfaldari og fljótlegri en nokkru sinni fyrr. Þú fyllir út umsókn á avant.is og færð svo sendan Seðil í pósti eftir nokkra daga.

Seðillinn er staðfesting á að þú fáir hagstætt bílalán hjá Avant. Þú ferð einfaldlega með hann á næstu bílasölu og kaupir svona bíl. Þægilegra getur það varla verið!




Avant er nýtt fyrirtæki á sviði bílafjármögnunar sem byggir á traustum grunni Sjóvá fjármögnunar.

AVANT
Styttu þér leið

# helgin

## Við mælum með



„Ég mæli með sýningunni Gyðjan í vélinni sem verður sýnd á Listahátíð í vor um borð í Varðskipinu Óðni við Reykjavíkurhöfn. Frumsýnd 10. maí, en veitir víst ekki af að panta miða strax því aðeins örfáar sýningar eru fyrirhugaðar.“

**Sigrún Sól Ólafsdóttir leikkona**



„Ég mæli með Tapasbarnum á Vesturgötunni. Kósý staður og góðir smáréttir. Tilvalið að skella sér þangað t.d. eftir góða dans- eða leiksýningu.“

**Irma Gunnarsdóttir dansari og danshöfundur**



„Ef að ég á að mæla með einhverju þá mæli ég með að fara út að borða á Hótel Öldunni á Seyðisfirði. Fallegasta og innilegasta veitingahús sem ég hef komið á og svo er maturinn alveg frábær.“

**Halldóra Malin Pétursdóttir leikkona**



„Uppskriftin mín að fullkomnum léttleika tilverunnar, með rómantísku ívafi er að veltast um af hlátri yfir Mel Brooks myndinni „The Producers“, fara síðan og borða á Madonnu þar sem Josh Groban sæi um sönginn.“

**Inga Sæland söngkona**

# Feta í fótspor Tyru Banks

Þessi tími hefur verið frábær og alveg vonum framar,“ segir Auðunn Blöndal sjónvarpsmaður, sem ásamt þeim Sveppa og Pétri Jóhanni leitar að nýjum Strákum í þættinum Leitin að Strákunum sem fer í loftið í kvöld. Í þættinum ætla strákarnir að feta í fótspor ofurfyrirsætunnar Tyru Banks og fá til sín vant sjónvarpsfólk til að velja eftirmenn sína. Auddi viðurkennir að hann hefði aldrei trúað hversu mikið hann ætti eftir að upplifa sem sjónvarpsmaður þegar hann komst að með Simma og Jóa í 70 mínútum á sínum tíma en starfið fékk hann eftir nokkuð hark. „Ég fékk alltaf sama svarið, „sjáum til“ eða „kannski seinna“, sem er kurteisara en „láttu þig hverfa“. Ég gaf mig hins vegar ekki og þetta hafðist fyrir rest. Ég fór blint út í þetta en sé ekki eftir neinu enda er ég búinn að prófa margt og skemmta mér vel,“ segir Auddi, sem er vonandi hvergi hættur í sjónvarpi. „Við verðum í þessu verkefni langt fram á sumar og stefnan er að halda áfram í sjónvarpi. Hvort við þrír verðum saman áfram eða hvernig þáttur það verður kemur í ljós en við erum að vinna saman að handriti sem skýrist seinna.“

Auddi segir frægðina ekki hafa breytt honum mikið. Í mesta lagi heilsi honum fleiri á djamminu í dag en áður. „Stærsti þátturinn við frægðina er að fleiri kasta á þig kveðju úti á lífinu. Ég vona að ég hafi ekkert breyst við frægðina enda er þetta bara eins og þegar ég bjó á Sauðárkróki þar sem allir þekktu alla og heilsuðust í kaupfélaginu,“ segir Auddi og bætir við að þeir einstaklingar sem valdir verði í þáttinn verði að kunna að höndla frægðina. „Þeir sem sigra í þættinum eiga örugglega eftir að fá athygli en þú þarft að vera ansi firrtur ef þú höndlar ekki frægð á Íslandi.“

indiana@frettabladid.is



**AUÐUNN BLÖNDAL** Auddi segir menn þurfa að vera ansi firrta til að höndla ekki frægð á Íslandi.

# SPURNINGAKEPPNI sirkuss

SPURNINGAKEPPNI SIRKUSS HELDUR ÁFRAM. MARTA MARÍA JÓNASDÓTTIR SIGRAÐI ÞÓR JÓNSSON Í SÍÐUSTU VIKU. MARTA MARÍA KEPPIR HÉR VIÐ SIGMAR GUÐMUNDSSON SJÓNVARPSMANN.



**1. Hver lék Evu Lind í Mýrinni?**

**2. Með hvaða þýska handboltaliði spilar Guðjón Valur Sigurðsson?**

**3. Hvers lensk er leikkonan Nicole Kidman?**

**4. Hver skrifaði bókina Samúel?**

**5. Hvað heitir sjöunda og nýjasta Harry Potter bókin?**

**6. Frá hvaða degi er bannað að aka á nagladekkjum?**

**7. Hvað hét hesturinn hennar Línu langsokks?**



**8. Hvaða ár hóf Skjár einn göngu sína?**

**9. Hvaða íslenska fyrirtæki er í 795. sæti á lista Forbes yfir stærstu fyrirtæki veraldar?**

**10. Hvað heitir söngkonan Pink réttu nafni?**





## Marta María Jónasdóttir

1. Ágúst Eva Erlendsdóttir.
2. Bremen.
3. Áströlsk.
4. Bragi Ólafsson.
5. Veit ekki.
6. 19. apríl.
7. Litli karl.
8. 1999.
9. Kaupþing.
10. Veit ekki.



## Sigmar Guðmundsson

1. Ágústa Eva Erlendsdóttir.
2. Gummersbach.
3. Áströlsk.
4. Mikael Torfason.
5. Ekki hugmynd.
6. Sumardagurinn fyrsti.
7. Man ekki.
8. 1998.
9. Kaupþing.
10. Veit ekki.

**Marta og Sigmar eru bæði með fimm stig af tíu mögulegum. Í ljósi langrar sigurgöngu Mörtu Maríu verður hún úrskurðaður sigurvegari. Sigmar skorar á Sigurð Kára Kristjánsson, sem vonandi mætir Mörtu Maríu í næstu viku. Fylgist með.**

**Rétt svör: 1.** Ágústa Eva Erlendsdóttir. **2.** Gummersbach. **3.** Ástrólsk. **4.** Mikael Torfason. **5.** Deathly Hallows. **6.** 15. apríl. **7.** Hesturinn eða Litli karl. **8.** 1999. **9.** Kaupþing. **10.** Alecia Moore.

## Hver er uppáhaldsveitingastaðurinn þinn?

„Uppáhaldsveitingastaðurinn minn er Friðrik V á Akureyri, kvöldstund þar er alger himnasæla. Skemmtilegast að panta tíu rétta tapasmáltíð eða fimm rétta óvissumáltíð - maturinn er þá ekki bara ótrúlega góður heldur kemur stöðugt á óvart. Laxahrogn með sprenginammi eru frumlegasti matur sem ég hef fengið á veitingastað!“

**Brynhildur Þórarinsdóttir rithöfundur**





„Þegar ég vil virkilega gera vel við mig og mína fer ég á Sjávarkjallarann. Hver einasti réttur sem ég hef fengið þar hefur komið bragðlaukunum á óvart og verið mjög sérstök og eftirminnileg upplifun. Þvílíkar snilldarsamsetningar hjá kokkunum þar, þeir eru hreinir listamenn.“

**Brynja Þorgeirsdóttir fjölmiðlakona**

„Ég á mér ekki neinn uppáhalds veitingastað en ef ég væri að fara út að borða í kvöld mundi ég velja annað hvort Austur Indía fjelagið eða Caruso. Er alls ekki dugleg við að fara út að borða þannig að ég þekki lítið til til.“

**Hjaltey Sigurðardóttir söngkona Fjórfléttunnar**



„Það eru margir staðir sem koma til greina. Argentína er frábær staður og ég fer mikið á Humarhúsið en þessir staðir eru í hæsta gæðaflokki. Sá staður sem að mínu mati, af skiljanlegum ástæðum, er í heimsklassa er Skólabrú. Þar fær maður bestur þjónustuna og besta matinn.“

**Hermann Gunnarsson fjölmiðlamaður**



# Pevaryl®

*(ekónazól)*






## Áhrifarík meðferð við sveppasýkingum í leggöngum!

### Kannast þú við einkennin?

**Kláði í og umhverfis leggöng**

**Hvítleit, kornótt útferð**

**Rauðir og þrútnir barmar**



**Fæst án lyfseðils í apótekum**

**Pevaryl®, Pevaryl Depot®** (ekónazól) krem (skeiðarkrem) 1%, skeiðarstílar 150 mg og skeiðarstílar með forðaverkun 150 mg. Lyfið er notað við sveppasýkingu í leggöngum og á ytri kynfærum af völdum sveppsins candida albicans. Lyfið er ekki ætlað börnum. Þeir sem hafa snertiofnæmi fyrir einhverjum af innihaldsefnum lyfsins eiga ekki að nota lyfið. Pevaryl skeiðarstílar og krem innihalda efni sem geta eyðilagt hettur og verjur sem innihalda latex og þar með minnkað öryggi þeirra. Því skal ekki nota Pevaryl skeiðarstíla og krem með þessum getnaðarvörnum. Nákvæmar leiðbeiningar um skömmtun fylgja lyfinu. **Lesið vandlega leiðarvísi sem fylgir hverri pakkningu lyfsins. Geymið þar sem börn hvorki ná til né sjá.**

JANSSEN-CILAG




**COKE ZERO, KVARTMÍLUKLÚBBURINN OG BÍLABÚÐ BENNA HALDA BÍLASÝNINGU.**

**SÝNINGIN VERÐUR HALDIN Í CHEVROLET SALNUM AÐ TANGARHÖFÐA 8-12**

DAGANA **19.-22.** APRÍL NÆSTKOMANDI OG VERÐUR HÚN OPIN SEM HÉR SEGIR,

FIMMTUDAGINN 19.4. FRÁ 11:00 TIL 20:00,
FÖSTUDAGINN 20.4 FRÁ 13:00 TIL 22:00,
LAUGARDAGINN 21.4 FRÁ 11:00 TIL 22:00
SUNNUDAGINN 22.4 FRÁ 11:00 TIL 16:00

**ÖLL FLOTTUSTU TRYLLITÆKI LANDSINS Á EINUM STAÐ SEM ENGINN MÁ MISSA AF.**

MIÐAVERÐ ER 1200 KR. FRÍTT FYRIR 12 ÁRA OG YNGRI.




Bílabúð Benna
Coca-Cola zero

# TÓMSTUNDIR & FERÐIR

## Ferðaþjónusta



Góðir sumarbústaðir til leigu, til lengri eða skemmri tíma. Heitir pottar. Veislusalur fyrir hópa. www.uthlid.is S. 699 5500.

# HÚSNÆÐI

## Húsnæði í boði

Einstaklingsíbúð til leigu 30 fm. Við Barónstíg, beint á móti Iðnskólanum. Lítur út sem ný. Uppl. í s. 860 8066.

Vinsæl blokk í vesturbæ skammt frá KR velli, björt og snotur 2ja herb. íbúð ásamt geymslum. Stórar svalir. Þvottah. á hæðinni. Leiga á mán. 105 þús., innif. hússj. og hiti. Leggja þarf fram banka-áb./tryggingavíxil sem svarar 3ja mán. leigu. Engin gæludýr. Aðeins reglus. og skilvísir leigj. S. 898 1188.

Hús á besta stað í Fossvogi til leigu. Laust nú þegar. Leigist fram í ágúst. Uppl. í s. 691 7828, Svavar.

## Húsnæði óskast

Kona með kött óskar eftir húsnæði á leigu í Reykjavík. Upplýsingar í síma 867 9466.

3-4 herb. íbúð óskast á svæði 112. 100% meðmæli Upplýs. í s.616-6376.

Vantar íbúð/herb. til leigu á Suðurnesjum/höfuðb.sv. fyrir ca. 30-40 þús. per mán. Uppl. í s. 692 2508, Bjarni.

## Sumarbústaðir




**Hlið**
Á göngustíga, heimreiðar, vegi, girðingar, beitarhólf o.fl. Mikið úrval, margar gerðir og stærðir. Smíðað úr galvaniseruðu stáli. Öflugir burðarstaurar, einnig staurar með læsingu, nokkrar gerðir. Vélaborg Krókhálsi 5F 110 Rvk, 414 8600, Njarðarnesi 2, 603 Ak, 464 8600.




**Rafgirðingaefni.**
Allt til rafgirðinga, staurar, vír, spennugjafar, 220V, 12V og 9V einnig sólarrafhlöður, leiðarar, einangrar, randbeitargirðingar o.fl. ATH. Góðar leiðbeiningar í Vörulista Vélaborgar. Vélaborg ehf., Krókhálsi 5F,110 Rvk., 414 8600, Njarðarnesi 2, 603 Ak., 464 8600

## Atvinnuhúsnæði

**Atvinnuhúsnæði eða bílskúr!!!**
**Óska eftir litlu atvinnuhúsnæði eða bílskúr til leigu. Ýmislegt kemur til greina og staðsetning ekki til fyrirstöðu. Áræðanlegar og skilvísar greiðslur. Áhugasamir hafið samband í s. 892 5106**

## Geymsluhúsnæði

Þinn eigin geymslubílskúr. 7, 10 og 17 m2. Einnig bretti. Búslóðir, fyrirtæki, iðnaðarmenn. Upphitað og vaktað. S. 564 6500. www.geymslaeitt.is

Búslóðageymsla Olivers geymir búslóðir innsiglaðar í plasti á brettum. Starfað í 20 ár. Geymt í vöktuðu og upphituðu húsnæði. S. 567 4046 & 892 2074. Sækjum og sendum búslóðirnar.

# ATVINNA

## Atvinna í boði

AVM
Alltaf gott fólk

**AVM Solutions geta fundið fyrir ykkur frábæra starfskrafta frá Evrópu**
**-bæði karla og konur, svo sem matreiðslufólk, þjónustufólk, fólk úr tölvugeiranum eða byggingariðnaði. Öll hafa mikla reynslu á sínu sviði. AVM Solutions geta boðið upp á lausráðna starfsmenn til skamms tíma, þegar um veikindi, frí eða skamman fyrirvara er að ræða. Sjáið síðuna okkar www.avm.is eða hringið í Alan 897 8978 email avm@avm.is**

**Veitingahúsið Nings Hlíðarsmára og Suðurlandsbraut.**
**Óskar eftir starfsfólki í sal í dag, kvöld og helgarvinnu. Bílstjóra og fólk í sal. Upplýsingar í síma 822 8835 og einnig inn á www.nings.is**

**JC Mokstur**
**Óskum eftir mönnum með vinnuvélaréttindi og meirapróf. Góð laun í boði, næg vinna. Uppl. í s. 693 2607.**

**Matráður óskast**
**Nýr veitingastaður í Borgarnesi óskar eftir matráði í 50 eða 100% starf frá júnímánuði. Áhugasamir sendi uppl. á solorka@centrum.is eða hringi í s. 897 1657.**

Eld Smiðjan
ENGRI LÍK!

**Eldsmiðjan**
**Vilt þú vinna á líklega besta Pizzustað í heiminum? Við getum bætt við okkur harðduglegt fólk í sal, og í útkeyrslu. Unnið er 15 daga í mánuði í reglulegri vaktavinnu í sal en eftir samkomulagi í útkeyrslu. Upplýsingar gefur Ásgeir í síma 822 8551.**

**Mosfellsbakarí**
**Óskum eftir að ráða aðstoðarmanneskju í bakaríið okkar í Mosfellsbæ. Vinnutími er frá 06.00-14.00 virka daga & 05.00-13.00 um helgar. Ath. að íslenskukunnátta er skilyrð. Nánari upplýsingar veitir Ragnar í s. 566 6145 & 660 2150.**

aktu taktu

**Aktu taktu**
**Aktu taktu Stekkjarbakka og Aktu taktu Skúlagötu leita eftir rösku og áreiðanlegu starfsfólki í afgreiðslu og á grill. Kvöld og helgarvaktir í boði. Allir hvattir til að sækja um. Skemmtilegt starf á skemmtilegum og líflegum vinnustað. Umsóknir á aktutaktu.is.**

**Mosfellsbakarí**
**Mosfellsbakarí á Háaleitisbraut 58-60, Rvk. óskar eftir góðu fólki til starfa í afgreiðslu. Vinnutíminn er frá 12 - 19 virka daga og einn dag aðra hvora helgi. Einnig vantar helgarstarfsfólk. Nánari upplýsingar veitir Emma í s. 553 5280 eða á staðnum.**

SUBWAY

**Viltu vinna á lifandi og skemmtilegum vinnustað?**
**Subway leitar að jákvæðu og lífsglöðu fólki með mikla þjónustulund. Okkur vantar fólk í kvöld og helgarvinnu, bjóðum sveigjanlegan vinnutíma. Umsóknir á öllum stöðunum og á netinu subway.is.**

N1

N1 óskar eftir að ráða snyrtilegt og lífsglatt fólk á þjónustustöðvar félagsins á Höfuðborgarsvæðinu. Ef þú ert jákvæð (ur), hress og hefur gaman að vinna með öðrum sendu okkur endilega umsókn þar sem fram kemur nafn, aldur, símanúmer, nám og fyrri störf á netfangið sigridurh@n1.is eða hafðu samband við mannauðssvið 440 1000.

**Atvinna.**
**Óskum eftir að ráða smiði og menn vana húsaviðgerðum. Upplýsingar í síma 661 0117, Rúnar.**

Europris, verslanir óska eftir starfsfólki, 533 3360, Europris.

Starfsfólk óskast í sal á veitingahús í Hafnarfirði. Uppl. í s. 822 5229.

Björnsbakarí-vesturbæ óskar eftir starfskrafti til afgreiðslustarfa. Vinnutími er frá kl 13.00-18.30. Helga gefur frekari upplýsingar í síma 699 5423.

**Unique hár og spa - hársnyrtinemi óskast**
Ferilsskrá með mynd skilist í Borgartún 29 (undir Odda) fyrir 25. apríl.

Rútubifreiðastjóri óskast í sumar í hringferðir. Uppl. í s. 567 2288, Víkingaslóðir.

Jarðmótun ehf vill ráða vélarmann, meiraprófsbílstjóra og verkamenn í jarðvinnuframkvæmdir. Framtíðarstörf. Uppl. í s. 892 0989.

Lítil umboðs og heildverslun óskar eftir að ráða ritara í hlutastarf sem fyrst. Vinnutími sveigjanlegur. Tungumála og tölvukunnátta nauðsynleg. Æskilegur aldur 50+. Svar sendist á Fréttablaðið merkt „444“.

Bifreiðastjóri með rútupróf óskast til aksturs fötluðum á höfuðborgarsvæðinu. Uppl. í síma 860 0761.

**Veitingahúsið Hornið**
Óskar eftir að ráða snyrtilegan og reglusaman þjón í sal. Reynsla æskileg. Um er að ræða 70% vaktavinnu. Þarf að geta hafið störf sem fyrst. Upplýsingar gefur Kristín í síma 898 6481.

Húsgagnaverslun á höfuðborgarsvæðinu óskar eftir starfsfólki. Nokkur störf eru í boði, bæði fullt starf og hlutastörf. Einnig erum við að leita að fólki til sumarafleysinga. Viðkomandi þarf að geta byrjað sem fyrst, vera stundvís, heiðarlegur og drífandi, einnig að vera góður í mannlegum samskiptum. Reynsla af sölukerfum er æskileg. Nánari uppl.í síma 848 6287 (Guðrún).

Óska eftir mönnum til byggingarvinnu í Færeyjum. Uppl. í s. 899 8916.

## Atvinna óskast

English speaking, experienced salesman with contacts looking for work. Call 692 0777.

# TILKYNNINGAR

## Ýmislegt



Hæ öllsömul, ég hef hafið störf á Greiðunni Háaleitisbraut 58-60. Tímapantanir í síma 581 3090, verið velkomin. Kv Hrund

**Engar skuldir - Hærri tekjur**
Skoðaðu www.Kennsla.com ef þú vilt losna við skuldir og fá miklu hærri tekjur.

## Einkamál

SPILLI AF GÓÐU SAMBANDI
TANTRA
EROTISK VERSLUN
LANDSINS MESTA ÚRVAL AF VHS, DVD OG LEIKFÖNGUM FYRIR FULLORÐNA
OPIÐ MÁN - FÖS 12:00 - 20:00 OG LAUGARD. 12:00 - 18:00
FÁKAFENI 11
HLÍÐASMÁRA 13
SÍMI 588 6969 / 587 6969
WWW.TANTRA.IS




Myndarlegur reglusamur maður óskar eftir að kynnast heiðarlegri, sjálfstæðri, myndarlegri og reglusamri konu, 55-65 ára, með vináttu og ferðalög í huga. Vinsamlegast sendið svör til FBL ekki seinna en 27. apríl, merkt „Traustur vinur“.

Gefðu vatn
Hjálparstarf kirkjunnar
www.help.is

Einfalt mál




Hvort sem þú ert sérfróður um viðskipti eða einn af þeim sem finnst viðskiptafréttir yfirleitt of flóknar og háfleygar, getur þú fylgst með öllu því sem er að gerast í viðskiptalífinu í gegnum Markaðinn. Við færum þér fréttirnar skýrt og skorinort.




**Með Fréttablaðinu alla miðvikudaga**



**Í hádeginu kl 12:12 á Stöð 2**



**Markaðurinn á Vísi alla daga**



Settu eignina þína í réttar hendur

Allar RE/MAX fasteignasölur eru sjálfstætt reknar og í einkaeign

## Hvað gerum við fyrir þig...

- Verðmetum eignina þína fyrir sölu.
- Notum fagljósmyndara sem taka myndir af eigninni.
- Útbúum eignamöppu með upplýsingum um eignina.
- Auglýsum eignina þína með mjög áberandi hætti.
- Höldum opið hús og sýnum eignina sjálf.
- Erum í sambandi við þig og væntanlega kaupendur.





**www.remax.is**

einn öflugasti fasteignavefur landsins

RE/MAX

enginn í heimi selur fleiri fasteignir

FRAMÚRSKARANDI ***SÖLUFULLTRÚAR*** FRAMÚRSKARANDI ***ÁRANGUR***

Framkvæmdanefnd um einkavæðingu

## Sala nr. 14275 - Baðfélag Mývatnssveitar ehf. - sala á hlut ríkisins

Ríkiskaup, f.h. framkvæmdanefndar um einkavæðingu í umboði iðnaðarráðuneytisins, óska eftir tilboðum í hlut ríkisins í Baðfélagi Mývatnssveitar ehf. að Jarðbaðshólum Mývatnssveit.

Hlutabréfin eru að nafnverði kr. 20.000.000,- (tuttugmilljónir00/100) eða 16,67% af heildarhlutafé félagsins.

Fyrirhugaður er kynningarfundur um starfsemi Baðfélagsins. Áhugasamir þátttakendur skrái sig hjá Ríkiskaupum með tölvupósti á utbod@rikiskaup.is fyrir miðvikudaginn 25. apríl n.k.

Sölulýsing verður til afhendingar hjá Ríkiskaupum, Borgartúni 7, 105 Reykjavík, frá og með mánudeginum 16. apríl. n.k.

Tilboð verða opnuð hjá Ríkiskaupum, Borgartúni 7, miðvikudaginn 2. maí 2007 kl. 14.00 að viðstöddum þeim bjóðendum sem þess óska.

RÍKISKAUP

Skipulags stofnun

## Mat á umhverfisáhrifum

### Ákvörðun Skipulagsstofnunar um matsskyldu framkvæmda

Skipulagsstofnun hefur tekið ákvörðun um að eftirtaldar framkvæmdir skuli ekki háðar mati á umhverfisáhrifum samkvæmt lögum um mat á umhverfisáhrifum. nr. 106/2000 m.s.br.

**Borun, á vegum Ferðafélags Íslands, eftir heitu vatni við Álftavatn, Rangárþingi ytra.**

**Köldukvíslarvirkjun á Tjörnesi, allt að 2 MW, Tjörneshreppi.**

Ákvörðunin liggur frammi hjá Skipulagsstofnun, Laugavegi 166, 150 Reykjavík. Hana er einnig að finna á heimasíðu Skipulagsstofnunar: **www.skipulag.is.**

Ákvörðun Skipulagsstofnunar má kæra til umhverfisráðherra og er kærufrestur til **21. maí 2007.**

**Skipulagsstofnun**

# GRÖFUMAÐUR ÓSKAST

Óskum eftir vönum hjólagröfumanni á vel útbúna hjólagröfu.

Upplýsingar í síma:
Halldór s: 8211230 eða Elísabet s: 8953003

GLAUMUR

## Skólaskrifstofa Hafnarfjarðar
## Engidalsskóli

Engidalsskóli er grunnskóli með um 280 nemendum í 1.-7. bekk. Í skólanum er unnið metnaðarfullt starf með áherslu á góða líðan nemenda og starfsmanna. Engidalsskóli er umhverfisvænn skóli sem er þátttakandi í Grænfánaverkefni Landverndar. Við erum forystuskóli Hafnarfjarðar í umhverfismennt og náttúrufræðikennslu, auk þess að vera með þróun á SMT- skólafærni.

Í starfsáætlun 2007-2008 er lögð áhersla á fjölbreytta kennsluhætti og endurskoðun námsmats.

Velkomin á heimasíðu skólans, slóðin er www.engidalsskoli.is

### Lausar stöður við skólann 2007-2008

**Staða deildarstjóra verkefna.**
Leitað er að einstaklingi sem hefur reynslu af kennslu og kunnáttu í PMT/SMT- foreldra-/skólafærni. Viðkomandi þarf að búa yfir góðum skipulagshæfileikum, vera ábyrgur og lipur í samskiptum.

**Staða deildarstjóra sérkennslu.**
Þarf að hafa framhaldsmenntun í sérkennslufræðum og eða reynslu af sérkennslu/stjórnun.
Starfið er þríþætt og felur í sér umsjón með sérúrræðum í sérdeild, athvarfi og með almennri sérkennslu auk 6 tíma kennsluskyldu.
Nánar skilgreint í starfslýsingu.

**Staða forfallakennara** í 50% starfshlutfalli, með möguleikum á að kenna meira eftir þörfum.

Frekari upplýsingar veita Auður Hrólfsdóttir skólastjóri, netfang audur@engidalsskoli.is sími 555 4433 gsm. 6645867 og Erla María Eggertsdóttir aðstoðarskólastjóri erlam@engidalsskoli.is gsm 664 5894

Umsóknarfrestur er til 2. maí 2007. Áhugasamir sendi inn umsóknir í Engidalsskóla, v/Breiðvang, 220 Hafnarfjörður.

HAFNARFJÖRÐUR

VELKOMIN TIL HAFNARFJARÐAR!
Hafðu samband og fáðu frekari upplýsingar um Hafnarfjörð og margvíslega starfsemi á vegum sveitarfélagsins hjá þjónustuveri bæjarins í **síma 585 5500** og á heimasíðunni **www.hafnarfjordur.is**

AUGLÝSINGASÍMI
550 5000
FRÉTTABLAÐIÐ

FM957

# Bannað!
## Er orð sem við þekkjum ekki

Zúúber – morgunþáttur alla virka morgna frá kl. 7.00–10.00.

Upptökur úr þættinum er að finna á FM957.is



FASTEIGNIR

# – Til leigu –

Klapparstígur 28 - 101 Reykjavík



Frum

Um er að ræða ca. 750 fm húsnæði við Klappastíg 28, 101 Reykjavík. Húsið er 3 hæðir og kjallari og er laust til afhendingar við samning. Góðar tölvutengingar eru í húsinu og er húsið innréttað þannig að það hentar undir margskonar starfsemi.

**Nánari upplýsingar hjá Níelsi í síma 695 1323 eða á nielsben@festar.is**

FASTEIGNIR

RE/MAX LIND

Sími 847 8001
www.remax.is
billi@remax.is

## Ertu í fasteignahugleiðingum?

Vegna mikillar sölu vantar allar stærðir eigna á skrá!
Við verðmetum eignina þína þér að kostnaðarlausu og án skuldbindinga!

**Hafðu samband í síma 847 8001**

Frum



ÞÓRARINN JÓNSSON
Hdl. Löggiltur fasteigna- og skipasali



BRYNJÓLFUR TÓMASSON
Sölufulltrúi
S: 847 8001







RE/MAX BÆR

## Þórunnarstræti 106

Akureyri
Opið hús 21. og 22. apríl kl. 16-17

**Verð: 25,9**
Stærð: 213,3
Fjöldi herbergja: 7
Byggingarár: 1948
Brunabótamat: 25,4
Bílskúr: nei

Falleg og björt efri hæð á besta stað á Akureyri.Rúmgóð herbergi og bjartar stofur. Á hæðinni eru þrjú svefnherbergi, tvískipt stofa með útgengi á svalir, gott eldhús og bað.Nýlegt parket á gólfum. Með hæðinni fylgir einnig íbúð í kjallara. Þar eru tvö góð herbergi og er annað notað sem stofa/eldhús. Sér sólpallur með verkfæraskúr er á lóð. Rafmagn er nýlegt í húsinu. Eignin er í góðu ástandi og stutt er í alla þjónustu og skóla.

Ágústa Friðfinnsdóttir
lögg. fasteignasali

Kristín
Sölufulltrúi
848 8718
stina@remax.is

Benedikt
Sölufulltrúi
861 2743
benni@remax.is

# Sumarbúðirnar Ævintýraland

## Grunnskólanum á Hellu

## Skráning er hafin!



## Námskeið alla daga:

**kvikmyndagerð • leiklist • listasmiðja • tónlist/dans íþróttir • ævintýranámskeið •grímugerð Öll námskeið innifalin í verði nema reiðnámskeið.**

Í boði öll tímabilin:
**Ævintýrabarkinn (karaókíkeppni) • Diskótek Hárgreiðslukeppni • Mörk óttans,** æsispennandi ævintýraleikur

Tímabil 7, 10 - 12 ára:
**Kókósbollukappát • Þolfimi • Dagbókargerð Skartgripagerð •Umhirða húðar • Tískusýning**

Tímabil 8, 12 - 14 ára
**Lengri kvölddagskrá • Kókósbollukappát • Þolfimi Umhirða húðar • Tískusýning • Grillaðir sykurpúðar Landsþekktur leynigestur •Forvarnaþema**

Hátíðardagskrá 17. júní!!!
**Kókósbollukappát • spákonutjald • sælgæti bandfléttur í hár • tattú • blöðrublak andlitsmálun • grillveisla og margt fleira.**

## Tímabilin:

1) 13. júní - 19. júní, 7 - 12 ára
2) 20. júní - 26. júní 7 - 12 ára

3) 27. júní - 03. júlí 8 - 12 ára
4) 04. júlí - 10. júlí 8 - 12 ára
5) 11. júlí - 17. júlí 8 - 12 ára
6) 18. júlí - 24. júlí 8 - 12 ára

7) 25. júlí - 31. júlí 10- 12 ára

8) 1. ágúst - 07. ágúst 12 - 14 ára

*Aldursskipt í hópa á öllum tímabilum.*
Verð fyrir vikuna er 32.700 krónur
*Öll námskeið innifalin í verði nema reiðnámskeið.*

Reiðnámskeið: 8000 krónur (7 klst.)
Á vegum Hestheima, reiðhöll, reiðtúr, viðurkenning og glaðningur.

Staðfestingargjald, 5000 krónur greiðist innan viku frá skráningu og er óafturkræft.

Systkynaafsláttur. Euro og Visa léttgreiðslur.

Sérrúta frá Reykjavík með starfsfólki sumarbúðanna, sjá www.sumarbudir.is

Nánari upplýsingar á heimasíðunni:

## www.sumarbudir.is



# SUMAR TILBOÐ

## FRÁBÆRT ÚRVAL AF TÖLVUM OG TÖLVUBÚNAÐI



### 320GB

**SPECIAL EDITION 16MB**

Sarotech abigs margmiðlunarspilari með fjarstýringu, les og spilar flest alla staðla fyrir mynd og hljóð

- Tengist beint í sjónvarp eða græjur
- Hágæða kvikmynda afspilun
- Spilar ljósmyndir í slide show
- Spilar og geymir alla tónlist
- Er einnig handhægur flakkari
- Fjarstýring til að stjórna öllu fylgir
- Glæsileg og falleg hönnun

abigs

**23.900**

14.900 án harðdisks




LENTUR AFTUR

### Roadster

Vandaður 1GB minnislykill frá OCZ sem lokast inn í sjálfan sig þannig að það er ekkert lok til að týna. Ekki nóg með það heldur er minnislykillinn líka handhæg lyklakippa.

- Hágæða vara frá OCZ
- Snilldar hönnun ekkert lok
- Einnig handhæg lyklakippa
- 1GB hraðvirkt og öruggt minni
- Minnsti USB minnislykillinn!

OCZ Technology

**1.990**



### 320MB

**GeForce 8800GTS**

Það nýjasta í skjákortum í dag! Ofur öflugt GeForce 8 8800GTS skjákort með háhraða GDDR3 320MB minni, hlaðið nýjungum, betri grafík og meiri hraða.

- GIGABYTE GeForce 8 8800GTS
- 320MB GDDR3 skjáminni
- 1600MHz 320 bit minni
- PCI Express 16X
- HD-TV, SVHS, RCA ofl tengi
- 2xDUAL-link DVI tengi

**27.900**



4ms

100% PIXLAR – 100% ábyrgð á pixlum í nýjum skjám – fylgir öllum nýjum skjám í Tölvutek

acer

### 19" Gamers

Einn magnaðasti leikjaskjárinn á markaðnum. Hér fara saman glæsileg hönnun og allar helstu nýjungar í skjátækni og útkoman er ótrúleg.

- 19" CrystalBrite LCD skjár
- 700:1 skerpa tryggir myndgæðin
- 4ms viðbragðstími fyrir leikina
- 1280x1024 upplausn
- VGA og DVI Digital tengi
- Ótrúleg dýpt og háskerpu litir
- 100% Pixla ábyrgð í Tölvutek

**26.900**



SENNHEISER

### Sennheiser RS110

- Glæsileg þráðlaus heyrnatól
- Mjög létt og þægileg, 230g
- Super Aural hljóðtækni
- Allt að 25 klst. rafhlöðuending
- Allt að 100 metra drægni

**4.490**




### Uppfærsla 3

- 3800+ AM2 A64 Dual Core X2
- GIGABYTE nForce 430 móðurborð
- 1GB DDR2 667 OCZ minni
- 256MB GeForce 6100 skjástýring
- 7.1 Dolby Digital DTS hljóð
- Netkort, FireWire, SATA, ofl.

**24.900**



OCZ Technology

### 1GB DDR2 OCZ

- 1GB DDR2 667MHz minni
- XTC System Elite kæliplötur
- Óaðfinnanleg afköst og gæði
- Lífstíðar ábyrgð
- Hvergi á betra verði!

**7.990**

GIGA POD



### GIGAPOD 320

Glæsileg álhýsing frá Spire með 320GB Western Digital Special Edition hörðum disk með 8MB flýtiminni. Mjög hljóðlát og áreiðanleg USB2 álhýsing

**10.900**

Birt með fyrirvara um breytingar og villur • EV - Vaxtalaus tilboð eru jafnar greiðslur á Visa eða Mastercard skuldabréf með 3,5% stimpil og lántökugjaldi sem bætist við upphæðina og dreifist jafnt yfir samningstímann.

**Til afgreiðslu Strax á meðan birgðir endast**




**HEITASTA FARTÖLVAN Í DAG**

**Packard Bell®**

## PACKARD BELL FERÐATÖLVA Á KYNNINGARTILBOÐI

**Intel Core Duo**
Core Duo er með tvo örgjörva fyrir enn meiri afköst ef unnið er í mörgum forritum í einu

**DIAMOND VIEW**
Einn besti ferðatölvuskjárinn í dag, Ótrúleg skerpa og litadýpt ásamt 16ms hraða

**128MB Go7400**
Eitt öflugasta skjákortið í dag með 128MB DDR3 minni og allt að 384MB Turbo Cache

**VEFMYNDAVÉL**
Hágæða vefmyndavél með 30 ramma á sek. ásamt Skype Certified MIC innbyggð í skjáinn

**VISTA PREMIUM**
Ótrúlegt nýtt grafískt viðmót, meira öryggi, fullkomnir leitarmöguleikar og fleiri nýjungar

**TALNABORÐ**
Packard Bell er eina 15,4" fartölvan á markaðinum með lyklaborð í fullri stærð með talnaborði

- Intel Core Duo T2250 1.73GHz örgörvi
- 1GB DDR2 667MHz vinnsluminni
- 160GB SATA 5400RPM harðdiskur
- 8xDVD SuperMulti DL skrifari
- 15.4" WXGA Diamond View 16ms skjár
- 128MB GeForce Go7400 skjákort
- 2.1 hátalarakerfi með innbyggðu bassaboxi
- BlueTooth 2.0 og 54Mbps þráðlaust net
- 5in1 kortalesari fyrir flest minniskort
- Hágæða vefmyndavél innbyggð í skjá
- Windows VISTA Home Premium

**119.900**

EVI2 **9.992** Engir vextir í 12 mánuði

**Packard Bell á Íslandi**
Tölvutek er umboðs- og dreifingaraðili Packard Bell á Íslandi. Í samstarfi við Packard Bell er Tölvutek að bjóða upp á nýjustu línu Packard Bell á ótrúlegu kynningarverði.

**Hágæða ferðatölvur**
Packard Bell er heimsþekkt merki í ferða- og borðtölvum og hefur verið lengi í bransanum. Packard Bell gerir alltaf aðeins betur en aðrir og er nýja vélin með 2.1 hljóðkerfi, lyklaborði í fullri stærð ásamt talnaborði og fleiri nýjungum.

**Service Center**
Þjónustudeild Töluteks er viðurkennt Service Center fyrir Packard Bell á Íslandi og skartar einhverjum öflugustu tæknimönnum landsins með áratuga reynslu í þjónustu á fartölvum og tölvubúnaði.

# TÖLVUTEK

Borgartúni 33 • 105 Reykjavík • 563 6900 • www.tolvutek.is




## STUÐ MILLI STRÍÐA Eru Íslendingar hvergi útlendingar?

**ÖRLYGUR HNEFILL ÖRLYGSSON** ÆTLAR AÐ SLÁ Í GEGN Í ÚTLÖNDUM



Þegar ég var lítill langaði mig til að verða forseti Bandaríkjanna. Þrátt fyrir að vera ekki hár í loftinu áttaði ég mig á gríðarlegum áhrifamætti hans. Fljótlega eftir að ég fór að telja æviár mín í tveggja stafa tölum sá ég þó að það gæti orðið erfiðara en ég hélt í fyrstu. Ég ákvað því að skipta um gír og næstu ár dreymdi mig um að flytja til Bretlands og verða rokkstjarna. Þá var ég nefnilega nýbúinn að uppgötva hljómsveitina Queen og sá mig auðveldlega fyrir mér í sporum meistara Freddie að syngja fyrir troðfullum Wembley-leikvangi.

Í þessum draumum mínum um frægð og frama á erlendri grundu datt mér hins vegar aldrei í hug að ég yrði hluti af einhverjum innflytjendavanda. Mér datt ekki einu sinni í hug að ég yrði innflytjandi. Ég yrði auðvitað bara Íslendingur. Enda einkennir það okkur Íslendinga. Okkur finnst ekkert sjálfsagðara en að geta flutt hvert sem okkur dettur í hug. Okkur þykir eðlilegt að börnin okkar hljóti menntun í framandi löndum og að við getum gengið að vinnu vísri, nánast sama hvar á hnettinum við kjósum að búa. En það er auðvitað af því að við erum aðeins betri en allir hinir. Við erum Íslendingar. Og Íslendingar verða aldrei útlendingar, eða hvað?

Við ættum kannski að hafa þetta í huga þegar við ræðum um málefni þeirra sem kjósa að flytja til Íslands og við köllum innflytjendur. Í mínum huga er það jákvætt að hér búi fólk af ólíkum uppruna. Mér finnst jákvætt að fólk velji Ísland sem þann stað þar sem það vill búa, vegna gæða landsins og þess samfélags sem hér hefur verið byggt upp.

Það getur verið að einhvern lítinn rauðhærðan strák úti í heimi dreymi um að verða rokkstjarna á Íslandi, sérstaklega eftir 12. maí næstkomandi. Fyrir mína parta býð ég hann bara velkominn.

## myndasögur

### Pondus
Eftir Frode Øverli




### Gelgjan
Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




### Handan við hornið
Eftir Tony Lopes




### Kjölturakkar
Eftir Patrick McDonnell




### Barnalán
Eftir Kirkman/Scott



# 110 milljónir hafa verið sendar út til bókakaupa. Notum þær strax!




Þú getur notað eina ávísun fyrir hverjar 3.000 kr. sem þú verð til bókakaupa.
Af **12.000 kr.** bók færðu **4.000 kr. afslátt.** Sæktu fleiri ávísanir í næsta útibú Glitnis!

# Notaðu þína ávísun!

Þegar þú kaupir bækur frá íslenskum útgefendum fyrir að lágmarki 3.000 kr. skaltu nota þína ávísun sem 1.000 kr. afslátt af bókakaupunum.

**Framseldu ávísunina þína.**
Þú gætir unnið bankabók frá Glitni með
**10.000 kr. innstæðu!**

**Þjóðargjöfin** er samstarfsverkefni bókaútgefenda, bókabúða og annarra bóksala auk Glitnis. **Í Viku bókarinnar** fá öll heimili á landinu senda ávísun á bókakaup. Markmiðið er að efla lestur barna og ungs fólks á Íslandi og benda á að bóklestur er ekki aðeins einstök skemmtun, heldur einnig mikilvæg leið til að auka skilning á samhengi, efla málþroska, veita innsýn í flókin málefni og styrkja vald á tjáningu.

Ávísunin gildir í bókabúðum og völdum stórmörkuðum sem selja bækur þegar keyptar eru bækur útgefnar á Íslandi fyrir a.m.k. 3.000 krónur. **Ávísunin gildir dagana 17. apríl – 7. maí 2007.**

GLITNIR

DAGUR BÓKARINNAR 23. APRÍL 2007 · WORLD BOOK DAY

FÉLAG ÍSLENSKRA BÓKAÚTGEFENDA

DYNAMO REYKJAVÍK

**Kl. 10**
*Í Listasafni Íslands standa yfir yfirlitssýningar listamannanna Jóns Engilberts og Jóhanns Briem. Safnið er opið til 17 og aðgangur er ókeypis. Sýningarstjóri er Harpa Þórsdóttir.*

# menning

menning@frettabladid.is

# Rætt um listir í skólakerfinu

Myndlistarskólinn í Reykjavík gengst fyrir námstefnu um möguleika listnámskennslu í almennu skólastarfi í dag og á morgun. Yfirskrift stefnunnar er „Know-How“ en að því verkefni standa listaskólar í fjórum Evrópulöndum. Verkefnið leitast við að draga fram og kynna þá nálgun í námi og kennslu sem tíðkast á verkstæðum listaskóla og hvernig nýta má þær áherslu og aðferðir í almennu skólastarfi, einkum til hagsbóta fyrir þá nemendur sem ekki njóta sín í námi sem byggir helst á lestri texta.

Sérstakir gestir námstefnunnar verða fræðimennirnir Maureen K. Michael frá Glasgow School of Art og Rita Irwin frá háskólanum í Bresku-Kólumbíu í Kanada en báðar hafa þær verið virkar í alþjóðlegri umræðu um listir og sköpun í menntakerfinu.

Námstefnan fer fram á ensku og er einkum ætluð kennurum og skólastjórnendum en einnig fag- og áhugafólki á sviði menntunar-og menningarmála. Stefnan fer fram í húsakynnum Myndlistarskólans og ReykjavíkurAkademíunnar í JL-húsinu við Hringbraut.



**BREYTTIR TÍMAR** Rætt verður um ólíkar áherslur í kennslustarfi og möguleika listnámskennslu í öðru skólastarfi á námsstefnu í dag.

## >Ekki missa af…

opnun í **Gallery Turpentine** í dag. Listamaðurinn **Helgi Már Kristinsson** opnar dyrnar í **Ingólfsstræti** kl. 17.

leikritinu **Lífið – notkunarreglur** sem **Leikfélag Akureyrar** og **Nemendaleikhúsið** sýna norðan heiða.

uppákomum **Borgarbókasafnsins** í viku bókarinnar. Þar verður til dæmis boðið upp á bókmenntagöngu næstkomandi sunnudag þar sem börn og foreldrar fá skemmtilega fylgd um miðbæ Reykjavíkur.



**MEÐ Á NÓTUNUM**
**Árni Heimir Ingólfsson**

# Stjörnustælar

Nýjasta byltingin á menningarsíðum Morgunblaðsins fór fram þegjandi og hljóðalaust, og án nokkurra útskýringa af ritstjórnarinnar hálfu. Fyrir tæpum mánuði var gagnrýni um klassíska tónleika skorin niður í þriðjung af því sem áður var, og hefur verið í snöggsoðnum símskeytastíl síðan. En Moggamenn eiga ráð undir rifi hverju, enda bættu þeir fyrir niðurskurðinn með því að taka upp stjörnugjöf, sem hefur hingað til verið bundin við dægurtónleika- og kvikmyndarýni.

Listgagnrýni er vandmeðfarið fyrirbæri og um það má deila hvort Íslendingar hafa nokkurn tímann náð á því fullkomnu valdi. Að minnsta kosti virðist útséð um það í bili í klassíska geiranum. Gagnrýnendum Moggans er gert að sjóða athugasemdir sínar niður í 1200 slög, sem er langt frá því sem þarf til að slík umfjöllun geti talist marktæk. Gagnrýnandi þarf að geta rökstutt mál sitt með dæmum, þarf að nefna það sem betur mætti fara og sömuleiðis hrósa því sem vel er gert. Hann þarf að hafa svigrúm til að setja gagnrýni sína fram á lystugan og lesvænan hátt, án þess þó að hin faglegu sjónarmið verði undir. Í hinni nýju tónleikakrítík Moggans er ekki rúm fyrir annað en áhugadrepandi hraðsuðu og erfitt að sjá hverjum er eiginlega greiði gerður með slíkri umfjöllun.

Maður kemst heldur ekki hjá því að velta fyrir sér stöðu tónlistar gagnvart öðrum listgreinum í þessu sambandi. Nú er svo komið að engin önnur listgrein er jafn aðþrengd á síðum Moggans og klassísk tónlist. Stjörnugjöf tíðkast til dæmis hvorki í dómum blaðsins um myndlist né leiklist. Þær listgreinar fá mun meira pláss fyrir gagnrýni sem þar af leiðandi er marktækari og getur tekið á fleiri þáttum. Hvernig stendur á þessu? Tekur lengri tíma að mála málverk en æfa sónötu? Liggur meiri vinna að baki leiksýningu en einleik með sinfóníuhljómsveit? Eru Bakkynjur Evripídesar mikilfenglegra listaverk en Níunda sinfónía Beethovens, eða kannski bara meiri „söluvara“? Og á hverju byggist það mat?

**Úr takti við tímann**

Sú stefna Morgunblaðsins að gefa klassískri tónlist minna pláss en jafnvel öðrum tónlistargreinum er úr öllum takti við þróun mála í tónlistarheiminum. Í síðustu viku kom bandaríska tónskáldið Nico Muhly fram á frábærum tónleikum í Fríkirkjunni ásamt Ben Frost, Valgeiri Sigurðssyni og öðru góðu fólki. Muhly er klassískt menntaður, með meistarapróf frá Juilliard, en í tónverkum sínum blandar hann saman hefðbundnum lýrískum hljóðfæraleik og nýstárlegri elektróník. Mogga-dómurinn um tónleikana fyllti næstum hálfa síðu og Muhly getur unað glaður við sitt. En hvað hefði hann fengið mikla umfjöllun ef hefði hann kynnt verk sín sem „nútímatónlist“ í Salnum í Kópavogi? Hvað ef Sinfónían hefði leikið eitt af hljómsveitarverkum hans í Háskólabíói? Múrarnir sem eitt sinn aðskildu hinar ólíku greinar tónlistarinnar hafa hrunið hver af öðrum síðustu misserin. Það er óskiljanlegt að Morgunblaðið skuli leggja allan metnað sinn í að reisa þá aftur við.

En hvað er svona hrikalegt við að gefa tónleikum stjörnur? Aðallega þetta. Öll góð listsköpun er línudans hinna fínu blæbrigða. Hárfínar tímasetningar í samtölum leikhússins, dýnamískur sveigjanleiki tónlistarinnar, óteljandi litbrigði myndlistarinnar – þetta eru frumefni listarinnar og þau verða ekki svo hæglega soðin niður í dósir markaðslögmálanna. Í stjörnugjöf á skalanum 0-5 er allt mælt í tuttugu prósenta stökkum og ekkert rúm fyrir hin fínni blæbrigði upplifunarinnar. Vitsmunaleg orðræða um listir mun aldrei þrífast í símskeytastíl. Það sem í upphafi átti að vera töff og spennandi „krydd“ hefur breytt íslenskri tónleikakrítík í óþærilega litlausa runu af smáklausum sem allar segja það sama: ekki neitt. Eða hafa einhverjir tónleikar undanfarinn mánuð fengið annað en þrjár eða fjórar stjörnur?

Hin nýja stefna Morgunblaðins í tónleikarýni er enn eitt dæmið um grasserandi hraðaafgreiðsluhyggju nútímans. Hvernig væri að hætta stjörnustælunum og hvetja í staðinn til kröftugrar, metnaðarfullrar og fordómalausrar orðræðu um listir og menningu? Ekki veitir af.

# Fyrir rokkþyrsta



**FORSÖNGVARINN ÓTTARR PROPPÉ Í HAM** Sviðsframkoma Dr. Spock er annáluð.

Hljómsveitin Dr. Spock hyggst veita rokkþyrstum almúganum fyllingu á skemmtistaðnum Grand Rokki í kvöld. Þeim til fulltingis verða félagar úr hljómsveitinni Drep. Fyrrgreinda bandið er þekkt fyrir líflega og hressandi sviðsframkomu og má því líklegt teljast að það verði svolítið fútt í þessu hjá þeim.

Áætlað er að fjörið hefjist kl. 23.

# Horft inn um skráargatið

**Er hjónabandið hagkvæmnisráðstöfun, fyrirtæki eða loforð um skilyrðislausa ást? Elva Ósk Ólafsdóttir ræddi við blaðamann um hálan ís og heilmikinn þroska.**



**HÓPURINN FÓR HEILMIKIÐ Á TRÚNÓ** Elva Ósk Ólafsdóttir leikkona og samstarfsfólk hennar í Þjóðleikhúsinu hefur rætt mikið um sambönd að undanförnu.
FRÉTTABLAÐIÐ/ ANTON BRINK

Leikritið Hjónabandsglæpir er eftir þekktasta samtímaleikskáld Frakka, Eric-Emmanuel Schmitt, sem íslenskir leikhúsgestir þekkja mæta vel. Verk hans Abel Snorko býr einn og Gesturinn hafa fengið afbragðsviðtökur hér á landi en í þessu stykki leggst heimspekingurinn Schmitt í krufningu á hugmyndum fólks um hjónabandið. Hjónin í verkinu eru leikin af Elvu Ósk og Hilmi Snæ Guðnasyni en leikstjóri er Edda Heiðrún Backman.

**Spurningar um ástina**

„Þetta verk er ekki um þetta rómantíska upphaf sem allar ástarsögur fjalla um,“ segir Elva Ósk og útskýrir að aðalpersónurnar tvær séu hjón sem búið hafa saman í fimmtán ár. „Þetta er verk um ást sem varir og höfundurinn tekur á því hvernig tvær ólíkar manneskjur líta ólíkt á ástina. Fólk hefur mismunandi forsendur fyrir því að giftast og orð hafa mismunandi merkingu í hugum þeirra. Er hjónabandið bara þægilegt fyrirkomulag, fyrirtæki eða er það til vegna þess að þú elskar skilyrðislaust þessa manneskju sem þú býrð með?“

Verkinu hefur verið lýst sem sálfræðidrama en það hefst þegar konan kemur heim með mann sinn af sjúkrahúsi eftir að hann missir minnið. „Hún ætlar að búa til úr honum mann eins og hentar henni,“ útskýrir Elva Ósk. „Það er líka komið að ákveðnu uppgjöri í sambandinu. Það er alls ekki verið að rífast um hlutina heldur reyna að leysa vanda – svo er bara spurning hvort það er mögulegt eða hvort þau fara hvort í sína áttina.“ Inn í frásögnina fléttast síðan glæpurinn sem Elva Ósk segir laumulega að ekki megi láta neitt uppi með. „Áhorfendur verða bara að upplifa hann sjálfir,“ segir hún kankvís.

**Flugur á vegg**

Elva segir að aðalpersónurnar séu eins og svo margir aðrir í sambandi sem gleymst hefur að rækta. „Það kannast allir við eitthvað í þessu verki. Það er hálf broslegt, til dæmis þessir barnalegu hlutir og vitleysa sem maður lætur út úr sér. Fólk sem hefur séð verkið líkir þeirri reynslu við að vera fluga á vegg. Þetta samband gæti allt eins verið milli mín og þín.“ Elva Ósk segir að æfingatímabilið hafi verið mikið ferðalag. „Jú guð minn góður,“ segir hún og hlær, „þetta er búið að vera rosalegt. Í verkinu er verið að fjalla um alls konar tilfinningar, til dæmis afbrýðisemi, hatur og sjálfsfyrirlitningu. Tilfinningar sem eru kannski ekki svo kunnuglegar en maður þarf að sökkva sér ofan í og kafa djúpt til að skilja. En það er list leikarans og leikstjórans að finna leið til að koma þessu öllu til skila.“

Hún segir að hlutverkin í sýningunni séu afar bitastæð fyrir leikarana því þar fái listamennirnir að spila á allan tilfinningaskalann. „Maður er bæði góður og vondur, fallegur og ljótur, blíður og grimmur. En það fallegasta í þessu öllu er að verkið fjallar um fólk sem elskar hvort annað.“

**Á nýjar brautir**

Þetta er í fyrsta sinn sem Elva Ósk vinnur með leikstjóranum Eddu Heiðrúnu en þær hafa margoft leikið saman. „Hún hefur vissar aðferðir og dregur fram skemmtilega hluti í okkur Hilmi,“ segir hún íbyggin. „Það er svo gefandi og gaman þegar einhver er tilbúinn til að ýta við manni og draga mann út á hálar brautir.“ Hún segist þó ekki myndu hafa verið tilbúin fyrir þessa rullu fyrir tíu árum. „Sem betur fer erum við komin á ákveðinn aldur og búum yfir þroska til þess að takast á við svona verk,“ segir hún og vísar til þess sársauka sem óneitanlega fylgir samböndum. „Hópurinn er búinn að fara heilmikið á trúnó,“ segir hún og hlær. „Við höfum rætt mikið um sambönd, bæði okkar eigin og þau sem við könnumst við hjá fólki í kringum okkur.“

Hún líkir ferðalaginu að frumsýningunni við skautasvell. „Maður er búinn að fara fram og til baka, detta á rassinn og standa upp aftur. Þetta er allur pakkinn. En nú erum við tilbúin að skauta áfram.“ Verkið Hjónabandsglæpir er sýnt í Kassanum í Þjóðleikhúsinu.

kristrun@frettabladid.is



**UPPGJÖRSTÍMI** Elva Ósk og Hilmir Snær Guðnason leika í verkinu Hjónabandsglæpir í Þjóðleikhúsinu.

# Ótrúlegt verð

Öll raftæki fást í Smáralind takmarkað úrval í öðrum verslunum

## Enox 32" LCD sjónvarp BLT7832

- 32" LCD sjónvarp
- HD Ready
- Upplausn 1366x768
- Svartími 8ms
- Skerpa 1000.1
- Textavarp 1000 síðna minni
- 2 x scart, HDMI, RCA tengi
- 2 x 30w magnari










**Enox 15" m/dvd spilar DVTC7615**
• Upplausn: 1024x1024 punktar • Progressive scan • HD ready • Sjónsvið (H/V): 160/160° • Skerpa 3.000:1 og birta: 1.000 cd/m2 • 2x10w Nicam stereó hljóðkerfi • 2 scart, HDMI, component, SVHS, CVBS og heyrnartólstengi • VGA tengi (styður XGA)• Textavarp • Svefnrofi og fjarstýring • Borðstandur og veggfesting fylgja




**Dantax 26" LCD 26LCDV7**
- 26" HD 16:9 LCD Sjónvarp
- Upplausn: 1366x768 punktar
- Skerpa: 1.400:1 og svartími: 8ms
- Sjónsvið (H/V): 178/178° og birtustig: 600 cd/m2
- 2 x Scart (með RGB), HDMI, Component og heyrnartólstengi
- Borðstandur fylgir
- Mál í cm (bxhxd): 70x50x11,5 og Þyngd: 12kg




**United 32" LCD LTV32W63**
• Upplausn: 1366x768 punktar • HD ready • Progressive scan
• Nicam stereó hljóðkerfi • 2 scart, HDMI, component, SVHS, CVBS og heyrnartólstengi • VGA tengi • Textavarp
• Fjarstýring • Passar fyrir VESA200 veggfestingar (fylgja ekki)
• Stærð í cm (bxhxd): 91,7x51,7x11




**United 20" LCD**
- Digital comb filter
- Nicam stereó hljóðkerfi
- Scart (með RGB), component, SVHS, CVBS




**United 15" LCD**
- Digital comb filter
- 8w nicam stereó hljóðkerfi
- 12V og 220V
- Scart (með RGB), SVHS, CVBS og heyrnartólstengi
- VGA tengi




**Sarotech margmiðlunarspilari DVP370A**
- Tekur 3,5" IDE harða diska
- Spilar DivX (3.x/4.x/5.x), XViD, DAT, MPG, VOB, ISO og IFO
- Spilar MP3, WMA, OGG og WAV
- Sýnir JPEG ljósmyndir
- Stereó útgangur
- USB 2.0 háhraða tenging

Gildir til 26. apríl eða á meðan birgðir endast.
Með fyrirvara um villur í texta.
* Upphæðir miðast við meðalgreiðslur á mánuði

HAGKAUP
Skemmtilegast að versla

# Og dótið lifnar við

Landsmenn geta hugsað sér glatt til menningarglóðarinnar fram á vorið því enn stendur yfir franska menningarkynningin Pourquoi pas? og hingað streymir hæfileikafólk frá meginlandinu sem fúst er að skemmta okkur og fræða. Á mánudagskvöld var sett upp óvenjuleg leiksýning í Kúlu Þjóðleikhússins en sýning sú ferðast um landið þessa dagana og verður hún sett upp í flestum fjórðungum auk sýninga í Hafnarfirði og á Reykjanesi.

Sýningin Gersemar gærdagsins er tegund af brúðuleikhúsi þar sem hinn hugvitsami forsprakki Turak-leikhússins, Michel Laubau, tekur sér stöðu á leiksviði og lætur alls kyns furður lifna við. Persónur og leikmunir eru gerð úr handahófskenndu dóti, straujárn, leikföng, fjaðrir og eldhúsáhöld koma þannig við sögu tveggja manna, annar þeirra er líklega að missa af flugi á meðan hinn er tvístígandi og forvitinn könnuður sem felur sig í fötu. Reyndar er ég alls ekki viss um hvað þessi sýning fjallar annað en það hvað það er gaman að hafa ímyndunarafl.

Húmorinn er í fyrirrúmi í þessari sýningu og hinar einföldustu hreyfingar stjórnandans verða merkingarhlaðnar í óreiðukenndu umhverfi þar sem allir bíða spenntir eftir því hverju stjórnandinn tekur upp á næst.

Tónlistin var sköpuð af tveimur rafmagnsgíturum og toguðust þau hljóð í allar áttir, það var hreint ótrúlegt hvað hægt var að að skapa mikla stemningu með tólf strengjum og magnara. Upptökuvélar og ljós voru líka notuð á eftirtektarverðan hátt og veggir leikhússins þannig brotnir niður í fleiri og framúrstefnulegri einingar.

Gestirnir, einkum þeir yngstu, skelltu innilega upp úr yfir brellunum og látalátunum á sviðinu og ég er nokkuð viss um að þetta sjónarspil situr í fleirum en mér. Nú er bara spurning hvort einhver hafi farið beint út í bílskúr heima eftir sýninguna til þess að láta eitthvað lifna við eins og Fransmaðurinn Laubau.

**Kristrún Heiða Hauksdóttir**



**LEIKLIST**

**Gersemar gærdagsins, sýning Turak-leikhússins**

Kúlan í Þjóðleikhúsinu

**Höfundur og stjórnandi:** Michel Laubau / **Samverkamaður**: Emili Hufnagel

★★★★

Hugvitssamleg, súrrealísk og sniðug sýning fyrir fólk á öllum aldri.

## HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

APRÍL

17 18 19 **20** 21 22 23

**Föstudagur**

### TÓNLEIKAR

20.00 **Djasshátíð í Garðabæ**. Yngstu djasslistamenn bæjarins, **María Magnúsdóttir** og **Jóhannes Þorleiksson**, halda tónleika í sal **Tónlistarskólans** í **Garðabæ**. Jóhannes leikur ásamt hljómsveit sinni Tepokanum og María syngur með hrynsveit Tepokans eftir hlé.

23.59 Norska hljómsveitin **Barbarian Twins** leikur á skemmtistaðnum **DOMO bar** í **Þingholtsstræti**.

Hljómsveitin **Sprengjuhöllin** heldur tónleika í **Sláturhúsinu** á **Egilstöðum.**

### LEIKLIST

20.00 **Stúdentaleikhúsið** sýnir **Eximasjón** í gömlu kartöflugeymslunum í **Ártúnsbrekku**. Leikstjóri er **Guðjón Þorsteinn Pálmarsson.**

### FYRIRLESTRAR

12.00 **Andrew Talle** tónlistarfræðingur og prófessor við Peabody-tónlistarháskólann í Baltimore heldur fyrirlestur við **tónlistardeild Listaháskóla Íslands.** Fyrirlesturinn og fjallar um útgáfu Bachs á sex hljómborðspartítum sínum sem komu út á prenti árið 1731 og voru fyrsta verk hans til að ná verulegri útbreiðslu á nótnamarkaði. Andrew Talle hefur lokið BA-prófi í sellóleik, meistaraprófum í mál- og tónvísindum og doktorsprófi í tónlistarfræði frá Harvard-háskóla árið 2004 með ritgerð um partítur Bachs. Hann vinnur nú að bók um sama efni sem kemur út innan skamms. Fyrirlesturinn verður á ensku í græna salnum á 3. hæð **Listaháskóla Íslands**, Sölvhólsgötu 13, og er opinn öllum.

Upplýsingar um viðburði og sýningar sendist á **hvar@frettabladid.is** ekki síðar en sólarhring fyrir birtingu.




**ÁST**

SÖNGLEIKUR EFTIR GÍSLA ÖRN GARÐARSSON OG VÍKING KRISTJÁNSSON

Í samstarfi við Vesturport

21. apríl Uppselt
21. apríl Uppselt
28. apríl Uppselt
29. apríl Uppselt
3. maí laus sæti
6. maí laus sæti

Miðasala 568 8000
www.borgarleikhus.is

CAMERATA DRAMMATICA

**Tónleikar 28. apríl kl. 20 – Barokktónlist eftir Händel, Corelli o. fl.**
Einsöngvarar: Ágúst Ólafsson og Marta Guðrún Halldórsdóttir — Miðaverð kr. 2.500

SÖNGVARABALL

**30. apríl kl. 20 – Veislustjóri: Davíð Ólafsson**
Sardas-strengjasveitin, Stórsveit Suðurnesja, „Tenórinn“ o. fl. góðir gestir — Miðaverð kr. 3.000

www.opera.is | opera@opera.is | **Sími: 511 4200**

Miðasalan er opin alla daga nema mánudaga kl. 14-18 og fram að sýningu sýningardaga.
Símasala kl. 10-18 þriðjudaga - föstudaga. Miðasala á Netinu allan sólarhringinn.

ÍSLENSKA ÓPERAN

„ÞAÐ ELSKA ALLAR KONUR HEIMSFRÆGA MENN“
GRETTIR

**VILTU FINNA MILLJÓN?**
Fim 3/5 kl. 20 Síðasta sýning

**EILÍF HAMINGJA**
Í samstarfi við Hið lifandi leikhús
Þri 24/4 kl. 20 Mið 25/4 kl. 20
Síðustu sýningar

**LADDI 6-TUGUR**
Fös 27/4 kl. 20 UPPS.
Fös 27/4 kl. 22:30 UPPS.
Fös 4/5 kl. 20 UPPS.
Fös 4/5 kl. 22:30 UPPS.
Lau 5/5 kl. 14 UPPS.
Fim 10/5 kl. 22:30
Þri 29/5 kl. 20 UPPS.
Mið 30/5 kl. 20 UPPS.
Lau 2/6 kl. 20
Lau 2/6 kl. 22:30

**SÖNGLEIKURINN ÁST**
Í samstarfi við Vesturport
Í kvöld kl. 20 UPPS. Lau 21/4 kl.20 UPPS.
Sun 22/4 kl.20 UPPS. Mið 25/4 kl.20 UPPS.
Lau 28/4 kl. 20 UPPS. Sun 29/4 kl. UPPS.
Fim 3/5kl.20 UPPS. Sun 6/5 kl. 20
Fim 10/5 kl. 20 Fös 11/5 kl. 20
Lau 12/5 kl. 20 Lau 19/5 kl. 20

**SAN FRANCISCO BALLETTINN**
Samstarfsverkefni Listahátíðar í Reykjavík og Borgarleikhússins.
Mið 16/5 kl. 20 UPPS. Fim 17/5 kl. 20 UPPS.
Fös 18/5 kl. 20 UPPS. Lau 19/5 kl. 14
Lau 19/5 kl. 20 UPPS. Sun 20/5 kl. 14 UPPS.
Sun 20/5 kl. 20 UPPS.

**DAGUR VONAR**
Fim 26/4 kl. 20 UPPS.
Fös 27/4 kl. 20 UPPS.
Fös 4/5 kl. 20 UPPS.
Mið 16/5 kl. 20
Fim 17/5 kl. 20
Fös 18/5 kl. 20
Fim 24/5 kl. 20

**SÖNGLEIKURINN GRETTIR**
Í kvöld kl. 20 FORS.UPPS.
Lau 21/4 kl. 20 FORS. MIÐAVERÐ 1.500
Sun 22/4 kl. 20 FRUMSÝNING UPPS.
Lau 28/4 kl. 20 2.sýning Gul kort
Sun 29/4 kl. 20 3.sýning Rauð kort
Lau 5/5 kl. 20 4.sýning Græn kort
Sun 6/5 kl. 20 5.sýning Blá kort
Fös 11/5 kl. 20

**KILLER JOE**
Í samstarfi við leikhúsið Skámána
Í kvöld kl. 20
Lau 21/4 kl. 20
Síðustu sýningar í vor

**KARÍUS OG BAKTUS**
Sun 22/4 kl. 13,14, 15 UPPS.
Sun 29/4 kl. 13, 14, 15 UPPS.
Sun 6/5 kl. 13, 14, 15 AUKASÝNINGAR
Sun 13/5 kl. 13, 14, 15 AUKASÝNINGAR
Sun 20/5 kl. 13, 14, 15 AUKASÝNINGAR
Gestaleikur frá Leikfélagi Akureyrar

**ALVEG BRILLJANT SKILNAÐUR**
Einleikur Eddu Björgvins
Mið 2/5 kl. 20 AUKASÝNING
Lau 5/5 kl. 20 AUKASÝNING

Miðasala 568 8000
www.borgarleikhús.is
grettir.blog.is

BORGARLEIKHÚSIÐ

ÞJÓÐLEIKHÚSIÐ




**Stóra sviðið kl. 20:00**

**SITJI GUÐS ENGLAR** eftir Guðrúnu Helgadóttur. Leikgerð Illugi Jökulsson.
Sun. 22/4 kl. 14:00 **örfá sæti laus, aukasýning kl. 17:00 örfá sæti laus,** sun. 29/4 kl. 14:00 **örfá sæti laus.og kl. 17:00.**
**Síðustu sýningar!**
**LEG** - söngleikur eftir Hugleik Dagsson. Tónlist hljómsveitin Flís.
Í kvöld, fös. 20/4 **örfá sæti laus,** lau. 21/4 **nokkur sæti laus,** fim. 26/4 **örfá sæti laus,** fös. 27/4 **uppselt, lau. 28/4, fös. 4/5, lau. 5/5.**
**Ath. nemendaafsláttinn og hópafsláttinn. Námufélagar fá 35% afslátt ef greitt er með Námukorti.**
**CYMBELINE** eftir Shakespeare - í flutningi breska leikhópsins Cheek By Jowl. Í samstarfi við Listahátíð í Reykjavík.
Þri. 15/5 **örfá sæti laus**, mið. 16/5, fim. 17/5 **örfá sæti laus**, fös. 18/5.

**Smíðaverkstæðið kl. 20:00**

**HÁLSFESTI HELENU** eftir Carole Fréchette.
Lau. 21/4 **örfá sæti laus**, fös. 27/4, lau. 5/5. **Umræður eftir sýningu með Jóhönnu Kristjánsdóttur 21/4 og Sveini Rúnari Haukssyni 27/4 og 5/5.**

**Kassinn**

**HJÓNABANDSGLÆPIR** eftir Eric-Emmanuel Schmitt.
Í kvöld, fös. 20/4 **uppselt,** lau. 21/4 **örfá sæti laus,** fim. 26/4 **uppselt**, fös. 27/4 **uppselt,** lau. 28/4 **örfá sæti laus,** sun. 29/4 **örfá sæti laus,** fim. 3/5 **uppselt,** fös. 4/5 **örfá sæti laus,** lau. 5/5 **örfá sæti laus,** sun. 6/5 **örfá sæti laus**. sun. 13/5 **örfá sæti laus,** fös. 18/5.

**Kúlan**

**MJALLHVÍT** Brúðusýning Helgu Arnalds.
Lau. 21/4 kl. 15:00, sun. 22/4 kl. 15:00, lau. 28/4 kl. 13.30.

**Í SKÓLA TÍMANS** - Leikin dagskrá Sigurðar Skúlasonar og Margrétar Helgu Jóhannsdóttur.
Lau. 28/4 kl. 17:00 uppselt, þri. 1/5 kl. 16:00 **nokkur sæti laus**, mið. 2/5 kl. 20:00 nokkur sæti laus.

**Þjóðleikhúskjallarinn**

**LJÓTU HÁLFVITARNIR og TÚPÍLAKAR** - Með skemmtilegustu hljómsveitum landsins!
Lau. 21/4 kl. 22:00. **Miðasala við innganginn. Miðaverð kr. 1.500,-**
**LEIKFÉLAGIÐ HUGLEIKUR** - Þetta mánaðarlega
Sun. 22/4 og fim. 26/4. **Sýning hefst kl. 21:00. Miðaverð kr. 1.000,-**

Afgreiðslan er opin frá kl. 12:30 til kl. 18:00 á mánudögum og þriðjudögum. Aðra daga frá kl. 12:30 til 20:00. Miðasölusími 551-1200. Símapantanir frá kl. 10.00 virka daga.

Miðasala á Netinu allan sólarhringinn www.leikhusid.is
Leikhúsbloggið er á www.leikhusid.blog.is Fylgist með!

Draumalandið
*eftir Andra Snæ Magnason*

**20. apr** fös. 9 sýning **kl. 20**
**21. apr** lau. 10 sýning **kl. 20**
**26. apr** fim. 11 sýning **kl. 20**
**27 apr** fös. 12 sýning **kl. 20**
**28 apr** lau. 13 sýning **kl. 20**

HAFNARFJARÐARLEIKHÚSIÐ
Strandgata 50, Hafnarfirði. Miðasala í síma 555 2222 og á www.midi.is

GERÐUBERG
www.gerduberg.is



**RÚRÍ Tími - Afstæði - Gildi**
Sýning frá glæstum listferli. Listaverk, ljósmyndir og myndbönd af gjörningum og innsetningum.
**Sjá www.ruri.is.**
Sýningin stendur til 6. maí



**Óður til íslenskrar náttúru**
Guðlaug I. Sveinsdóttir sýnir málverk og vefnað
Sýningin stendur til 29. apríl



**Textílverk og frumsamin ljóð**
Sýning 6. bekkinga í Rimaskóla í Kaffi Bergi.
Stendur til 5. maí



**Vissir þú af...**
góðri aðstöðu fyrir veislur, námskeið, fundi o.fl.
**Nánar á www.gerduberg.is**

Sýningar Rúríar og Guðlaugar eru opnar virka daga frá 11-17 og um helgar frá 13-16
Sýningin í Kaffi Bergi er opin mán-fös frá kl. 9-16 og á laugardögum frá kl. 13-16
Sími 575 7700

**Viðburðir Landnámsseturs í apríl**

**fö 20. apríl** kl. 20 Mr Skallagrímsson **uppselt**
**lau 21. apríl** kl. 20 KK og Einar **Laus sæti**
**su 22. apríl** kl. 16
Mr. Skallagrímsson **uppselt**
**má 23. apríl** kl. 20
Brúðuleikhús Turak - **ókeypis aðgangur**
**fö 27. apríl** kl. 20
Mr. Skallagrímsson **uppselt**
**lau.28.apríl** kl 16 **aukasýning**
Mr.Skallagrímsson **uppselt**
**lau. 28. apríl** kl. 20
Mr. Skallagrímsson **uppselt**
**su. 29 aprríl** kl. 16 **aukasýning**
Mr. Skallagrímsson **uppselt**
**su 29. apríl** kl. 20 KK og Einar **Laus sæti**

LANDNÁMSSETUR ÍSLANDS

Nánanari upplýsingar um sýningar í maí á www.landnamssetur.is
Miðapantanir í síma 437 1600

ABBABABB!
eftir Dr. Gunna

FRÁBÆR FJÖLSKYLDUSKEMMTUN!

Sun 22. apríl kl. 14.00 örfá sæti laus
Sun 29. apríl kl. 14.00 laus sæti
Sun 29. apríl kl. 17.00 laus sæti
Sun. 6. maí kl. 14.00

Leikhópurinn Á senunni & HAFNARFJARÐARLEIKHÚSIÐ

Miðasala í síma 555 2222 eða á www.midi.is
www.abbababb.is



Nýtt band
specials

föstudaginn 20. og laugardaginn 21. apríl

Specials sérhæfa sig í sjöunda áratugnum - Bítlunum, Stones og Pretty Things

Sérfræðingarnir lofa stanslausu stuði á Kringlukránni. Smeygjum okkur í dansskóna og mætum tímanlega.

Café/Restaurant KRINGLU KRÁIN – á góðri stund

# SUMARSMELLUR
## OG NÝJUSTU MYNDIRNAR







2L PEPSI / PEPSI MAX
+ LAYS EÐA DORITOS
+ NÝ MYND
+ GÖMUL MYND
850 KR

BÓNUSVÍDEÓ
*Leigan í þínu hverfi*

*EF MYNDIN CASINO ROYALE, LITTLE MISS SUNSHINE EÐA THE HOLIDAY ER EKKI INNI ÞÁ FÆRÐU HANA FRÍA TIL ÚTLEIGU Í EINN SÓLARHRING NÆST ÞEGAR ÞÚ KEMUR GEGN FRAMVÍSUN "100%" KORTS. GILDIR Í EINN MÁNUÐ FRÁ AUGLÝSINGU OG AÐEINS Á ÞEIM SÖLUSTAÐ ÞAR SEM MYNDIN VAR EKKI INNI.

TILBOÐIÐ GILDIR 18.-29. APRÍL UM ÚTLEIGU Í EINN SÓLARHRING - MEÐ FYRIRVARA UM INNSLÁTTARVILLUR OG MYNDABRENGL.

# TAKMARK

## Rýmingarsala á fartölvum og skjám • Sýninga

Upphæðin er meðalgreiðsla á mánuði og er miðað við 48 mánaðarlegar jafnar afborganir. 3,5% stimpil og lántöku-gjald ásamt vöxtum er innifalið. Vextir eru samkvæmt ákvörðun TL á hverjum tíma og eru núna 16,75%.

 AÐEINS 2.301 KR Á MÁNUÐI – 10.000 LÆKKUN 3 STK – acer

**ACER ASPIRE 3682WXMI**

1.6Ghz Intel Celeron M 420 Centrino örgjörvi 1GB Dual DDR2 minni, 80GB ATA100 diskur 14,1" TFT WXGA skjár, Intel GMA950 128MB skjákort 5 in 1 kortalesari, Windows XP MCE - á íslensku eða ensku

**69.900**

AÐEINS 2.445 KR Á MÁNUÐI – 22.000 LÆKKUN 2 STK – acer

**ACER ASPIRE 5101AWLMI**

2.0Ghz AMD Turion64 MK36 örgjörvi, 512MB DDR2 minni, 80GB ATA100 diskur, 15.4" WXGA skjár 128MB ATI Radeon X1100 skjákort, 5 in 1 kortalesari Windows XP Home - SP2 - á íslensku eða ensku

**67.900**

AÐEINS 3.597 KR Á MÁNUÐI – 20.000 LÆKKUN 1 STK – acer

**ACER ASPIRE 9301AWSMI**

2.0Ghz AMD Turion64 MK36 örgjörvi, 1GB Dual DDR2 minni, 120GB ATA100 diskur, 17" WXGA skjár 128MB GeForce Go 6100 skjákort, 5 in 1 kortalesari Windows XP Home - SP2 - á íslensku eða ensku

**99.900**

AÐEINS 3.237 KR Á MÁNUÐI – 10.000 LÆKKUN 1 STK – acer

**ACER TRAVELMATE 4202WLMI**

1.66GHz Intel Core Duo T2300 örgjörvi, 512MB DDR2 minni, 80GB ATA100 diskur, 15.4" WXGA skjár Intel GMA950 128MB skjákort, þráðlaust netkort Windows XP PRO - SP2 - á íslensku eða ensku

**89.900**

AÐEINS 3.237 KR Á MÁNUÐI – 20.000 LÆKKUN 1 STK – acer

**ACER ASPIRE 6413WLMI**

1.83GHz Intel Core 2 Duo T5500 örgjörvi, 512MB DDR2 minni, 80GB SATA diskur, 15.4" WXGA skjár, Intel GMA950 128MB skjákort, Bluetooth, 5 in 1 kortalesari Windows XP PRO - SP2 - á íslensku eða ensku

**89.900**

AÐEINS 5.217 KR Á MÁNUÐI – 25.000 LÆKKUN 3 STK – acer

**ACER TRAVELMATE 6464WLMIB**

1.83GHz Intel Core 2 Duo T5600 örgjörvi, 512MB DDR2 minni, 120GB SATA diksur, 15.4" WSXGA skjár, 128MB ATI Radeon X1300 skjákort, Bluetooth, 5 in 1 kortalesari Windows XP PRO - SP2 - á íslensku eða ensku

**144.900**




AÐEINS 2.517 KR Á MÁNUÐI – 30.000 LÆKKUN 1 STK – hp

**HP NX6310-01**

1.4Ghz Intel Celeron M 410 Centrino örgjörvi 512MB DDR2 minni, 60GB ATA100 diskur, 15" TFT WXGA skjár, Intel GMA950 128MB skjákort Windows XP Home - á íslensku eða ensku

**69.900**

AÐEINS 3.597 KR Á MÁNUÐI – 50.000 LÆKKUN 1 STK – MSI

**MSI S420-1**

1.83GHz Intel Core Duo T2400 örgjörvi, 1GB Dual DDR2 minni, 100GB ATA100 diskur, 15.4" WXGA skjár, 128MB Radeon Xpress 200M skjákort, Bluetooth Windows XP HOME - SP2 - á íslensku eða ensku

**99.900**

AÐEINS 4.677 KR Á MÁNUÐI – 30.000 LÆKKUN 3 STK – FUJITSU

**FUJITSU AMILO Pi-155**

1.6GHz Intel Core 2 Duo T5500 örgjörvi, 1GB Dual DDR2 minni, 120GB SATA diskur, 15.4" WXGA skjár, 256MB GDDR2 Geforce Go7600 skjákort 4 in 1 kortalesari, Windows Vista Home Premium

**129.900**

AÐEINS 1.797 KR MEÐ TÖLVU Á TL LÁNI – 15.000 LÆKKUN 1 STK – acer

**20"ACER AT2001 SJÓNVARP**

AT2001, 20" LCD-sjónvarp 51cm, 50 nits Birta, 800 x 600 upplausn, 600:1 skerpa, svartími 16ms, PIP, 3W hátlarar, Teletext, 1 x SCART, D-Sub, Composite AV

**49.900**

# ALLTAF BETRA VERÐ

# ...KAÐ MAGN

...rbúnaður og lítið útlitsgallaður • Einstakt verð



**AÐEINS 1.437 KR MEÐ TÖLVU Á TL LÁNI** — 5.000 LÆKKUN 1 STK

### 22" SAMSUNG 225BW

22" Samsung Syncmaster 225BW LCD TFT breiðtjaldsskjár, 1680X1050 upplausn, 700:1 skerpa, 5ms svartími, DVI og VGA tengi, aðeins 6,8Kg, svartur

**39.900**

**AÐEINS 1.005 KR MEÐ TÖLVU Á TL LÁNI** — 5.000 LÆKKUN 3 STK

### 20" SAMSUNG 203B

20" Samsung Syncmaster 203B LCD TFT skjár, 1400X1050 upplausn, 600:1 skerpa, 8ms svartími, DVI og VGA tengi, aðeins 5,7Kg, silfurlitur

**27.900**

**AÐEINS 1.365 KR MEÐ TÖLVU Á TL LÁNI** — 9.000 LÆKKUN 6 STK

### 20" SAMSUNG 204B S

20" Samsung Syncmaster 204B-S LCD TFT skjár, 1680X1200 upplausn, 800:1 skerpa, 5ms svartími DVI og VGA tengi, aðeins 7,6Kg, silfur

**37.900**

**AÐEINS 1.077 KR MEÐ TÖLVU Á TL LÁNI** — 10.000 LÆKKUN 2 STK

### 20" SAMSUNG 204BW

20" Samsung Syncmaster 204BW LCD TFT breiðtjaldsskjár, 1680X1050 upplausn, 600:1 skerpa, 6ms svartími, DVI og VGA tengi, aðeins 7,2Kg, svartur

**29.900**

**AÐEINS 897 KR MEÐ TÖLVU Á TL LÁNI** — 10.000 LÆKKUN 3 STK

### 19" ACER 1951AS

19" Acer AL1951AS LCD TFT skjár, CrystalBrite 1280X1024 upplausn, 700:1 skerpa, 8ms svartími DVI-D og VGA tengi, aðeins 7,5Kg, svartur/silfur

**24.900**

**AÐEINS 537 KR MEÐ TÖLVU Á TL LÁNI** — 5.000 LÆKKUN 8 STK

### 19" ACER AL1916AS

19" Acer AL1916AS LCD TFT skjár, 1280X1024 upplausn, 700:1 skerpa, 8ms svartími VGA tengi, aðeins 5,6Kg, silfurlitur

**14.900**

**AÐEINS 2.877 KR MEÐ TÖLVU Á TL LÁNI** — 50.000 LÆKKUN 1 STK

### 32" ACER AT3201W SJÓNVARP

AT3201W, 32"LCD breiðtjalds sjónvarp, HD-Ready, 500 nits Birta,1366x768 upplausn, 800:1 skerpa, svartími 12ms, PIP, 10W hátlarar, 3D + SRS WOW sound, Teletext, 2 x SCART, DVI-D with HDCP, D-Sub, Composite AV

**79.900**

**AÐEINS 609 KR MEÐ TÖLVU Á TL LÁNI** — 13.000 LÆKKUN 1 STK

### 17" SONY L17SO

17" Sony L17SOX75KS LCD TFT skjár, 1280X1024 upplausn, 450:1 skerpa, 12ms svartími DVI-D tengi, aðeins 4,8Kg, silfurlitur

**16.900**

**AÐEINS 1.077 KR MEÐ TÖLVU Á TL LÁNI** — 20.000 LÆKKUN 6 STK

### 19" NEOVO-E19A

19" NEOVO-E19A LCD TFT skjár, með glerhlíf 1280X1024 upplausn, 700:1 skerpa, 4mssvartími, DVI og VGA tengi, Innbyggðir hátalarar, aðeins 7,3Kg, svartur

**29.900**

**AÐEINS 1.077 KR MEÐ TÖLVU Á TL LÁNI** — 30.000 LÆKKUN 1 STK

### 20" ACER 2032W

20" Acer AL2032wmLCDTFTbreiðtjaldsskjár,1680X1050 upplausn, 600:1 skerpa, 16ms svartími, S-Video, DVI og VGA tengi, Innbyggðir hátalarar, aðeins 7,2Kg, svartur

**29.900**

Athugið að vörum af útsölu er ekki hægt að skila • Myndir í auglýsingu eru ekki endilega af viðkomandi vöru á útsölu • Birt með fyrirvara um breytingar og innsláttarvillur • Sýningavélar og lítið útlitsgallaðar vélar

## TÖLVULISTINN

SÉRVERSLUN MEÐ TÖLVUBÚNAÐ Í 13 ÁR

| REYKJAVÍK | AKUREYRI | KEFLAVÍK | EGILSSTÖÐUM |
|---|---|---|---|
| Nóatúni 17 | Glerárgötu 36 | Hafnargötu 90 | Miðvangi 2-4 |
| Sími 414 1700 | Sími 414 1730 | Sími 414 1740 | Sími 414 1735 |


LONEY DEAR


NINE INCH NAILS

## > Í SPILARANUM

**Nine Inch Nails** - Year Zero
**CocoRosie** - The Adventures of Ghosthorse and Stillborn
**The Field** - From Here We Go Sublime
**Patrick Wolf** - The Magic Position
**Loney Dear** - Loney, Noir

# tónlist

tonlist@frettabladid.is

# Allt í kjölfar Airwaves?

Hljómsveitir og tónlistarfólk sem dreymir um að spila á tónlistarhátíðinni Iceland Airwaves í haust geta byrjað að sækja um. Ýmislegt gott hefur rekið á fjörur íslenskra sveita í kjölfar Airwaves þannig að það er margt galnara hægt að gera en að senda inn umsókn.

Jafnt ungar sem eldri sveitir eru hvattar til að sækja um því hátíðahaldarar vilja að tónleikadagskráin endurspegli það ferskasta og besta sem er að gerast í íslenskri tónlist. Strax verður byrjað að fara yfir umsóknir og svör gefin um leið og ákvarðanir hafa verið teknar. Umsóknareyðublað má vinna á vef hátíðarinnar www.icelandairwaves.com. Fresturinn til að skila inn umsóknum rennur út 15. júlí og ekki verður tekið við umsóknum eftir þann tíma.


**GÖNGUDANSINN** Ghostigital í góðum gír á Airwaves.



## > Plata vikunnar

LCD Soundsystem - Sound of Silver

★★★★

„Farið er um víðan völl en platan heldur sér fast saman í frábærlega heilsteyptu verki sem ögrar, gleður, hressir, bætir og kætir!" SHA



## TÓNNINN GEFINN
**Steinþór Helgi Arnsteinsson**

# *Neu-þetta eða neu-hitt*

Eins og önnur tískufyrirbrigði koma tónlistarstefnur í bylgjum. Og þar sem til er heill haugur af fólki sem vinnur við að lýsa og skrifa um tónlist þarf að finna nafn á því sem talað er um. Hvernig á maður samt að lýsa nýrri tónlist sem er undir greinilegum áhrifum frá eldri stefnum en hljómar samt nokkuð framúrstefnulega? Þegar rokkið var að stíga sín fyrstu skref var þetta ekkert mál. Fyrst kom rokk, síðan þjóðlaga-rokk, svo prog-rokk, loks pönk-rokk, þar á eftir post-rokk eða síðrokk (post þýðir einfaldlega eitthvað sem kemur á eftir) og auðvitað alternative-rokk (bein þýðing: frábrugðið rokk). Síðan voru stigin nokkuð rökrétt skref, post-pönk varð til og hin mikla snilld, nýbylgjan (new wave). Hjúkket, þarna gátu menn hætt að svitna yfir nýjum forskeytum fyrir framan rokk. Á eftir new wave birtist no wave og í byrjun þessa árþúsunds var neo-wave í hávegum höfð. En hversu langt geta menn gengið? Má fara að kalla bylgjur nu-post-pönk-rokk eða neu-no-wave? Kannski post-post-rokk?

Nýjustu nafngiftirnar tengjast þó tónlistarafbrigðum sem voru að blómstra á síðasta áratug, nefnilega rave og shoegazing (ísl: skóglápsrokk). Byrjum á því fyrrnefnda. Neonlitir, harðir danstaktar og skynörvandi sjónbrellur eru aftur komin(n) fram á sjónarsviðið. Og hvað getur maður kallað þetta annað en new-rave? Ja, kannski nu-rave? Persónulega minnir það mig of mikið á nu-metalinn sem er enn að syngja sitt síðasta. Neu-rave (borið fram noj-reif) verður að teljast það langsvalasta enda á það ekki eingöngu við um rokkhlið ný-reifsins heldur er örlítið ýktara og evrópskara og passar því einnig við danstónlistarsenuna og fötin sem nú eru í gangi. Nýja shoegazing-bylgjan, sem virðist í örum vexti nú um stundir, fær svipaða meðferð og rave-ið. Menn hafa stungið upp á nöfnum á borð við new-gaze og nu-gaze og eru þessi orð að verða algengari og algengari í skrifum tónlistargúrúa. Sjálfur hef ég engin töfraorð uppi í erminni enda hjal mitt hér að ofan að einhverju leyti mikil einföldun. Ég held mig bara við klisjurnar enda virka þær, það verður að viðurkennast. New-gaze, dans-pönk, neu-rave og fleiri nafngiftir eru ekkert slæmar í sjálfu sér, heldur vel skiljanlegar og virka í einfaldleika sínum.


Tjáðu þig!




Viltu sýn'eikkað?
Ný útlit · Myndaalbúm · Símablogg

BlogCentral.is
Stæsta bloggsamfélagið á Íslandi



**THE DOORS** Í nýju mixunum heyrast áður ónotaðir gítar- og píanókaflar.

# ÓLÍK ÖLLU ÖÐRU

**Bandaríska hljómsveitin The Doors fagnar því um þessar mundir með viðamikilli endurútgáfuröð að fjörutíu ár eru liðin frá útgáfu fyrstu Doors-plötunnar. Trausti Júlíusson rifjaði upp kynnin af þessari áhrifamiklu sveit og skoðaði nýju útgáfurnar.**

Þó að upphafleg liðsskipan hljómsveitarinnar The Doors hafi bara gefið út sex plötur á fjögurra ára tímabili hefur hún lifað góðu lífi í þau tæpu 36 ár sem eru liðin frá því að Jim Morrison dó í baðkari í íbúð í París. Enn safnast mikill hópur aðdáenda saman í Père Lachaise-kirkjugarðinum í París 3. júlí ár hvert til þess að minnast dauða hans og enn hljóma lög sveitarinnar reglulega í útvarpi um allan heim. Verk The Doors hafa verið margendurútgefin en undanfarið hefur enn verið bætt í það safn með nýjum og sérstaklega vönduðum útgáfum.

### Óvenjuleg hljóðfæraskipan

The Doors var stofnuð í Los Angeles í júlí árið 1965 af söngvaranum Jim Morrison og hljómborðsleikaranum Ray Manzarek sem báðir voru við kvikmyndanám í UCLA-skólanum. Fljótlega bættust gítarleikarinn Robbie Krieger og trommuleikarinn John Densmore í hópinn og sú fjögurra manna útgáfa af sveitinni sem átti eftir að hljóðrita öll hennar bestu verk var fullmótuð. Nafnið kom frá titli bókar Aldous Huxley um meskalín, The Doors of Perception, en frasinn er upprunalega frá skáldinu William Blake. The Doors vakti strax athygli fyrir óvenjulega hljóðfæraskipan. Í sveitinni var enginn bassaleikari, en Ray spilaði bassalínurnar á tónleikum með vinstri hendinni á Fender Rhodes bassahljómborð sem þá var nýkomið á markað.

### Með bestu frumsmíðum sögunnar

Hljómsveitin gerði samning við Elektra-útgáfuna árið 1966 og fyrsta platan The Doors kom út árið á eftir. Hún þykir enn í dag ein af bestu frumsmíðum sögunnar. Á henni voru m.a. smáskífulagið Light My Fire sem sýndi hvers konar snillingur Ray Manzarek er á orgelið, Bertolt Brecht/Kurt Weill slagarinn Alabama Song og hið ellefu mínútna langa hádramatíska The End. Það sannaðist strax á fyrstu plötunni hvað meðlimir The Doors voru hæfileikaríkir. Tónlistin var sambland af blús, klassík, austurlenskri tónlist og poppi og líktist engu öðru. The Doors hélt áfram að sækja á nýjar slóðir tónlistarlega á Strange Days (1967), Waiting for the Sun (1968), The Soft Parade (1969), Morrison Hotel (1970) og L.A. Woman (1971).


**BYRJUÐU VEL**
Fyrsta breiðskífa The Doors þykir ein af bestu frumsmíðum sögunnar.

### Nýjar hljóðblandanir og nýtt safn

Allar sex Doors-plöturnar komu út í kassanum Perception seint á síðasta ári, endurhljóðblandaðar af eftirlifandi meðlimum sveitarinnar og Bruce Botnick, sem hljóðblandaði verkin á sínum tíma. Að sögn Manzarek lögðust þeir yfir upprunalegu upptökurnar og notuðu m.a. píanó- og gítarkafla sem ekki höfðu verið notaðir og bakraddir sungnar af Jim í nýju mixin. Þessar nýju útgáfur hljóma sérstaklega vel. Nú eru plöturnar komnar út hver fyrir sig auk nýrrar safnplötu, The Very Best of the Doors, sem er fáanleg bæði einföld og tvöföld. Tvöföldu útgáfunni fylgir DVD-diskur með tónleikum frá 1968.

The Doors hélt áfram eftir fráfall Jim Morrison, en náði sér aldrei aftur á strik. The Doors er einstök sveit í rokksögunni og sönnun þess að stundum verður til eitthvað alveg sérstakt þegar ólíkir einstaklingar koma saman. Án Jim var The Doors ekki neitt, en samt er samspil gítarleiks Robby Krieger og hljómborðsleiks Ray Manzarek það sem setur mestan svip á tónlist sveitarinnar.


**THE DOORS** John Densmore, Ray Manzarek, Jim Morrison og Robbie Krieger.

# EUROVISION 2007 ER KOMINN

**2.199**




**Safnplatan "Eurovision Song Contest Helsinki 2007" er tvöföld og inniheldur öll 42 lögin sem keppa í ár. Forkeppnin er 10. maí þar sem Eiríkur Hauksson keppir fyrir Íslands hönd og svo eru úrslitin 12. maí. Áfram Ísland!**

ÚRVALIÐ ER Í SKÍFUNNI

S·K·Í·F·A·N

**KRINGLUNNI • SMÁRALIND • LAUGAVEGI**

fjörið ... **Fólk**
folk@frettabladid.is

# Þótti lík þessari Ragnhildi í Kastljósinu

Ragnhildur Steinunn Jónsdóttir hefur verið mikið fjarverandi frá skjánum undanfarna tvo mánuði og fyrir því er góð ástæða. „Ég hef verið í starfsnámi enda útskrifast ég úr sjúkraþjálfunarnáminu sextánda júní,“ sagði Ragnhildur þegar Fréttablaðið náði tali af henni. Sjónvarpskonan góðkunna segist verða ákaflega fegin þegar þessari törn lýkur.

Ragnhildur hóf starfsþjálfun sína á Landspítalanum en færði sig síðan yfir á Hrafnistu þar sem gamla fólkið tók vel á móti henni. „Þetta hefur verið heljarinnar lífsreynsla og það er alveg ótrúlegt hvað gamla fólkið getur gert,“ segir Ragnhildur og bætir því við að þarna hafi hún séð að eldri borgararnir sitja ekki bara með hendur í skauti heldur aðhafast ótrúlegustu hluti.

Ragnhildur er þekkt andlit enda verið á skjánum í þó nokkur ár. En á Hrafnistu segist hún hafa fengið ágætis „reality check“. „Þegar maður var kominn úr sjónvarpsfötunum og yfir í hvíta sloppinn var maður sjúkraþjálfari. Reyndar var fólkið á Hrafnistu alltaf að segja við mig hvað ég líktist þessari Ragnhildi í sjónvarpinu,“ segir hún og hlær.

Og sjónvarpskonan telur að allir sem eru í fjölmiðlum hefðu hreinlega gott af því að fara í stutta dvöl á Hrafnistu. „Þarna lærir maður að tala kjarnyrt og gott mál,“ segir Ragnhildur, reynslunni ríkari. - fgg


**RAGNHILDUR STEINUNN** Fólkið á Hrafnistu kenndi sjónvarpskonunni að tala gott og kjarnyrt mál.


**ÁSTFANGINN** Jude Law hefur fundið ástina á ný. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTYIMAGES

# Jude Law ástfanginn

Jude Law hefur fundið ástina á ný. Sex mánuðir eru liðnir síðan sambandi hans og leikkonunnar Sienna Miller lauk og síðan þá hefur hann verið orðaður við ótal konur í fjölmiðlum. Ein þeirra er Halla okkar Vilhjálmsdóttir eins og kunnugt er. Nú er Jude ástfanginn upp fyrir haus af Kim Hersov sem er ritstjóri tímaritsins Harpers & Queen. Hersov er 38 ára og á tvö börn af fyrra hjónabandi. Turtildúfurnar hafa verið saman í fríi á Indlandi og njóta þess að vera ástfangin.


**NÝJA KONAN** Kærasta Jude Law er fjórum árum eldri en hann.

# Sólin skein skært í Borgarleikhúsinu

**Afmælistónleikar hljómsveitarinnar Síðan skein sól í Borgarleikhúsinu á miðvikudagskvöld heppnuðust frábærlega. Helgi Björnsson og félagar voru í miklu stuði og áhorfendur nutu stundarinnar vel.**

Það var ekki að sjá á tónleikum Síðan skein sól í Borgarleikhúsinu á miðvikudagskvöld að þar færi hljómsveit sem sjaldan kæmi fram. Helgi Björnsson og félagar fögnuðu þetta kvöld 20 ára afmæli sveitarinnar og léku á tvennum mögnuðum tónleikum. Björn Jörundur Friðbjörnsson, KK og Silvía Nótt komu auk þess fram með sveitinni og heppnaðist innkoma þeirra ágætlega.


**MÖGNUÐ STEMNING** Helgi Björnsson var í miklu stuði á tónleikum Síðan skein sól og lifði sig vel inn í hlutverk sitt. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL


**ÁNÆGÐ** Trausti Bjarnason, lagahöfundur úr Eurovision, var mættur á tónleikana.


**GLAÐIR Í SALNUM** Félagarnir Gísli Marteinn Baldursson borgarfulltrúi og Karl Pétur Jónsson, starfsmaður Askar Capital.


**GÓÐIR GESTIR** Helgi Björns fékk aðstoð frá KK, Silvíu Nótt og Birni Jörundi.


**HRESSIR** Þeir Valur úr Buttercup og Gummi Gísla umboðsmaður mættu á tónleikana ásamt Ellerti og öðrum félaga.






# Cowell ríkari en Robbie

Idol-dómarinn Simon Cowell hefur skotist upp listann yfir ríkustu menn Bretlands síðasta árið. Velgengni hans er slík að hann er orðinn ríkari en söngvarinn Robbie Williams sem lengi hefur verið meðal ríkustu manna í poppbransanum. Auðævi Simons Cowell eru metin á yfir 13 milljarða króna og hafa aukist um yfir fimm milljarða síðasta árið.

Simon Cowell, 46 ára, er nú í hópi 700 ríkustu manna Bretlands og meðal þeirra allra ríkustu í poppbransanum. Þau tíðindi að hann sé ofar á listanum en Robbie Williams eiga ekki eftir að gleðja söngvarann enda hafa þeir oft á tíðum eldað saman grátt silfur. Cowell sagði á dögunum að Robbie þyrfti ekki að vera í eiturlyfjameðferð, hann þyrfti bara að „taka sig taki“.

Robbie, 33 ára, er dottinn niður í sæti 755 yfir ríkustu menn Bretlands. Auðævi hans eru metin á rúma 12 milljarða króna og skýrist fall hans niður listann af dræmum viðtökum sem síðasta plata hans, Rudebox, fékk meðal almennings. Robbie gortaði sig einu sinni af því að vera „ríkari en mig gæti dreymt um“ en í ljósi þess að Cowell er orðinn ríkari en hann eiga þau ummæli ekki lengur við.

Á síðasta ári var Cowell í sæti 944 yfir auðugustu menn í Bretlandi. Gífurleg velgengni hans í Bandaríkjunum með American Idol auk velgengni með sjónvarpsþætti í föðurlandinu hefur aftur á móti flutt hann hratt upp listann.

Eins og undanfarin ár er Bítillinn Sir Paul McCartney ríkasti einstaklingurinn í poppbransanum. Hann situr í sæti 102 yfir ríkustu menn Bretlands og auðævi hans eru metin á um 95 milljarða króna.


**AUÐUGUR** Simon Cowell hefur hagnast um fimm milljarða síðasta árið. Auðævi hans eru nú metin á 13 milljarða króna. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTYIMAGES


**FÚLL** Robbie getur ekki verið sáttur við gengi sitt síðasta árið.


**RÍKASTUR** Sir Paul McCartney er sem fyrr ríkasti popparinn í Bretlandi.


20%
AF ÖLLUM GALLABUXUM
Laugavegi
Mörkinni
Grafarvogi
Kópavogi
Hafnarfirði
Keflavík
Selfossi
TUNGLIÐ
GALLABUXNADAGAR
ZIKZAK
TÍSKUHÚS
ZIKZAK



**ÓBEISLAÐUR SIGURVEGARI** Ásta Dóra Egilsdóttir kom, sá og sigraði í Óbeislaðri fegurð. Hún var útnefnd Persónuleiki Íslands 2007, var valin Uppáhalds 2007 af salnum og hlaut titilinn Óbeisluð fegurð 2007 í hlutkesti dómnefndar. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

# Óbeislaðir keppendur á Ísafirði

**Óhefðbundna fegurðarsamkeppnin Óbeisluð fegurð var haldin með pompi og prakt í félagsheimilinu í Hnífsdal á miðvikudagskvöld. Matthildur Helgadóttir, einn skipuleggjenda, segir stemninguna hafa verið ólýsanlega.**

„Stemningin var eins og á fyrstu Aldrei fór ég suður hátíðinni. Það er eins og það gerist eitthvað sérstakt þegar margir koma saman í svona litlu húsi og eru svona ofsalega kátir,“ sagði Matthildur.

Að hennar sögn gekk kvöldið eins og í sögu. „Veislustjórinn, Halldór Jónsson, er snillingur í stemningu,“ sagði hún. Þar fyrir utan sungu kórar matar- og keppnisgestum til skemmtunar, boðið var upp á uppistand og einleik. „Þetta var líka allt svo afslappað,“ sagði Matthildur. „Ég veit að einhverjir höfðu áhyggjur af því að þetta yrði eitthvað kjánalegt, af því að hugmyndin er náttúrlega svo fíflaleg. Það var alls ekki. Öll skipulagning gekk líka út á að bera virðingu fyrir keppendum og sýna fram á að fegurðin er afstæð og persónuleg upplifun,“ sagði hún.

Í takt við þá afstöðu var aðaltitill keppninnar, Óbeisluð fegurð 2007, dreginn út. Hann hlaut Ásta Dóra Egilsdóttir, sem salurinn kaus jafnframt Uppáhalds 2007. „Hún kom, sá og sigraði þessi kona,“ sagði Matthildur. Öðrum titlum útdeildi dómnefndin sjálf, með mismunandi skýringum. Sjálf hlaut Matthildur titilinn Michelin 2007, þrátt fyrir að vera ekki keppandi. „Gröfukarlinn, félagi minn í dómnefndinni, sagði að það væri vegna þess að ég væri svo slitsterk,“ sagði Matthildur hlæjandi. Þegar Ólöf Hildur Gísladóttir var útnefnd Töltari 2007 skilaði hrossaræktandinn í dómnefndinni séráliti með útskýringum á valinu. „Hann las upp einhverja rullu um fótaburð á fagmáli sem ég get ekki haft eftir,“ sagði Matthildur.

Enn liggur ekki fyrir hversu mikils fjár Óbeisluð fegurð hefur aflað fyrir Sólstafi á Vestfjörðum, en Matthildur er bjartsýn á að það hafi verið töluvert. „Þórey Vilhjálmsdóttir, sem sat í dómnefndinni, kom líka færandi hendi með styrk frá V-deginum,“ sagði hún.

Spurð um mögulega Óbeislaða fegurð 2008 hikar Matthildur. „Eins og ég lít á þetta í dag var þetta einstakur viðburður. Hins vegar er alveg gerlegt að gera þetta aftur. Það er ekkert sem útilokar það,“ sagði hún. „Í dag erum við bara þreyttar og stefnum ekkert að því. En maður veit samt aldrei hvað maður gerir, maður skyldi tala varlega,“ sagði hún og hló.

sunna@frettabladid.is



**RÍFANDI STEMNING** Salurinn í Félagsheimilinu í Hnífsdal var þéttsetinn áhugafólki um óbeislaða fegurð og taumlausa gleði.



**MICHELIN-KONAN** Matthildur Helgadóttir var valin Michelin 2007. Hún var ekki keppandi, heldur einn skipuleggjenda fegurðarsamkeppninnar, en dómnefnd studdi valið með því að hún væri með eindæmum slitsterk.



**AFSLAPPAÐ ANDRÚMSLOFT** Keppendur hvíla lúin bein baksviðs. Mikil áhersla var lögð á að andrúmsloft keppninnar væri hið afslappaðasta, að sögn skipuleggjenda.




**TITILL FYRIR ALLA** Allar konur og allir karlar hlutu einhvern titil í fegurðarsamkeppninni. Dómnefnd útnefndi til dæmis Fröken Góu og Herra Nóa, valdi póstkortshæfasta keppandann Póstkort 2007 og Útlending 2007.



**ALLS STAÐAR AÐ** Andrew Specker, lengst til hægri, kom frá Ástralíu til að taka þátt. Hann hélt heim á leið með titilinn Funi 2007 í farteskinu. Honum við hlið stendur Rudolph Stephensen frá Jamaíku, sem var útnefndur Orginal 2007.



**SYKURSÆTUR** Oddur Elíasson tók áskorun fréttamanns Kastljóssins um að mæta í Tarsanskýlu í keppnina. Ekki er vitað hvort það gerði útslagið þegar Oddur hlaut titilinn Dansukker 2007.







Við vorum að opna glæsilega Olís-stöð við Háaleitisbraut með öllu tilheyrandi. Renndu við og skolaðu af bílnum, nýttu þér 5 króna afslátt af eldsneyti, fáðu þér gott að borða á góðu verði eða hreinlega kipptu með þér gasgrilli á sértilboði!

**OLÍS – við höldum með þér!**

**FJÓRFALDIR**
**Vildarpunktar**

ICELANDAIR




Himinn og haf / SÍA




| SMÁRABÍÓ SÍMI 564 0000 | |
|---|---|
| HILLS HAVE EYES 2 | kl. 5.50, 8 og 10. 10 B.I. 18 ÁRA |
| HILLS HAVE EYES 2 SÝND Í LÚXUS | kl. 3.40, 5.50, 8 og 10. 10 |
| PERFECT STRANGER | kl. 5.30, 8 og 10. 30 B.I. 16 ÁRA |
| SUNSHINE | kl. 8 og 10.10 B.I. 16 ÁRA |
| MR. BEAN'S HOLIDAY | kl. 3, 5, 7, 9 og 11 |
| ÚTI ER ÆVINTÝRI ÍSLENSKT TAL | kl. 3.45 |
| TMNT | kl. 4 og 6 B.I. 7 ÁRA |
| SCHOOL FOR SCOUNDRELS | kl. 3.45 |

*KRAKKADAGAR 450 kr.

| REGNBOGINN SÍMI 551 9000 | |
|---|---|
| HILLS HAVE EYES 2 | kl. 6, 8 og 10 B.I. 18 ÁRA |
| PERFECT STRANGER | kl. 5.30, 8 og 10. 30 B.I. 16 ÁRA |
| SUNSHINE | kl. 8 og 10.10 B.I. 16 ÁRA |
| THE SCIENCE OF SLEEP | kl. 8 og 10 B.I. 7 ÁRA |
| ÚTI ER ÆVINTÝRI ÍSLENSKT TAL | kl. 6, |
| TMNT | kl. 6, B.I. 7 ÁRA |

450 kr. í bíó! Gildir á allar sýningar í Regnboganum merktar með rauðu

| BORGARBÍÓ SÍMI 462 3500 | |
|---|---|
| SHOOTER | kl. 8 og 10.15 B.I. 16 ÁRA |
| PERFECT STRANGER | kl. 8 og 10.10 B.I. 16 ÁRA |
| ÚTI ER ÆVINTÝRI ÍSLENSKT TAL | kl. 6 |

MIÐASALA Í BORGARBÍÓ Á midi.is

midi.is BÍÓ.IS – allt á einum stað





## FRÉTTIR AF FÓLKI

**Jennifer Lopez** og eiginmaður hennar, **Marc Anthony**, hafa höfðað meiðyrðamál á hendur tímaritinu National Enquirer fyrir nokkrum evrópskum dómstólum, nefnilega í London, París, Dublin og Belfast. National Enquirer er bandarískt fyrirtæki, en málið er höfðað vegna greina sem birtust í bresku og írsku útgáfunum af tímaritinu í mars, þar sem hjónin voru bendluð við eiturlyfjahneyksli. Lögfræðingur hjónanna, Paul Tweed, segir hjónin ætla að fara fram á sex stafa tölu í skaðabætur, ásamt opinberri afsökunarbeiðni.






## Skógræktarnámskeið fyrir áhugafólk

**Skógrækt áhugamannsins – námskeið fyrir áhugafólk sem vill ná árangri í ræktunarstarfinu.**
Björn Jónsson fyrrverandi skólastjóri hefur um árabil haldið vinsæl námskeið fyrir áhugafólk, námskeið sem enginn ræktunarmaður ætti að láta fram hjá sér fara, vilji hann á annað borð ná árangri. Þetta eru hagnýt og fræðandi námskeið um flest grundvallaratriði skógræktarstarfsins, þar sem þátttakendur fá mjög eiguleg námskeiðsgögn

**Boðið verður upp á þrjú námskeið í vor:**
Haldin í Reykjavík, Skúlatúni 6 þar sem Skógræktarfélag Íslands er til húsa.
Námskeið A: 24. og 26. apríl kl. 20.00-22.30
Námskeið B: 2. og 3. maí kl. 20.00-22.30

Haldið í Grindavík
Námskeið C: 7. og 8. maí kl. 20.00-22.30

Námskeiðið tekur tvö kvöld og kostar kr. 8.500 en 5.500 fyrir félagsmenn í skógræktarfélagi og felur í sér ítarleg námskeiðsgögn og kaffi. Veittur er 30% hjónaafsláttur. Þátttakendafjöldi er takmarkaður á hvert námskeið. Skráning fer fram á skrifstofu félagsins í síma 551-8150 eða með tölvupósti á skog@skog.is

KAUPTHING – leggur Skógræktarfélagi Íslands lið

Skógræktarfélag Íslands
Skúlatúni 6, 105 Reykjavík, sími 551 8150, www.skog.is


# Dýrslegt popp

The Runners Four með Deerhoof var án ef ein af bestu plötum ársins 2005 og var mun sykursætari en fyrri verk hljómsveitarinnar. Á Friend Opportunity hljómar Deerhoof mun líkari því sem hún gerði fyrir The Runners Four en poppið heldur þó áfram að vera nokkuð ríkjandi. Hér er samt ekki um að ræða eitthvað einn, tveir, þrír tyggjókúlu popp, heldur rokkað, vel framsækið og dýrslegt popp.

Það hljóta samt að vera skiptar skoðanir um hvort flokka eigi Deerhoof í popp eða rokk eða yfirleitt einhvern flokk yfir höfuð. Mér finnst best að kalla þetta hávaðapopp en hverjum er ekki sama? Tónlist Deerhoof er fjölbreytt, jafnvel enn þann dag í dag, þrátt fyrir að Friend Opportunity sé áttunda plata Deerhoof í fullri lengd. En það er kannski það sem heillar mest við Deerhoof, maður veit í raun aldrei á hverju maður á von.

Friend Opportunity er reyndar fyrsta plata Deerhoof sem tríós en tríóið virðist ekki mikið sakna fjórða mannsins. Trommuleikarinn Greg Saunier heldur áfram að galdra fram magnþrunginn trommuslátt, söngur hinnar japönsku Satomi Matsuzaki heldur áfram að vera jafn ferlega seyðandi og John Dieterich er alltaf jafn svalur á gítarnum. Fyrsta lagið, The Perfect Me, sýnir kannski best hversu uggvænlega þétt sveitin er. The Galaxist, Matchbook Seeks Maniac og Cast of Crown eru síðan aðrir hápunktar plötunnar.

Þrátt fyrir að þessi plata sé mun tilraunakenndari en The Runners Four nær Deerhoof alltaf að halda sig innan siðlegra marka. Hver tónn er gildishlaðinn þó mörg viðmið séu brotin en sveitin nær þó ekki að framkalla eins grípandi plötu og The Runners Four var. Friend Opportunity reynir vissulega á hlustandann en skilur mikið eftir sig.

**Steinþór Helgi Arnsteinsson**



**TÓNLIST**
**Friend Opportunity**
Deerhoof
★★★★
Deerhoof heldur áfram að koma á óvart á enn einni plötunni. Stórfengleg sveit.

# Nýtt frá White Stripes

Ný plata frá hljómsveitinni The White Stripes kemur í verslanir hinn 18. júní næstkomandi. Þetta verður sjötta hljóðversplata The White Stripes, sú fyrsta síðan Get Behind Me Satan kom út árið 2005. Nýja platan mun heita Icky Thump og aðdáendur sveitarinnar bíða spenntir eftir útkomunni. Sér í lagi þar sem um tíma var óttast um örlög sveitarinnar þar eð Jack White virtist líklegur til að helga sig alveg hliðarverkefni sínu, hljómsveitinni The Raconteurs.

Á vef breska tónlistartímaritsins NME er farið yfir nýju plötuna lag fyrir lag. Ef eitthvað er að marka þau skrif virðist Icky Thump æði spennandi.



**EFTIRVÆNTING** Ný plata frá The White Stripes er væntanleg í júní. Hér er Jack White á sviði Laugardalshallar árið 2005.
FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI




**Háskólabíó**

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| BREACH | kl. 5:50 - 8:10 - 10:30 | B.i.12 | BECAUSE I SAID SO | kl. 5:50 - 8:10 | Leyfð |
| TÍMAMÓT | kl. 6 - 8 - 10 | Leyfð | MRS POTTER | Eingin sýning í dag | Leyfð |
| THE GOOD SHEPERD | kl. 5:30 - 8 - 10:40 | B.i.12 | 300. | kl.10:30 | B.i.16 |

**SAMBÍÓIN / ÁLFABAKKA**

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| SHOOTER | kl. 5:30 - 8 - 10:40 | B.i.16 | MR. BEAN´S HOLIDAY | kl. 4 - 6 - 8 - 10:10 | Leyfð |
| SHOOTER VIP | kl. 5:30 - 8 - 10:40 | | ROBINSON ... M/- ÍSL TAL | kl. 3:40 - 5:50 | Leyfð |
| THE GOOD SHEPERD | kl. 8 - 10:40 | B.i.12 | WILD HOGS | kl. 5:50 - 8 - 10:20 | b.i 7 |
| THE MESSENGERS | kl. 6 - 8 - 10:20 | B.i.16 | | | |

**SAMBÍÓIN / KRINGLUNNI**

| | | | |
|---|---|---|---|
| BREACH | kl. 3:50 - 5:40 - 8 - 10:20 | B.i.12 | |
| THE MESSENGERS | kl. 6 - 8 - 10:20 | B.i.16 | |
| ROBINSON... M/- ÍSL TAL | kl. 4 - 6:10 | Leyfð | DIGITAL-3D |
| MEET THE... M/- ENSKU Tali | kl. 8:10 | Leyfð | DIGITAL-3D |
| 300. | kl. 10 | B.i.16 | DIGITAL |

**SAMBÍÓIN / KEFLAVÍK**

| | | |
|---|---|---|
| SHOOTER | kl. 8 - 10:20 | B.i. 16 |
| MR. BEAN´S HOLIDAY | kl. 6 | Leyfð |
| MEET THE ROBINSONS | kl. 6 | Leyfð |
| HOT FUZZ | kl. 8 - 10:20 | B.i. 16 |

**SAMBÍÓIN / AKUREYRI**

| | | |
|---|---|---|
| BECAUSE I SAID SO | kl. 8 - 10:20 | Leyfð |
| MEET THE ROBINSSON | kl. 6 | Leyfð |
| MR. BEAN´S HOLIDAY | kl. 6 | Leyfð |
| THE MESSENGERS | kl. 8 - 10 | B.i.16 |

www.SAMbio.is ☎ 575 8900 www.SAMbio.is




HLJÓMSVEITIN SEABEAR Á TÓNLEIKUM Á SIRKUS Í FYRRA

# Einyrkinn sem varð að hljómsveit

**Fyrsta stóra plata hljómsveitarinnar Seabear kemur út í lok apríl. Morr Music gefur plötuna svo út erlendis.**

„Platan kemur út hjá bókaútgáfunni Bjarti núna í lok apríl og svo kemur hún út hjá þýska útgáfufyritækinu Morr Music í ágúst,“ segir Sindri Már Sigfússon, einn af meðlimum hljómsveitarinnar Seabear. „Hún á að heita The Ghost that Carried Us Away.“ Þetta er fyrsta stóra plata sveitarinnar en áður hefur hún gefið út stuttskífuna Singing Arc sem Sindri gaf út sjálfur.

Morr Music, sem gefur plötuna út erlendis, er þýskt tónlistarútgáfufyrirtæki sem er mjög virt í jaðartónlistarheiminum. Meðal þeirra sem gefa út hjá Morr eru Benni Hemm Hemm, Múm, Lali Puna, Ms John Soda og Isan þannig að Seabear er þar í góðum félagsskap.

Beðinn um að lýsa tónlistinni segir Sindri: „Bara Bruce Springsteen hittir Bon Jovi á fylleríi í Dallas. Nei, það verður einhver annar að sjá um að lýsa henni fyrir mig.“ Forvitnum skal tjáð að tónlistinni hefur meðal annars verið lýst á þann veg að ef þú héldir lítið karnival í kjallaranum hjá ömmu þinni með dansandi kaktus og gamalli blikkandi ljósaseríu, og svo yltu allir saman niður að höfn um nóttina til að dansa og fara í stutta bátsferð, að sjálfsögðu með bæði Bruce og Bon í eftirdragi, þá væri það nokkuð nærri stemningunni í lögunum.



SINDRI MÁR SIGFÚSSON

Seabear var upphaflega eins manns hljómsveit Sindra en hefur nú stækkað í fjögurra manna band og svo eru líka ýmsir aðrir sem koma að plötunni. Hún ber þó keim af upphafinu. „Vinnu- og upptökuferlið er ekki eins og hjá hefðbundinni hljómsveit, við hittumst ekki og djömmum lögin til heldur hittumst bara og tökum upp í litlu stúdíói sem ég er með, oftast tvö og tvö í einu.“

Seabear þykir afar skemmtilegt tónleikaband en ekki verður mikið um tónleikahald hjá hljómsveitinni til að byrja með. „Guggý býr í Hollandi þannig að það er erfitt að spila mikið á tónleikum, svo er ég líka að vinna í lokaverkefninu í Listaháskólanum.“ Sindri var einmitt staddur þar þegar blaðamaður náði tali af honum en hann stundar nám við myndlistardeild skólans. „Þó er ákveðið að það verða Morr-tónleikar í byrjun júní bæði í Reykjavík og á Akureyri. Það verðum við og Benni Hemm Hemm og svo einhverjir fleiri sem eru að gefa út hjá Morr, það er ekki alveg komið á hreint hverjir koma, bara einhverjir skemmtilegir.“

- jar

## FRÉTTIR AF FÓLKI



**Eva Longoria** virðist eiga vinaláni að fagna. Í tilefni af væntanlegu brúðkaupi hennar og **Tony Parker**, sem fer fram í París í júlí, hélt **Felicity Huffman**, samstarfskona hennar úr Desperate Housewives, veislu henni til heiðurs síðastliðinn sunnudag. Veislur þessar, sem kallast bridal shower á enskunni, eru afar algengar ytra. Sjaldgæfara er þó að vinir brúðarinnar haldi tvær slíkar. Á mánudagskvöldið bauð **Teri Hatcher** þrjátíu gestum úr þáttaröðinni heim til sín til heiðurs Longoria – þar á meðal **Andreu Bowen**, sem leikur dóttur Hatcher í þáttaröðinni.


RENAULT

B&L ATVINNUBÍLAR FYRIRTÆKJAÞJÓNUSTA

# Hagkvæmari rekstareining

Ný sending komin!

Renault Kangoo fæst í 4x4 útgáfu.
Einnig færðu Renault Kangoo með sjálfskiptingu.




Bíll á mynd: Kangoo 6 dyra með álfelgum, þokuljósum og hliðarglugga.

**Kr. 21.194**

á mánuði og bíllinn er þinn í lok samningsins*

**Renault Kangoo**
Verð frá kr. 1.670.000
**Verð frá kr. 1.341.365 án vsk**
Fjármögnunarleiga kr. 26.386
**Fjármögnunarleiga kr. 21.194** án vsk.

Kangoo Express – 6 dyra – 75 hestöfl – beinskiptur.

**Kr.1.341.365 kr.** án VSK.

Við greiðum að sjálfsögðu út gamla atvinnubílinn.

* Fjármögnunarleiga m.v. 5 ára lán í erlendri myntkörfu með 20% útborgun með og án/vsk.

www.renault.is B&L - Grjóthálsi 1 - 110 Reykjavík - 575 1200 - www.bl.is

## > Áhugaverðar breytingar

Tillaga um að hækka ferðajöfnunarsjóð á ársþingi HSÍ var naumlega felld en samstaða var innan hreyfingarinnar um tillögu þess efnis að HSÍ megi setja reglur er varða umgjörð leikja. HSÍ getur því farið að leggja félögum línurnar og síðan beitt refsiákvæðum ef félögin standa ekki við sitt. Svo má nefna að tillaga um að hækka sekt við brotum á reglum um félagaskipti var samþykkt naumlega. Sektin hækkar fyrir vikið úr 50 þúsund í 500 þúsund. Það vekur nokkra athygli því sönnunarbyrðin í slíkum málum hefur oftar en ekki verið erfið. Spurning hvort kærum fjölgi eða fækki í kjölfar þessara breytinga?



# sport

sport@frettabladid.is

**JEREMIAH SOLA: FÓR Á KOSTUM Í ÚRSLITAKEPPNINNI MEÐ KR EN ER STRÍTT FYRIR ATVIK UNDIR LOK SÍÐASTA LEIKSINS**

# *Kallaður Chris Webber af félögunum*



Það er óhætt að segja að Jeremiah Sola hafi unnið hug og hjörtu KR-inga í úrslitunum um Íslandsmeistaratitilinn gegn Njarðvík. Sola steig upp hvað eftir annað þegar á reyndi og sá til þess að KR landaði góðum sigrum. Fyrir vikið var byrjað að kalla hann „Mr. Clutch“ sem er uppnefni fyrir leikmenn sem klára leiki þegar allt er undir.

Atvik í lok síðasta leiksins gegn Njarðvík varð til þess að Sola fékk annað uppnefni – Chris Webber. Ástæðan er sú að hann reyndi að taka leikhlé þegar KR átti engin leikhlé eftir og þess utan mátti Sola ekki taka leikhlé í þeirri stöðu sem hann var. Hann hefði sem sagt aldrei fengið leikhléið.

NBA-stjarnan Chris Webber lenti í því sama á sínum tíma í úrslitaleik háskólaboltans árið 1993 með Michigan gegn North-Carolina. Stærsti munurinn í þessum tilvikum er þó sá að Michigan tapaði unnum leik en KR hélt út þrátt fyrir mistök Sola.

„Ég var búinn að heyra af þessu „Clutch“-viðurnefni en strákarnir voru ekki búnir að segja mér frá þessu Webber-dæmi,“ sagði Sola og hló dátt er blaðamaður spurði hann út í nafngiftina. „Sem betur fer endaði þetta ekki hjá mér eins og Webber. Ég var bara að hugsa um að spila minn leik og gleymdi að við vorum búnir með leikhléin. Við unnum svo það er hægt að hlæja að þessu núna.“

Sola er ákaflega hógvær og vill sem minnst gera úr eigin frammistöðu í úrslitaleikjunum.

„Liðið lék vel saman og það er liðsheildin sem skilaði þessum titli. Stemningin á leikjunum var rosaleg og stuðningsmennirnir eiga stóran þátt í þessum titli. Ég er mjög hamingjusamur fyrir hönd allra hjá KR með að hafa náð titlinum,“ sagði Sola sem segist hafa notið dvalarinnar á Íslandi en kemur hann aftur?

„Við sjáum til. Það þarf að huga að mörgum hlutum og svo þarf ég að heyra í umboðsmanni mínum og vita hvort aðrir hlutir séu í gangi. Ef ekki, kemur vel til greina að koma aftur til Íslands og spila með KR,“ sagði Sola sem fór utan til Bandaríkjanna í gær svo hann gæti verið hjá konunni sinni sem á von á barni á hverri stundu.



**HLYNUR SIGMARSSON** Ætlar að láta til sín taka í stjórn HSÍ.

Hlynur Sigmars í stjórn HSÍ:

## Fór beint í uppvaskið

**HANDBOLTI Tvær breytingar urðu á stjórn HSÍ á ársþinginu. Inn koma ÍR-ingurinn Hólmgeir Einarsson og Vestmannaeyingurinn Hlynur Sigmarsson. Sá síðarnefndi er með umdeildari mönnum innan hreyfingarinnar en seint verður deilt um drifkraft og dugnað Eyjamannsins.**

**„Ég fór bara beint í uppvaskið eftir þingið. Það var mitt fyrsta verk. Flestir fóru út en ég varð eftir og fór að safna saman glösum og diskum. Þannig gerum við hlutina í Eyjum,“ sagði Hlynur léttur í gær.**

**Hann hefur verið ófeiminn við að gagnrýna handknattleiksforystuna um árin en gerir væntanlega minna af því þar sem hann er sjálfur kominn í stjórn.**

**„Nú hefur maður tækifæri til að láta til sín taka. Stefnan er að gera sitt besta og láta gott af sér leiða,“ sagði Hlynur en hyggst hann beita sér fyrir einhverju sérstöku? „Ég vil sjá HSÍ í betri tengslum við félögin í landinu en forystan er of langt frá félögunum í dag. Það kemur vonandi ferskara blóð með okkur Hólmgeiri.“**

**Hlynur fékk mjög góða kosningu sem hann segist vera þakklátur fyrir en það kom honum ekkert sérstaklega á óvart að hafa komist inn.** - hbg

# Skuldir HSÍ hafa minnkað um hátt í 200 milljónir króna á tíu árum

**Staða HSÍ er loksins orðin góð eftir áralangt basl. Eftir HM-ævintýrið árið 1995 var staða sambandsins mjög alvarleg. Guðmundur Ágúst Ingvarsson og félagar hafa unnið þrekvirki við að koma HSÍ-skútunni aftur á réttan kjöl og sambandið skuldar aðeins þrjár milljónir króna í dag.**

**HANDBOLTI** Ársþing HSÍ fór fram á miðvikudag. Margt athyglisvert gerðist á þinginu en upp úr stendur að fallið var frá tillögu um að fjölga liðum í efstu deild og setja úrslitakeppnina aftur á koppinn. Ekki var samstaða um þá tillögu.

Annars vekur mikla athygli að HSÍ skilar tæplega þriggja milljóna króna hagnaði og það er af sem áður var í rekstri sambandsins. Hann hefur gengið ótrúlega vel og skuldir verið þurrkaðar út á methraða.

„Staðreyndin er sú að Handknattleikssambandið skuldar í dag aðeins þrjár milljónir og síðan ég tók við sem framkvæmdastjóri hafa skuldirnar minnkað um einar 50 milljónir króna. Vonandi komumst við í plús á næsta ári,“ sagði Einar Þorvarðarson, framkvæmdastjóri Handknattleikssambandsins, en hann má vera stoltur af þessum árangri sem og Guðmundur Ágúst Ingvarsson formaður sem tók við ónýtu búi árið 1996.

„Staðan var glórulaus þegar ég tók við en skuldirnar voru hátt í 200 milljónir króna með öllu. Þessi árangur náðist með hjálp góðra manna. Við neyddumst til að keyra sambandið í nauðasamninga og ríkisstjórnin studdi okkur verulega og veitti okkur fjárveitingar af fjárlögum.

Nauðasamningar tókust þótt ekki hefðu allir verið sáttir og einhverjir hefðu ætlað að koma í veg fyrir það,“ sagði Guðmundur Ágúst við Fréttablaðið í gær en allt starf sambandsins hefur verið mun markvissara síðan.

„Þrátt fyrir fjárhagsvandann gerðum við okkur grein fyrir því að við yrðum að keyra stíft á afreksstefnu. Það hefur enginn áhuga á að styrkja eitthvað sem er ekki neitt. A-landslið karla hefur oftar en ekki verið í fremstu röð og það hefur skapað okkur tekjur. Svo eru stelpurnar að sækja í sig veðrið og unglingaliðin hafa unnið mörg mót. Þetta hjálpar allt til.“



**ÞARFASTI ÞJÓNNINN** Guðmundur Ágúst Ingvarsson hefur þjónað íslenska handboltanum af metnaði og alúð síðustu ellefu ár. Hann hefur unnið þrekvirki sem formaður en sambandið var gjaldþrota þegar hann tók við. Ellefu árum síðar skuldar sambandið aðeins þrjár milljónir. Guðmundur þjónar hér A-landsliðsþjálfaranum og skenkir honum vatn í glas. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

Það var ekki beint slegist um að setjast í formannsstól HSÍ þegar Guðmundur tók við stjórnartaumunum og sumir sögðu það vera óðs manns æði.

„Það voru ekki margir eins vitlausir og ég og þeir sem tóku slaginn með mér en ég er að sjálfsögðu ekkert einn í þessu,“ sagði Guðmundur og hló. „Auðvitað er ég stoltur af því sem við höfum náð að afreka en þetta hefur líka verið skemmtilegt. Maður hefur kynnst mörgu skemmtilegu fólki og lent í ýmsum uppákomum.

Á ársþinginu var stjórn HSÍ gefin heimild til að skipa heiðursformann og Guðmundur hlýtur að vera fyrstur manna til að hljóta þá nafnbót.

henry@frettabladid.is



# Boot cAmp
# SUMAR 2007



## –SUMARTILBOÐ

**35.000 kr.-**

Gildir á öll Boot Camp
sumarnámskeiðin.

7. maí –
8. september.



## – BOOT CAMP – OUTSIDERS

Fleiri tímar í stundatöflu
en nokkru sinni fyrr!

Nýir tímar:
**Boot Camp Outsiders.**
Mán, mið, fös kl 06:00 og kl 18:15.

Tímarnir fara fram utandyra sama hvernig viðrar í nágrenni Boot Camp



## SAC
### - SEAL ADVENTURE CHALLENGE

Helgina 18-20 maí.

Kennt af Boot Camp þjálfurum og
Navy SEALs sérsveitarmönnum.

**Hefur þú það sem til þarf til að klára þessa helgi byggða á hinni alræmdu "Hell week"?**

Skráning á www.bootcamp.is
**Örfá sæti laus!**

– Allar nánari upplýsingar á **www.bootcamp.is** –

**Engar afsakanir – Engin uppgjöf – Hámarks árangur**

- Boot Camp - www.bootcamp.is - bootcamp@bootcamp.is -



MESSI FAGNAÐ Félagar Lionel Messi fagna honum eftir markið stórkostlega. NORDIC PHOTOS/GETTY

Maradona sá Messi skora:

## Maradona ánægður

**FÓTBOLTI** Diego Maradona mun vera mjög ánægður og glaður með markið sem Lionel Messi skoraði fyrir Barcelona gegn Getafe á miðvikudagskvöldið. Þá fékk Messi boltann á eigin vallarhelmingi og prjónaði sig í gegnum vörn Getafe áður en hann renndi boltanum í markið, rétt eins og Maradona gerði í frægum leik gegn Englandi á HM í Mexíkó árið 1986.

Argentínsk sjónvarpsstöð hafði það eftir aðstoðarmanni Maradona að hann hefði getað horft á leikinn á miðvikudagskvöldið. Hinn sami sagði að Maradona væri „afar ánægður“ með markið. - esá

Afturelding vann tveggja marka sigur á ÍBV en bæði lið komast upp í úrvalsdeild:

# Yfirburðir Aftureldingar ótvíræðir eftir sigur liðsins á ÍBV

**HANDBOLTI** Afturelding tók í gær við Íslandsmeistarabikarnum fyrir sigur í 1. deild karla í handbolta eftir að hafa borið sigurorð af næstbesta liði deildarinnar, ÍBV. Leiknum lauk með tveggja marka sigri heimamanna sem fögnuðu gríðarlega í leikslok þó svo að sætið þeirra í úrvalsdeild á næsta tímabili væri löngu tryggt.

Hið sama má segja um ÍBV en bæði lið munu á næsta tímabili leika í úrvalsdeild karla.

„Þessi leikur var meira fyrir stoltið,“ sagði gamli Mosfellingurinn og núverandi þjálfari ÍBV, Gintaras Savukynas. „En tímabilið okkar hefur verið gott. Við vorum búnir að ná okkar markmiði sem var að ná öðru efstu tveggja sætanna,“ sagði hann. Aðspurður hvort hann myndi fylgja ÍBV upp í efstu deild og þjálfa liðið næsta tímabil varð fátt um svör. „Ég vil ekki ræða þessi mál núna, þetta er allt opið enn.“

Eyjamenn byrjuðu betur í leiknum og ætluðu greinilega að hrista vel upp í heimamönnum sem hafa haft talsverða yfirburði í deildinni í allan vetur.

Í stöðunni 6-6 tóku heimamenn að keyra ansi grimmt á vörn ÍBV sem átti engin svör og því leiddi Afturelding með sjö marka mun í hálfleik, 18-11.

ÍBV rétti úr kútnum í síðari hálfleik og náðu fljótlega að minnka muninn í tvö mörk. Nær komust Eyjamenn hins vegar ekki.

„Það er ljóst að við þurfum að styrkja okkur fyrir næsta tímabil,“ sagði Hilmar Stefánsson, fyrirliði Aftureldingar.

„En tímabilið hefur verið frábært. Við ætluðum að fara í gegnum það án þess að tapa stigi en klaufaskapur varð til þess að það gerðist. Liðið er frábært, það er að langmestum hluta byggt á heimamönnum sem hafa hjartað á réttum stað.“ - esá



GLEÐI Í MOSFELLSBÆ Hilmar Stefánsson með bikarinn góða. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL

## ÚRSLIT LEIKJA Í GÆR

*1. deild karla í handbolta*

| AFTURELDING-ÍBV | 34-32 |
|---|---|

**Mörk Aftureldingar (skot)**: Hilmar Stefánsson 7/5 (8/5), Reynir Ingi Árnason 6 (7), Davíð Ágústsson 5 (6), Daníel Jónsson 5 (10), Hrafn Ingvarsson 3 (6), Magnús Einarsson 3 (8), Jóhann Jóhannsson 2 (3), Jens Ingvarsson 2 (5), Vladislav Troufan 1 (4), Máni Bernharðsson (1).
Varin skot: Davíð Svansson 11/1.
**Hraðaupphlaup**: 7 (Magnús 2, Reynir Ingi 2, Hilmar 1, Hrafn 1, Davíð 1).
**Fiskuð víti**: 5 (Hrafn 3 , Magnús 1 , Ásgeir 1).
**Utan vallar**: 8 mínútur. ,
**Mörk ÍBV (skot)**: Remigijus Cepulis 11/1 (19/2), Grétar Þór Eyþórsson 5/1 (6/1), Eyþór Björgvinsson 4 (5), Sindri Haraldsson 4 (5), Sigurður Bragason 4/1 (11/2), Erlingur Richardsson 4 (4),
**Varin skot**: Friðrik Þór Sigmarsson 15, Jóhann Ingi Guðmundsson 1
**Hraðaupphlaup**: 5 (Eyþór 2, Erlingur 1, Remigijus 1, Grétar Þór 1).
**Fiskuð víti**: 5 (Sigurður 2, Grétar Þór 1, Hilmar 1, Sindri 1).
**Utan vallar**: 8 mínútur.

*Lengjubikar karla*

**A-DEILD, RIÐILL 1**

| | |
|---|---|
| FYLKIR-GRINDAVÍK | 1-0 |
| VALUR-KA | 5-0 |
| STJARNAN-VÍKINGUR | 1-1 |

**A-DEILD, RIÐILL 2**

| | |
|---|---|
| KR-BREIÐABLIK | 0-3 |
| ÍA-ÍBV | 2-0 |

**FJÓRÐUNGSÚRSLIT**

| | |
|---|---|
| FRAM-FH | 23. APRÍL KL. 19 |
| KR-HK | 23. APRÍL KL. 19 |
| BREIÐABLIK-VÍKINGUR | 23. APRÍL KL. 20 |
| VALUR-KEFLAVÍK | 23. APRÍL KL. 20 |

Evrópski boltinn í gær:

## Heiðar Geir og Grétar skoruðu

**FÓTBOLTI** Heiðar Geir Júlíusson skoraði í gær sitt fyrsta mark með sænska úrvalsdeildarliðinu Hammarby þar sem hann er á láni frá Fram. Hann kom inn á sem varamaður í hálfleik í leik gegn neðrideildarliðinu IFK Malmö í sænsku bikarkeppninni. Staðan var þá 2-0 en Heiðar skoraði þriðja og síðasta mark leiksins aðeins fjórum mínútum síðar.

Gunnar Þór Gunnarsson lék allan leikinn fyrir Hammarby.

Í sænsku 1. deildinni lék Ari Freyr Skúlason fyrstu 79 mínúturnar í liði Häcken sem vann 3-0 sigur á Falkenberg.

Grétar Rafn Steinsson skoraði sjötta mark AZ Alkmaar sem slátraði NAC Breda, 6-0, í undanúrslitum hollensku bikarkeppninnar í gær. - esá



STEPHEN JACKSON Fagnar sætinu í úrslitakeppni NBA-deildarinnar. NORDIC PHOTOS/GETTY

NBA-deildin:

## 13 ára bið Golden State á enda

**NBA** Deildakeppni NBA-deildarinnar lauk í fyrrinótt með því að Golden State Warriors tryggðu sér síðasta lausa sætið í úrslitakeppni deildarinnar eftir sigur á Portland á útivelli, 120-98. Stephen Jackson skoraði 31 stig fyrir Golden State í leiknum.

Don Nelson, þjálfari Golden State, var vitanlega kampakátur í leikslok. „Á síðasta deginum! Trúir því því? Hver einasti leikur undanfarið hefur sífellt orðið stærri og stærri en þetta var okkar stærsti sigur því við erum með í úrslitakeppninni,“ sagði Nelson.

Úrslitakeppnin hefst um helgina og þá mætir Golden State hinum geysisterku Dallas Mavericks, gamla liði Don Nelson. - esá



# Aðalstjórn Hauka yfirtekur 55 milljóna skuld handknattleiksdeildar

**Handknattleiksdeild Hauka hefur komist í fréttirnar í vetur vegna mikilla skulda sinna. Nú horfir til betri vegar þar sem aðalstjórn félagsins hefur yfirtekið allar skuldir hjá öllum deildum félagsins og greitt þær upp.**

**HANDBOLTI** Handknattleiksdeild Hauka er skuldlaus eftir að aðalstjórn félagsins yfirtók 55 milljóna króna skuld deildarinnar. Þetta segir Þorgeir Haraldsson, formaður handknattsleiksdeildar Hauka.

„Félagið endurfjármagnaði sig og gerði allar deildir félagsins skuldlausar í kjölfarið,“ sagði Þorgeir. „Félagið á eignir langt umfram skuldir eins og má sjá í opinberum gögnum eins og eignaskiptasamningi um Ásvelli.“

Unnið hefur verið í fjármálum Hauka í allan vetur en um tíma í vetur blés ekki byrlega fyrir deildinni er hún var stórskuldug og lið Hauka á leið í 1. deildina. Nú horfir til betri vegar, liðið bjargaði sér frá falli og deildin fær að hefja rekstur sinn á núlli á nýjan leik.

Þorgeir segir að Hafnarfjarðarbær hafi að engu leyti komið að endurfjármögnuninni.



ÁSVELLIR Heimavöllur Hauka í Hafnarfirði. Á innfelldu myndinni er Þorgeir Haraldsson, formaður handknattleiksdeildar félagsins. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL

„Það er ekki búið að selja neinar eignir félagsins en það mál er í vinnslu. Íþróttabandalag Hafnarfjarðar hefur mótað þá stefnu að íþróttafélög bæjarins eigi ekki að standa í svo miklum eignarekstri. Samtals eiga Haukar eignir upp á 450 milljónir og því yfirtók aðalstjórn félagsins skuldir deildanna á meðan þetta ferli er í gangi.“

Sumar bygginganna á Ásvöllum, eins og íþróttahúsið, er að 80 prósenta hluta í eigu Hafnarfjarðarbæjar og 20 prósenta hluta í eigu félagsins. Haukar reka svo húsið samkvæmt rekstrarsamningi sem tíðkast víða.

„Það er svo stefna bæjarins að eignast íþróttamannvirki bæjarins. Eignarhaldinu verði breytt úr 80/20 í 90/10 eða jafnvel að bærinn eignist viðkomandi eignir að fullu.“

Þorgeir segir að þetta þýði nýtt líf fyrir handknattleiksdeild Hauka. „Eðlilega. Deildin hefur safnað skuldahala sem hefur stækkað nú í áratug. Það er sama ástand í handknattleiksdeild FH nema að þar er aðalstjórnin ekki búin að taka þessa sömu afstöðu gagnvart deildinni.“

Hann segir að unnið hafi verið í fjármálum deildarinnar í allan vetur og liggi mikil vinna að baki. „Þetta hefur vissulega verið mjög erfitt og hafa allir í félaginu, jafnvel leikmenn, orðið fyrir áhrifum vegna fjárhagsástandsins. Við sluppum naumlega við fall en nú horfir til betri vegar.“ **eirikur@frettabladid.is**



**JOHN MCGREAL** Sést hér í eldlínunni með Ipswich gegn Man. Utd fyrir nokkrum árum. Mótherjinn á myndinni er Andy Cole. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY IMAGES

Bakslag hjá Skagamönnum:

## Óvissa með McGreal

**FÓTBOLTI Snurða hefur hlaupið á þráðinn hjá Skagamönnum með varnarmanninn sterka John McGreal hjá Burnley.**

**Skagamenn voru að vonast til þess að ganga frá samningi við hann í gær en af því varð ekki.**

**„Það er hik á honum og ekki nema svona 30 prósent líkur á að hann komi. Við erum að skoða þrjá til fjóra aðra kosti og hann þarf því að ákveða sig fljótlega hvort hann vilji koma því að öðrum kosti leitum við annað,“ sagði Gísli Gíslason, formaður rekstrarfélags meistaraflokks ÍA, en hann gæti sent Guðjón Þórðarson í leiðangur til Englands á næstu dögum.**

**„Við erum að skoða að senda Guðjón út til þess að ræða við menn og það yrði þá strax eftir helgi,“ sagði Gísli.** - hbg



**KOSTELIC** Hefur sagt sitt síðasta í skíðabrekkunum. NORDIC PHOTOS/AFP

Kostelic játar sig sigraða:

## Kostelic hættir vegna meiðsla

**SKÍÐI** Janica Kostelic frá Króatíu hefur tilkynnt að hún neyðist til að ljúka ferli sínum vegna meiðsla þótt hún sé ekki nema 25 ára gömul. Kostelic hefur lengi átt í meiðslum á hné og gengið undir tíu aðgerðir vegna þeirra.

„Ég vil ekki hætta að keppa á skíðum en neyðist til þess vegna meiðsla. Ég hef orðið fyrir svo mörgum meiðslum og upplifað svo mikinn sársauka að ég vil ekki ganga í gegnum annað eins aftur,“ sagði Kostelic.

Hún keppti ekkert í vetur og æfði óreglulega. Hún hefur á ferli sínum unnið til níu gullverðlauna á heimsmeistaramótum og Ólympíuleikum. Hún hefur þrívegis unnið heimsbikarinn í alpagreinum og samtals níu heimsbikara í öllum fimm sérgreinunum.

Kostelic er án efa ein besta skíðakona sem uppi hefur verið. - esá

Logi Gunnarsson:

## Fer til Spánar

**KÖRFUBOLTI Logi Gunnarsson mun næsta mánuðinn leika með spænska liðinu Gijon í spænsku B-deildinni í körfubolta. Hann hefur í vetur leikið með ToPo Helsinki en liðið er nú fallið úr leik í úrslitakeppninni finnsku og hann því laus allra mála.** - esá


Kæri viðskiptavinur!

Við erum að hlaða batteríin!



BMW LAND-ROVER HYUNDAI RENAULT

Föstudaginn og laugardaginn 20. til 21. apríl verður fámennt en góðmennt í flestum deildum B&L vegna árshátíðarferðar starfsfólks.

Af þeim sökum getur afgreiðsla og önnur þjónusta við viðskiptavini tekið ívið lengri tíma en metnaður okkar stendur til.

Við ætlum okkur hins vegar að koma aftur til vinnu fullhlaðin af orku, sem mun skila sér í enn betri þjónustu við þig.

Með fyrirfram þökk,
starfsfólk B&L

B&L - Grjóthálsi 1 - 110 Reykjavík - 575 1200 - www.bl.is

Með bílinn handa þér



## RYAN PHILLIPPE

Fyrsta hlutverkið sem Ryan hlaut var í sápuóperunni One Life to Live, þá átján ára gamall. Það var þó ekki lítið hlutverk því persóna hans, Billy Douglas, var fyrsti samkynhneigði maðurinn í sögu bandarískra sjónvarpsþátta. Eftir að hafa leikið þar í tvö ár færði Ryan sig yfir í smærri hlutverk í bíómyndum og á árunum 1997 til 1999 lék hann í ýmsum unglingamyndum, þar á meðal myndinni I Know What You Did Last Summer sem sýnd verður á Stöð 2 Bíó kl. 22.00.

# dagskrá

## VIÐ TÆKIÐ: FREYR GÍGJA GUNNARSSON FLAUTAR MEÐ SVARTHÖFÐASTEFINU

# *Hið góða við Stöð 2 Bíó*

Kvikmyndatónlist leikur stórt hlutverk í kvikmyndum og hefur gert það síðan Charlie Chaplin var og hét. Snillingurinn samdi sína tónlist sjálfur og útsetti enda vissi snillingurinn sem var að það þýddi ekkert að fúska með slíka hluti. Kvikmyndaleikstjórar gera sér fyllilega grein fyrir því að velvaldar nótur geta haft úrslitaáhrif á dramatískri stund; þegar hetjan hittir fjandmanninn eða elskendur ná loks saman. Hvert einasta mannsbarn getur flautað blásarastef John Williams þegar Svarthöfði birtist á hvíta tjaldinu og sungið hástöfum með þegar Indiana Jones ríður framhjá á fáki sínum á flótta undan nasistum.

Og þegar kvikmyndatónlistin hljómar ein og sér kallar hún fram minningar um góðar stundir í bíó eða bara heima í stofu. Meistaraverk Howard Shore úr Hringadróttinssögu fær mig að minnsta kosti til að sleppa af mér beislinu, byrja að sveifla kústskaftinu og þykjast lemja á nokkrum orkum. Ennio Morricone hefur ósjaldan látið mig halda að ég gæti skotið af sexhleypu hraðar en skugginn og riðið burt frá smábænum sem ég hafði þá auðvitað bjargað frá óþjóðalýð og ribböldum.

Þá má ekki gleyma öllum þeim gömlu og góðum lögum frá gullaldarbörkum á borð við Frank Sinatra og Dean Martin sem ósjaldan hafa kallað fram tár í rómantískum gamanmyndum og fengið hjörtin til að slá í takt. Og það er kannski það besta við Stöð 2 Bíó um þessar mundir. Að á milli fáranlegra lélegra B-mynda stöðvarinnar hljóma kunnugleg stef og lög sem fá mann til að rifja upp hversu góðar kvikmyndir geta í raun orðið.



**INDIANA JONES** Sérhvert mannsbarn þekkir eða kannst við hið kunnuglega stef úr kvikmyndunum um fornleifafræðinginn ráðagóða.

## EKKI MISSA AF



▶ **21.15 Taggart - Tryggðabönd** SJÓNVARPIÐ



▶ **21.15 Beauty and the Geek** STÖÐ 2



▶ **20.00 Be Cool** STÖÐ 2 BÍÓ



▶ **22.45 Standoff** SIRKUS



▶ **21.00 Survivor: Fiji** SKJÁREINN

## SJÓNVARPIÐ

**17.05 Leiðarljós**

**17.50 Táknmálsfréttir**

**18.00 Músahús Mikka** (3:28)

**18.25 Ungar ofurhetjur** (23:26)

**19.00 Fréttir**

**19.30 Veður**

**19.35 Kastljós**

**20.10 Söngvakeppni evrópskra sjónvarpsstöðva 2007** (2:4) (Inför ESC 2007) Norræn þáttaröð þar sem kynnt eru lögin sem keppa í Helsinki 10. og 12. maí. Hvert Norðurlandanna sendi einn fulltrúa til Stokkhólms til að spá í lögin og gengi þeirra í keppninni.

▶**21.15 Taggart - Tryggðabönd** Skosk sakamálamynd þar sem rannsóknarlögreglumenn í Glasgow fást við snúið sakamál. Atriði í myndinni eru ekki við hæfi barna.

**22.30 Magnað rán** Þýsk bíómynd frá 2000. Frægur bankaræningi veikist alvarlega í fangelsi og er fluttur á hjúkrunarheimili. Konan sem annast hann grunar hann um græsku og fær hann til skipuleggja með sér sitt síðasta og mesta rán. Leikstjóri er Marek Kanievska og meðal leikenda eru Paul Newman, Linda Fiorentino og Dermot Mulroney.

**23.55 Minniháttar óhöpp** (Små ulykker) Sænsk/dönsk bíómynd frá 2002. Þegar maður missir konu sína í slysi koma börn hans heim og sameinast í sorginni. Leikstjóri er Annette K. Olesen og meðal leikenda eru Jørgen Kiil, Maria Rich, Henrik Prip, Jesper Christensen og Jannie Faurschou. Atriði í myndinni eru ekki við hæfi ungra barna.

**01.40 Útvarpsfréttir í dagskrárlok**

## STÖÐ 2 BÍÓ

**06.00 Be Cool**

**08.00 Virginia´s Run**

**10.00 Cat in the Hat, The**

**12.00 The Pacifier**

**14.00 Virginia´s Run**

**16.00 Cat in the Hat, The**

**18.00 The Pacifier**

▶**20.00 Be Cool** Framhald hinnar geysivinsælu gáskafullu glæpamyndar Get Shorty. Aðalhlutverk. John Travolta, Uma Thurman, Vince Vaughn.

**22.00 Fled**

**00.00 The Last Minute**

**02.00 Firestorm**

**04.00 Fled**

## STÖÐ 2

**07.20 Grallararnir**

**07.40 Tasmanía**

**08.00 Oprah**

**08.45 Í fínu formi 2005**

**09.00 Bold and the Beautiful**

**09.20 Forboðin fegurð**

**10.05 Most Haunted** (5.20)

**10.50 Fresh Prince of Bel Air 4**

**11.15 Strong Medicine** (15.22)

**12.00 Hádegisfréttir**

**12.45 Nágrannar**

**13.10 Valentína**

**13.55 Valentína**

**14.40 Joey** (11.22)

**15.00 The Apprentice**

**15.50 Kringlukast**

**16.13 Titeuf**

**16.38 Justice League Unlimited**

**17.03 Litlu Tommi og Jenni**

**17.28 Bold and the Beautiful**

**17.53 Nágrannar**

**18.18 Ísland í dag og veður**

**18.30 Fréttir**

**18.55 Ísland í dag, íþróttir og veður**

**19.40 The Simpsons** (11.22) (e)

**20.05 The Simpsons** (14.22)

**20.30 Leitin að strákunum** Eins og nafnið gefur til kynna gengur Leitin að Strákunum út á að finna sjónvarpsstjörnur framtíðarinnar og það verða hinir einu sönnu Strákar sem koma til með að stjórna leitinni og velja þá efnilegustu.

▶**21.15 Beauty and the Geek** (3.9)

**22.00 Chasing Liberty** Rómantísk gamanmynd með söng- og leikkonunni Mandy Moore í aðalhlutverki. Moore er hér í hlutverki Önnu Foster, dóttur forseta Bandaríkjanna sem er orðin langþreytt á öryggisgæslunni sem fylgir henni við hvert fótmál og ákveður því að stinga af og ferðast ein um Evrópu.

**23.50 Two Family House** Dramatísk kvikmynd. Aðalhlutverk. Michael Rispoli.

**01.35 Den of Lions**

**03.15 Balls of Steel** (2.6)

**03.50 Medium** (6.22)

**04.35 The Simpsons** (14.22)

**05.00 Leitin að strákunum**

**05.45 Fréttir og Ísland í dag**

**06.55 Tónlistarmyndbönd frá Popp TíVí**

## SIRKUS TV

**18.00 Insider** Í þessum þáttum fara stjórnendurnir með okkur í innsta hring stjarnanna þar sem við fáum að sjá einkaviðtöl, nýjustu upplýsingarnar og sannleikann á bakvið heitasta slúðrið í Hollywood.

**18.30 Fréttir**

**19.10 Seinfeld** (22.24) (e)

**19.40 Entertainment Tonight** Í gegnum árin hefur Entertainment Tonight fjallað um allt það sem er að gerast í skemmtanabransanum og átt einkaviðtöl við frægar stjörnur. Leyfð öllum aldurshópum.

**20.10 Ísland í dag og veður**

**20.40 Sirkus Rvk** Ásgeir Kolbeinsson er snúinn aftur með nýjan og betri þátt ásamt nýjum þáttastjórnendum. Ásgeir og co. eru að fylgjast með því sem er að gerast í menningarlífi Reykjavíkur. Áhersla er lögð á nýja staði, spennandi uppákomur, opnanir og frumsýningar; það nýjasta í tískunni, tónlist, kvikmyndum og almennt í afþreyingarlífinu.

**21.10 Dr. Vegas**

**22.00 Studio 60** (15.22) Spánnýr bandarískur framhaldsþáttur sem varpar gamansömu og trúverðugu ljósi á það sem gerist á bak við tjöldin í hinum litríka sjónvarpsheimi í Hollywood.

▶**22.45 Standoff** Nýir spennuþættir sem fjalla um samningamenn í gíslatökudeild FBI sem þykja þeir bestu í greininni. Matt og Emily eru þjálfuð í að tala sig út úr erfiðum aðstæðum og þau vita alltaf hvað fólk er að hugsa. Þau eiga einnig í ástarsambandi sem þau vilja fyrir alla muni halda leyndu. (6.19) Leyniskyttuárás bendir til þess að fjöldamorðingi sem aldrei náðist sé snúinn aftur eftir 8 ára hlé en ekki er þó allt sem sýnist í málinu. 2006.

**23.30 American Inventor**

**00.20 Seinfeld** (22.24) (e)

**00.45 Entertainment Tonight** (e)

**01.10 Tónlistarmyndbönd frá Popp TV**

## N4 SJÓNVARP NORÐURLANDS

**18.15 N4 Fréttir** og að þeim loknum veðurfréttir og magasínþáttur. Dagskráin er endursýnd á klukkutíma fresti til kl. 10.15 næsta dag.

**16.45** og **17.45 Átak með Guðrúnu Gísla**. Endursýning á klukkutíma fresti frá 05.45 til 09.45 næsta dag.

## OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.

## SKJÁREINN

**07.15 Beverly Hills 90210** (e)

**08.00 Rachael Ray**(e)

**08.45 Vörutorg**

**09.45 Melrose Place** (e)

**10.30 Óstöðvandi tónlist**

**13.15 European Open Poker** (e)

**14.45 Vörutorg**

**15.45 Skólahreysti** (e)

**16.45 Beverly Hills 90210**

**17.30 Melrose Place**

**18.15 Rachael Ray**

**19.00 Everybody Loves Raymond** (e)

**19.30 Still Standing**(e)

**20.00 Return to Jericho** (12.22) Sérstakur upprifjunarþáttur af Jericho, einum vinsælasta nýja þættinum í vetur. Sögusvið þáttanna er smábær í Kansas sem einangrast frá umheiminum eftir að kjarnorkusprengjur springa í bandarískum borgum.

▶**21.00 Survivor. Fiji** (10.15) Þættirnir eru sýndir glóðvolgir innan við sólarhring eftir að þeir eru frumsýndir í Bandaríkjunum.

**22.00 Kidnapped** (2.13) Hörkuspennandi þáttaröð. Syni milljónamærings er rænt og hann ræður sérfræðing til að endurheimta strákinn. Sá starfar utan ramma laganna og kemst fljótt á sporið. Tilraun lögreglunnar til að bjarga stráknum fór úrskeiðis. Nú er slóðin köld, þar til mannræninginn sendir hrollvekjandi skilaboð.

**22.50 Everybody Loves Raymond**

**23.15 European Open Poker** (9.16)

**00.45 The Dead Zone** (e)

**01.35 Beverly Hills 90210** (e)

**02.20 Melrose Place** (e)

**03.05 Tvöfaldur Jay Leno** (e)

**04.45 Vörutorg**

**05.45 Óstöðvandi tónlist**

## SKJÁR SPORT

**07.00 Liðið mit**t (e)

**14.00 Arsenal - Man. City** (frá 17. apríl)

**16.00 Man. Utd - Sheff. Utd**(frá 17.apríl)

**18.00 Upphitun**

**18.30 West Ham - Chelsea** (frá 18.apríl)

**20.30 Upphitun** (e)

**21.00 Liverpool-Middlesbrough**(frá18.)

**23.00 Liðið mitt** (e)

**00.00 Að leikslokum** (e)

**01.00 Dagskrárlok**




# Helgartilboð!

**Beinslausar BBQ kjúklingabringur**

**á aðeins 1490.- kr.kg**

GALLERÍ KJÖT

**Opið virka daga frá kl 10 -18:30 Laugardaga frá kl 11 -17 Grensásvegi 48 Búðarkór 1 Tjarnarvöllum 15 gallerikjot.is**

## Í KVÖLD

### STÖÐ 2 KL. 20.30
### Leitin að Strákunum



Í kvöld hefjast sýningar á raunveruleikaþættinum Leitin að Strákunum. Þetta er alíslenskur skemmtiþáttur sem gengur út á að finna sjónvarpsstjörnur framtíðarinnar og það verða hinir einu sönnu Strákar sem stjórna leitinni. 10 þátttakendur urðu fyrir valinu eftir áheyrnarprufur og munu Strákarnir leggja fyrir þá hinar ótrúlegustu þrautir og áskoranir. Strákarnir þurfa síðan að dæma um það hverjir standa sig best og hverjir falla úr keppni. Keppendurnir týna tölunni einn af öðrum, þar til þrír standa eftir sem sigurvegarar og fá að launum eigin sjónvarpsþátt á Sirkus.

### ▶ Við mælum með Söngvakeppni evrópskra sjónvarpsstöðva Sjónvarpið kl. 20.10

Norræn þáttaröð þar sem lögin sem keppa í Helsinki 10. og 12. maí eru kynnt. Hvert Norðurlandanna sendi einn fulltrúa til Stokkhólms til að spá í lögin og gengi þeirra í keppninni. Fulltrúi Íslands er Eiríkur Hauksson söngvari sem tvisvar hefur sungið í keppninni og syngur í ár lag Sveins Rúnars Sigurðssonar, Valentine Lost. Fulltrúar hinna Norðurlandanna í þessum þáttum eru þau Adam Duvå Hall frá Danmörku, Per Sundnes frá Noregi, Thomas Lundin frá Finnlandi og Charlotte Perelli frá Svíþjóð.



## RÁS 1 FM 92,4/93,5

**06.50** Bæn
**07.05** Morgunvaktin
**09.05** Óskastundin
**09.50** Morgunleikfimi
**10.13** Sagnaslóð
**11.03** Samfélagið í nærmynd
**12.00** Fréttayfirlit
**12.03** Hádegisútvarp
**12.20** Hádegisfréttir
**12.45** Veðurfregnir
**12.50** Dánarfregnir og auglýsingar
**13.00** Vítt og breitt
**14.03** Útvarpssagan: Sólskinsfólkið
**14.30** Miðdegistónar
**15.03** Flakk
**16.00** Síðdegisfréttir
**16.10** Veðurfregnir
**16.13** Hlaupanótan
**17.03** Víðsjá
**18.00** Kvöldfréttir
**18.24** Auglýsingar
**18.25** Spegillinn
**18.50** Dánarfregnir og auglýsingar
**19.00** Lög unga fólksins
**19.30** Óvissuferð - allir velkomnir
**20.10** Síðdegi skógarpúkanna
**21.05** „Þar sem allir bræðir titra"
**21.55** Orð kvöldsins
**22.15** Litla flugan
**23.00** Kvöldgestir
**00.10** Útvarpað á samtengdum rásum til morguns

**FM 90,9** Talstöðin **FM 99,4** Útvarp Saga **FM 98,9** Bylgjan **FM 95,7 FM957** / Topp tónlistarstöðin **FM 102,2** Útvarp Latibær / Fjölskyldu útvarp **FM 102,9** Lindin / Kristilegt efni **FM 96,7** Létt Bylgjan / Tónlist og afþreying **FM 105,5** Útvarp Boðun / Kristilegt efni **FM 88,5** XA-Radíó / 12 spora efni **FM 97,7** X-ið / Enginn viðbjóður

## SÝN

**07.00 Spænska bikarkeppnin** (Deportivo - Sevilla)
**16.30 Spænska bikarkeppnin** (Deportivo - Sevilla)
**18.10 Það helsta í PGA mótaröðinni**
**18.35 Gillette World Sport 2007**
**19.05 Spænski boltinn - upphitun**
**19.30 Meistaradeild Evrópu - fréttaþáttur**
**20.00 Pro bull riding** (Tacoma, WA - Oh Boy! Oberto Invitational)
**21.00 World Supercross GP 2006-2007** (SBC Park)
**22.00 Football and Poker Legends** Í heimsmótaröðinni í póker eru sautján mót sem fram fara víðs vegar um heiminn. Þar er keppt um stórar upphæðir og gjarnan eru þar atvinnumenn á ferð. Við og við eru svo haldin óhefðbundin mót þar sem stórstjörnum úr Hollywood eða íþróttum er boðið að setjast að spilaborðinu.
**23.35 Götubolti**
**00.00 NBA 2006/2007 - Regular season games** Bein útsending frá leik í úrslitakeppni NBA körfuboltans.

## FASTEIGNASJÓNVARPIÐ

**20.00 Nýjar eignir** Nýjustu eignirnar á markaðnum sýndar.
**21.00 Einbýlishús** Ertu að leita að einbýlishúsi – þú finnur það hér!
**22.00 Fjölbýli og hæðir** Litlar og meðalstórar eignir sýndar.
**23.00 Nýjar eignir** e.
**0.00 SMS eignir** Veldu þá eign sem þú vilt skoða með því að senda sms-skilaboð.

## DR 1

**6.00** Postmand Per **6.15** Noddy **6.30** Vind en SAAB! **7.30** Børneblæksprutten **7.45** Ungdomsprogram **8.00** Viften **8.30** Arbejdsliv - find et job! **9.00** Sølyst: Livets gang i kolonihaven **9.30** Dig og mig **10.00** TV Avisen **10.10** Task Force **10.35** Ud i naturen **11.00** Rabatten **11.25** Aftenshowet **12.20** Hjerterum **12.50** Nyheder på tegnsprog **13.00** TV Avisen med vejret **13.10** Flemmings Helte **13.30** Boogie Listen **14.30** F for Får **14.35** SvampeBob **15.00** Øreflip **15.30** Hunni*show **15.45** Den lille prinsesse **16.00** Aftenshowet **16.30** TV Avisen med Sport og Vejret **17.00** Disney Sjov **18.00** Hiv stikket ud med Master Fatman **19.00** TV Avisen **19.30** Lokkeduen **21.20** En fremmed flytter ind **23.00** Boogie Listen **5.30** Gurli Gris **5.35** Noddy **5.50** Disney Sjov

## NRK 1

**7.30** Berulfsens fargerike **8.00** Siste nytt **8.05** Schrödingers katt **8.30** Newton **9.00** Siste nytt **9.05** Oddasat - Nyheter på samisk **9.20** Distriktsnyheter **9.40** Fra Nordland **10.00** Siste nytt **10.05** Distriktsnyheter **10.20** Fra Møre og Romsdal **10.40** Fra Hordaland og Sogn og Fjordane **11.00** Siste nytt **11.05** Distriktsnyheter **11.20** Fra Aust- og Vest-Agder **11.40** Fra Buskerud, Telemark og Vestfold **12.00** Siste nytt **12.05** Distriktsnyheter **12.20** Fra Oslo og Akershus **12.40** Fra Østfold **13.00** Siste nytt **13.05** Anne fra Bjørkely **13.45** Dokumentar for barn: Tid for internatskole **14.00** Siste nytt **14.03** VG-lista Topp 20 **15.00** Siste nytt **15.10** Oddasat - Nyheter på samisk **15.25** VG-lista Topp 20 **15.55** Nyheter på tegnspråk **16.00** Franklin **16.15** Mekke-Mikkel **16.25** Lure Lucy **16.30** Sauen Shaun **16.40** Distriktsnyheter **17.00** Dagsrevyen **17.30** Norge rundt **17.55** Beat for beat **18.55** Nytt på nytt **19.25** F¢rst & sist **20.15** Inspektør Lynley **21.05** Kveldsnytt **21.20** Forloveren **22.25** Adresse Helsingfors **5.30** Pysjpopbaluba **5.31** Fiffi og blomsterbarna **5.40** Bosse **5.50** Harry med bøtta full av dinosaurer **6.00** Mikkes klubbhus

## SVT 1

**7.30** Samtal med **7.45** Keith on the road **8.15** Soñaba con una aventura **8.25** Courts de francais: Sur la route **8.45** Kaksi/två **9.15** Garage guld **10.00** Rapport **10.05** Mitt i naturen **10.35** Saras kök **11.05** Svenska slag **12.00** Hallå Europa **12.30** Arty **13.00** Argument **14.00** Rapport **14.10** Gomorron Sverige **15.00** Wild Kids **16.00** Lantmusen och stadsmusen **16.25** Herr Mask är bäst **16.30** Tillbaka till Vintergatan **17.00** Amigo **17.30** Rapport **18.00** Inför Eurovision Song Contest 2007 **19.00** Livvakterna **20.50** Rapport **21.00** Kulturnyheterna **21.10** Robins **21.40** The Mother **23.30** Sändningar från SVT24 **6.00** Bolibompa hälsar på







**BESTI BITINN Í BÆNUM**



*„Icelandic Fish and Chips er í miklu uppáhaldi hjá fjölskyldunni en þar er góður og hollur matur og þar má lita á dúkinn."*

Gerður Kristný rithöfundur.

# Ávaxtakarfan verður að sinfóníu

Þorvaldur Bjarni Þorvaldsson situr nú sveittur og semur hljómsveitarverk úr tónlist Ávaxtakörfunnar fyrir Sinfóníuhljómsveit Íslands. Áætlað er að það verði flutt 12. júní en þetta barnaleikrit Þorvalds og Kristlaugar Maríu Sigurðardóttur sló eftirminnilega í gegn þegar það var frumsýnt árið 1998. Það var síðan tekið aftur til sýningar árið 2003 og var aðsóknin engu síðri þá.

„Þetta er ótrúlega skemmtilegt efni og það er gaman að gera svona sinfónískt efni fyrir krakkana," útskýrir Þorvaldur Bjarni þegar Fréttablaðið náði tali af honum. „Söngleikurinn fjallar um liti og hvað allir eru ólíkir og ég ætla að leitast við að reyna að sýna hið ótrúlega fjölbreytta litróf hljómsveitarinnar þannig að börnin átti sig betur á hlutverki hennar," bætir Þorvaldur við en þetta er ekki í fyrsta skipti sem Sinfónían og Þorvaldur taka höndum saman því hljómsveitin í Todmobile hélt tónleika með sveitinni fyrir nokkrum árum þar sem lög hennar höfðu verið færð í stílinn.

Enn á eftir að semja við sögumenn og söngvara fyrir tónleikana en eftir því sem Fréttablaðið kemst næst munu þau Selma Björnsdóttir, Valgerður Guðnadóttir, Andrea Gylfadóttir, Örn Árnason og Björgvin Franz Gíslason lesa og bresta í söng þegar við á. Þorvaldur er annars að leggja lokahöndina á tónlistina fyrir kvikmyndina Astrópíu en nýlega auglýsti hann eftir lögum frá lítt þekktum hljómsveitum fyrir myndina. „Okkur hefur borist alveg heill hellingur af góðri tónlist og við ætlum að setjast niður eftir helgi til að hlusta á herlegheitin."



**ÞORVALDUR BJARNI** Semur hljómsveitarverk fyrir sinfóníuna upp úr barnaleikritinu Ávaxtakörfunni.



**SELMA BJÖRNSDÓTTIR** Lék á sínum tíma stórt hlutverk í Ávaxtakörfunni.



**ÖRN ÁRNASON** Verður að öllum líkindum einn af sögumönnunum.

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| 1 | ■ | 2 | 3 | 4 | 5 |
| 6 | 7 | ■ | 8 | | |
| 9 | | 10 | ■ | 11 | |
| 12 | | | 13 | | ■ |
| ■ | 14 | | | | 15 |
| 16 | | ■ | 17 | | |
| 18 | | 19 | ■ | 20 | |
| 21 | | | | ■ | |

**LÁRÉTT**
**2.** ilmur, **6.** lést, **8.** óhróður, **9.** angan, **11.** guð, **12.** lúkar, **14.** þokuleggja, **16.** skóli, **17.** upphrópun, **18.** flýtir, **20.** 999, **21.** prik.
**LÓÐRÉTT**
**1.** lífræn sýra, **3.** ónefndur, **4.** afríku dýr, **5.** svelgur, **7.** vera með fyrirgang, **10.** stúlka, **13.** traust, **15.** þurrka út, **16.** blaður, **19.** tveir.

**LAUSN**
**LÁRÉTT: 2.** angi, **6.** dó, **8.** nið, **9.** ilm, **11.** ra, **12.** káeta, **14.** tyrfa, **16.** ma, **17.** úff, **18.** asi, **20.** im, **21.** stig.
**LÓÐRÉTT: 1.** edik, **3.** nn, **4.** gíraffi, **5.** iða, **7.** ólátast, **10.** mey, **13.** trú, **15.** afmá, **16.** mas, **19.** ii.

**VEISTU SVARIÐ**

Svör við spurningum á bls. 8

1. Lækjargötu og Austurstræti
2. Cho Seung-Hui
3. Jón Viðar Matthíasson

ÖRNÓLFUR THORSSON ÓHEIMILT ER AÐ SELJA FÁLKAORÐUR

# Fálkaorður fyrir fúlgur fjár

Íslensk fálkaorða er á meðal muna sem orðu- og myntsalinn Najafgholi Chalabiani býður upp á eBay þessa dagana. Á heimasíðu fyrirtækisins Najaf Coins and Collectibles, sem Chalabiani rekur í Vancouver í Kanada, má finna ellefu íslenskar fálkaorður til viðbótar.

„Það er ljóst mál að það má ekki selja fálkaorður," sagði Örnólfur Thorsson forsetaritari um málið. „Það eru ákveðnar reglur um fálkaorðuna, og þær fela í sér að eftir að sá sem ber fálkaorðu er fallinn frá ber erfingjum að skila henni til embættisins. Hún á sem sagt ekki að fara úr höndum þess sem hana hlýtur nema til að koma til baka, það eru skýrar reglur," sagði Örnólfur.

Hann segist áður hafa orðið var við að fálkaorður séu boðnar upp á eBay eða svipuðum netsíðum, en veit ekki til þess að það hafi verið gert í slíku magni. „En ég bendi á það að það er ekki fullvíst að þarna sé um raunverulegar fálkaorður að ræða, þarna gætu verið eftirlíkingar á ferð," sagði Örnólfur.

Ekki er hægt að skera úr um hvort fálkaorðurnar á heimasíðu Chalabiani séu raunverulegar, en í orðsendingu frá Najaf Coins and Collectibles segist hann ábyrgast að allir munir séu ósviknir. Í samtali við Fréttablaðið sagðist Chalabiani kaupa orður um heim allan, annaðhvort í verslunum eða á uppboðum, en gaf ekki upp hvaðan þær íslensku væru fengnar. Hann sagðist þó finna fyrir nokkurri eftirspurn eftir íslenskum orðum. „Það eru ekki til það margar íslenskar orður, þetta er lítið land. En heimurinn er stór og það er alltaf hægt að finna einhvern áhugasaman," sagði Chalabiani, sem kvaðst ekki hafa selt margar íslenskar orður í gegnum tíðina. Sem upphafsboð á eBay setti Chalabiani tæplega 7.500 bandaríkjadali, eða um 490.000 íslenskar krónur. Sú dýrasta á heimasíðu hans kostar ríflega 700.000 íslenskar krónur. „En við vitum ekki hvort þær fara fyrir þetta verð," sagði Chalabiani.

Orðunni á uppboðssíðunni eBay fylgir skjal sem virðist vera undirritað af Vigdísi Finnbogadóttur, þó að erfiðara sé að átta sig á á hvern skjalið er stílað og hvenær það var afhent. Ekki er heldur hægt að skera úr um hvaðan orðan er komin. „Fálkaorður eru ekki númeraðar og því er ógerningur að rekja þær," sagði Örnólfur. Fjöldi þeirra sem þegið hafa fálkaorðu á lýðveldistíma liggur ekki fyrir, en unnið er að lokafrágangi heildarskrár yfir þá. Verður skráin aðgengileg innan skamms á heimasíðu embættisins. Í dag veitir forseti Íslands um tíu til fjórtán orður tvisvar sinnum á ári.

sunna@frettabladid.is



**SALA BROT Á REGLUM** Örnólfur Thorsson forsetaritari segir skýrar reglur gilda um fálkaorðuna og hana megi ekki selja. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA



**FÁLKAORÐA** Najafgholi Chalabiani býður tólf íslenskar fálkaorður til sölu á eBay og heimasíðu sinni.

**UPPRUNASKJAL?** Fálkaorðunni á eBay, þar sem lágmarks boð er 7.500 dalir, fylgir þetta skjal, sem virðist undirritað af frú Vigdísi Finnbogadóttur.

**FRÉTTIR AF FÓLKI**

Það var fríður hópur Íslendinga sem var samankominn á Upton Park, heimavelli West Ham, á miðvikudagskvöldið. Eins og Fréttablaðið hefur greint frá söng **Garðar Thor Cortes** fyrir vallargesti. **Sigurður G. Guðjónsson**, lögmaður og blaðaútgefandi, var þarna mættur með fríðan hóp manna og sjálfur stjórnarformaðurinn **Eggert Magnússon** tók á móti þeim á besta stað á vellinum. Þá kom **Björgólfur Guðmundsson** í annarri vél til London og með í för voru vinirnir **Jóhannes Jónsson í Bónus** og **Binni í Blómavali**. Góðir straumar frá öllum Íslendingunum dugðu þó ekki til að koma í veg fyrir stórtap fyrir Chelsea.



Bruninn í miðbænum kom við kaunin á skemmtanaþyrstum Reykvíkingum. Pravda hefur sungið sitt síðasta í bili og um tíma var talið ólíklegt að Hressó yrði opið um helgina. Sem betur fór reyndist þessi ótti ástæðulaus, staðurinn hefur opnað aftur. Sú sem fagnaði þessum lyktum líklega mest var þó veðurfréttakonan **Soffía Sveinsdóttir** á Stöð 2. Hún hafði bókað Hressó fyrir þrítugsafmæli sitt um helgina og upplifði því annasaman dag og nótt með áhyggjur af því hvort af stórveislunni yrði.



Tónleikaferð hljómsveitarinnar Sigur Rósar um Ísland síðasta sumar verður gert skil í bók um hljómsveitina sem kemur út í júníbyrjun. Bókin heitir „In a Frozen Sea: A Year With Sigur Ros" og í henni verður að finna myndir aðdáenda, viðtöl og umfjöllun um tónleikaferðina hér á landi. Höfundur bókarinnar er **Jeff Anderson** sem er sagður mikill aðdáandi **Jóns Þórs Birgissonar** og félaga í Sigur Rós. Bókina verður annaðhvort hægt að kaupa eina og sér eða í pakka með sérpressuðum vínylútgáfum af breiðskífum hljómsveitarinnar. - hdm



# Íslensk ástarsaga slær í gegn á netinu

Stuttmynd Kosta Ríka-búans Estebans Richmon um samband sitt við fyrirsætuna Heiðveigu Þráinsdóttur hefur slegið í gegn á YouTube.com. Tengill á umrætt myndband, Love Story on My Space, hefur gengið manna á milli á netinu við miklar vinsældir.

Tenglasíðan 69.is setti upp tengil á heimasíðu sinni og yfir átta þúsund manns hafa barið myndbandið augum samkvæmt talningu YouTube. Þegar Fréttablaðið náði tali af Heiðveigu í gær baðst hún undan því að tjá sig um málið.

Myndbandið er ákaflega tilfinningaþrungið og segir greinir Esteban frá því hvernig þau kynntust í gegnum My Space. Fljótlega hafi þau farið að ræða málin á msn og loks hafi Heiðveig komið í heimsókn til hans í Suður-Ameríku. En þegar fyrirsætan var komin aftur heim hafi hins vegar slitnað upp úr sambandinu. Esteban er ekki sáttur við þær lyktir mála og bjó hann myndbandið til án samþykkis Heiðveigar.

Þegar farið er inn á heimasíðu Kosta Ríka-búans á My Space má augljóslega sjá að hann hefur kolfallið fyrir Heiðveigu því hana prýðir mikill fjöldi mynda af henni og þeim tveim saman. „Ég trúði því ekki að svona stelpur væru til," skrifar Esteban. „En vegir ástarinnar eru órannsakanlegir og þetta litla ævintýri sannar það," bætir hann við.

- fgg



**HEIÐVEIG ÞRÁINSDÓTTIR** Vildi ekkert tjá sig um myndbandið sem hefur gengið ljósum logum á netinu.








SÝNINGUM Á ÍSLANDI FER FÆKKANDI
40 UPPSELDAR SÝNINGAR!
Pabbinn
„Besta skemmtunin í Reykjavík!“ J.V.
„Sjúklega fyndið“ S.H.H
PIPAR • SÍA • 60335
Síðustu sýningar Pabbans á Íslandi eru eftirtaldar:
Reykjavík - Iðnó við Tjörnina:
20/4, 21/4, 27/4, 4/5, 5/5, 10/5, 11/5, 18/5, 1/6, 2/6, 7/6.
Akureyri – LA í Samkomuhúsinu:
24/5, 25/5, 26/5. Miðasala hefst 25. apríl.
Bolungarvík – Félagsheimili Bolungarvíkur
28/4. Miðasala í síma 898-6489 .
Tryggið ykkur miða strax.
Ekki missa af þessari
einstöku skemmtun.
IÐNÓ
midi.is
THORSSON PRODUCTIONS
www.pabbinn.is | Iðnó S: 5629700
PABBINN HELDUR Í VÍKING HAUSTIÐ 2007

FRÉTTABLAÐIÐ

**SÍMANÚMER FRÉTTABLAÐSINS:** 550 5000, fax: 550 5099 **Ritstjórn:** 550 5005, fax: 515 7506, ritstjorn@frettabladid.is
**DREIFING:** dreifing@posthusid.is **Auglýsingadeild:** auglysingar@frettabladid.is **Veffang:** visir.is

VIÐ SEGJUM FRÉTTIR

SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER 550 5000

SMÁAUGLÝSINGAR FRÉTTABLAÐSINS
Stórmarkaður í stofunni heima
PÖNTUNARSÍMI 550 5000
EÐA Á VISIR.IS



BAKÞANKAR

BERGSTEINS SIGURÐSSONAR

# Bál

Það fór allt í bál og brand síðasta vetrardag þegar óþyrmilegasta höfuðskepnan gerði sig heimakomna í nokkrum þekktustu brunagildrum Reykjavíkurborgar. Sem betur fer varð ekki mannskaði. Kannski er það vegna þess að ég er ekki uppalinn í Reykjavík að ég ber hryssingslega litlar taugar til húsanna sem urðu eldinum að bráð; Kebabhúsið og Pravda skipuðu ekki stóran sess í mínu hjarta. Ég hef alltaf hálfvorkennt sagnfræðingum sem lóðsa fólk um „gömlu Reykjavík“ og reyna að útskýra hvað sé svona merkilegt við húsin sem hýsa Strawberry Club, Café Victor og Vegas Champaigne [svo] Club. Þessi dagur markaði engu að síður tímamót í mínum huga, straumhvörf, því í fyrsta sinn sá ég holdgervingu hins nýslegna hugtaks athafnastjórnmála.

**FYRIR FRAMAN** mig hef ég ljósmynd, líklega glæsilegustu ljósmynd sem ég hef séð af núlifandi, íslenskum stjórnmálamanni. Í gráum reykjarmekki stendur Vilhjálmur Þ. Vilhjálmsson borgarstjóri í rauðum samfestingi og með bláan hjálm, einarður til augnanna horfir hann upp, með svip sem segir: „Hér er eldur. Hann þarf að slökkva.“

**ÉG VIÐURKENNI** að ég leit á það sem tómt tal þegar Vilhjálmur gekk fram fyrir skjöldu á sínum tíma og lýsti yfir að nú væri tími athafnastjórnmála runninn upp. Þar sem ég horfði á atburðarásina við Lækjartorg í beinni útsendingu og sá Vilhjálm við rústirnar gat ég aftur á móti ekki annað en hálfblygðast mín fyrir að hafa ekki greitt honum mitt atkvæði fyrir ári. Dindlarnir sem ég kaus hefðu ábyggilega bara komið sér vel fyrir á Bernhöftstorfunni, með sín umræðustjórnmál, og rætt málið í þaula undir snarkinu í eldinum. En ekki Vilhjálmur. Hann er ekki maður sem talar „no-nonsense“, heldur gerir „no-nonsense“. Á meðan enn skíðlogaði í kofunum tók hann af öll tvímæli um að þeir yrðu reistir aftur: „Það er ekki um neitt annað að ræða.“

**SÁ VILHJÁLMUR** sem birtist okkur síðasta vetrardag var stjórnmálaforingi af gamla skólanum, valdmikill og stútfullur af þesslags karlmennsku sem aðeins einkennisbúningur getur fært manni. Ég þurfti að hugsa út fyrir landsteinana til að finna samanburð, til manna á borð við Winston Churchill og Charles deGaulle. Ég sá nýja hlið og kraftmikla á borgarstjóranum; mann sem veður eld fyrir borgarana, foringja sem hlúir að þegnum sínum í lófa sér en kremur andstæðingana í járngreip sinni.

**EMBÆTTISTÁKN** borgarstjórans í Reykjavík verður héðan í frá ekki hálsmen í mínum huga, heldur hjálmur. Vilhjálmur.

Gefðu vatn
Hjálparstarf kirkjunnar
www.help.is

JÓNSSON & LE'MACKS • jl.is • SÍA




## Ný helmingaskipt húsnæðislán með lægri vöxtum

**50% erlendar lágvaxtamyntir - 50% íslenskar krónur.** Þannig færðu lánið á lægri vöxtum en býrð við mun minni gengisáhættu en ef lánið væri 100% í erlendri mynt. Fáðu nánari upplýsingar og ráðgjöf í útibúum Glitnis eða í þjónustuveri síma í 440-4000.

| SAMANBURÐUR Á LÁNUM | VEXTIR | GENGISÁHÆTTA | GREIÐSLUBYRÐI | EIGNAMYNDUN |
|---|---|---|---|---|
| 100% íslenskar krónur** | 4,95% | Engin | Lág | Hæg |
| NÝTT HELMINGASKIPT LÁN*** | 4,50%* | Hófleg | Lág | Í meðallagi |
| 100% erlend myntkarfa**** | 6,14%* | Mikil | Há | Hröð |

GLITNIR

* M.v. vaxtatöflu og 1 mánaða libor vexti 13.04.2007 ** Verðtryggt jafngreiðslulán
*** 50% íslenskar krónur / 50% erlent lán í CHF og JPY **** EUR, USD, GBP, CHF og JPY